

8

Matvælalöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum



18

Vísbendingar um að ræktunarstarfið hafi leitt til minni meyrni



24

Fólki er freklega misboðið

Bændablaðið

6. tölublað 2019 • Fimmtudagur 28. mars • Blað nr. 535 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Stjórn Bændasamtaka Íslands eftir breytingar sem gerðar voru á ársfundi sem haldinn var í Hverageröi 15. mars eftir að Sindri Sigurgeirsson sagði af sér formennsku. Talið frá vinstri: Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti, sem er nýr formaður stjórnar og fyrsta konan sem gegnir því embætti. Þá er Einar Ófeigur Björnsson, bóndi í Lóni II, sem er varaformaður, Eiríkur Blöndal, bóndi á Jaðri, Guðrún Lárusdóttir, bóndi í Keldudal, sem kemur ný inn í aðalstjórn, og Gunnar K. Eiríksson, bóndi á Túnsbergi. Mynd /HKr.

Ríkisstjórn samþykkti í síðustu viku að leggja orkupakka 3 frá ESB fyrir Alþingi til væntanlegrar samþykktar:

Orkupakki 3 mun stórskaða íslenska garðyrkju, heimili og allt atvinnulíf

– segir formaður Sambands garðyrkjubænda og telur að fyrirvari um sæstreng breyti þar engu um

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, segir þann fyrirvara um sæstreng sem ríkisstjórn Íslands hyggst gera við innleiðingu á orkupakka 3 frá ESB ekki halda vatni. Eftir standi að orkupakkinn eins og hann leggur sig sé óbreyttur og innleiðing hans muni stórskaða íslenska matvælaframleiðslu, heimili og atvinnulíf.

Ríkisstjórn samþykkti í síðustu viku að leggja orkupakka 3 fyrir Alþingi til væntanlegrar samþykktar. Var frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 sett inn á samráðsgátt stjórnvalda 22. mars og einungis gefinn kostur á að senda umsagnir í fjóra daga, eða til 26. mars.

Gunnar segir ekkert hafa breyst síðan í haust þegar hann sagði m.a. á forsíðu Bændablaðsins að innleiðing orkupakkans myndi leiða til stórhækkunar á orkuverði.

„Mér líst ekkert á þetta og get ekki skilið af hverju íslensk þjóð á ekki að fá að vera sjálf með sína orkustefnu á sínum forsendum þar sem við erum ekki tengdir neinum öðrum. Hvers vegna í veröldinni þurfum við að taka upp Evrópureglur til að stýra okkar eigin málum?“

Hann segist standa við fyrri orð



Gunnar Þorgeirsson. Mynd / smh

sín og segir málið grafalvarlegt fyrir Ísland og íslensku þjóðina og undrast áhugaleysi margra þingmanna á þessari stöðu.

„Það er algjörlega ljóst í mínum huga að við innleiðingu á orkupakka 3 og hækkandi raforkuverði í kjölfarið verða ekki framleiddir hér framar tómatar, gúrkur, jarðarber eða grænmeti sem krefst raflýsingar. Kryddjurtirnar frá mér myndu örugglega hverfa úr verslunum.“

Getum ekki sett í Evrópureglur hvað sem okkur sýnist

„Ég veit ekki til þess að Evrópusambandið sætti sig við að við setjum inn í þeirra reglugerðir það sem okkur sýnist. Ekki var það í hráakjötsmálinu.

Mér finnst það mjög athyglisvert ef menn ætla bara að setja þessar tvær línur inn í samþykkt á orkupakkanum að ekki komi til lagningar rafstrengs á milli Evrópu og Íslands nema með samþykki Alþingis. Það þykir mér mjög léttvægt og hvað með allt annað sem felst í pakkanum? Ég sé því hvergi hreyft í þessum ágæta texta. Á þetta að vera viðbót við orkupakka 3 sem á að skrifa undir gagnvart Evrópusambandinu? Eða á þetta bara að vera sérstök bókun sem Alþingi gerir bara fyrir okkur til að dást að á sunnudögum? Ég dreg stórlega í efa að við getum breytt samningnum sem ESB leggur fyrir í orkupakka 3. Norðmenn gátu það ekki. Hjáróma bókun þar við hliðina sem á að veifa framan í íslenska þjóð heldur alls ekki vatni þegar við mætum fyrir ESA.

Ef það á að skrifa undir þennan orkupakka eins og hann lítur út núna á grundvelli Evrópusambandsins þá hlýtur þessi ákvörðun um að við ætlum ekki að heimila sæstreng nema með sérstöku samþykki Alþingis að vera kæranleg til ESA. Ef við skrifum undir orkupakkann, erum við þá ekki búin að afsala okkur þessu? Er þá ekki líklegast að ESA komist að þeirri niðurstöðu að hér gildi frjálst flæði fjármagns og afurða? Við höfum þegar reynslu af slíkum kærum og þær hafa allar fallið með ESB.“

Hvað er búið að semja um við Breta?

„Maður spyr sig líka hvaða samkomulag utanríkisráðherra er búinn að gera við Breta í tengslum við Brexit. Á að heimila Bretum að kaupa héðan orku eins og þeir hafa sóst eftir að fá? Hvort sem Bretar fara úr ESB eða ekki þá er orkukerfi þeirra beintengt evrópska orkunetinu og um það gilda ákvæði orkupakkanna.“

IceLink-verkefnið komið lengra en menn hafa þorað að viðurkenna

„Það skiptir engu máli þótt menn segist draga sig út úr IceLink-verkefninu til að koma orkupakkanum í gegnum þingið. Það verkefni er greinilega komið mun lengra en menn hafa þorað að viðurkenna opinberlega og auðvelt að setja það í gang aftur,“ segir Gunnar.

IceLink-verkefnið er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Landsnets og National Grid Interconnector Holdings Ltd. um lagningu sæstrengs til Bretlands. IceLink er inni á PCI-lista (e. Projects of Common Interest). Það er á verkefnaskrá ACER, orkustofnunar ESB, sem hóf starfsemi i Ljubliana í Slóveníu árið 2011. IceLink er þar inni sem liður í víðtækri samþættingu orkunets Evrópu.

Gegn ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Gunnar segir undarlegt ef ráðherrar Sjálfstæðisflokksins ætli að leggja þetta mál fram á þingi og ganga þannig gegn ályktun atvinnuveganefndar á landsfundi flokksins um iðnaðar- og orkumál. Þar segir m.a. orðrétt:

„Sjálfstæðisflokkurinn hafnar frekara framsali á yfirráðum yfir íslenskum orkumarkaði til stofnana Evrópusambandsins.“

„Hefur landsfundur Sjálfstæðisflokksins þá ekkert vægi? Menn leita í grasrótina þegar það þarf að kjósa, en svo þegar það er búið virðist grasrótin ekki skipta neinu máli,“ segir Gunnar Þorgeirsson. */HKr.*

– Sjá nánar á bls. 2

FRÉTTIR

Okkar fullveldishagsmunir að Landsvirkjun verði áfram í ríkiseign

– segir forsætisráðherra, sem segist ekki óttast að orkupakki þrjú leiði til hærra orkuverðs ef ekki verður lagður sæstrengur

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagðist í samtali við Bændablaðið ekki vera hrædd um að orkuverð hækki hér á landi við innleiðingu á orkupakka þrjú, ef sæstrengur verður ekki lagður.

„Það er búið að vinna gríðarlega mikla undirbúningsvinnu vegna þriðja orkupakkans. Þar hefur ferða-, nýsköpunar-, iðnaðar- og dómsmálaráðherra komið að málum ásamt utanríkisráðherra.

Þær áhyggjur sem garðyrkjubændur hafa lýst yfir vegna þessa máls tengjast fyrst og fremst því hvaða áhrif það myndi hafa á orkuverð ef til kæmi raforkusæstrengur til Evrópu. Nái þingmál ríkisstjórnarinnar fram að ganga þá verður raforkusæstrengur ekki lagður nema með samþykki Alþingis. Þær reglur sem eiga við um flutning raforku yfir landamæri



Katrín Jakobsdóttir. Mynd / HKr.

eru innleiddar með þeim fyrirvara að þær koma ekki til framkvæmda fyrr en og ef Alþingi samþykkir að leggja slíkan streng og það er ekki á dagskrá. Í sjálfu sér er ekkert annað í þessum orkupakka sem kallar á hærra orkuverð.“

– Nú gerir EES-samningurinn ekki ráð fyrir að eitt orkuframleiðslufyrirtæki geti haft jafn yfirgnæfandi markaðsstöðu og Landsvirkjun er með. Má þá ekki búast við að því fyrirtæki verði skipt upp og síðan selt einkaaðilum í hlutum?

„Það var gerð krafa í öðrum orkupakkanum um uppbrot og aðskilnað á milli dreifingar á orku og framleiðslu. Við þingmenn Vinstri grænna andmæltum því. Það er ekkert í innleiðingu þriðja orkupakkans um að menn gangi lengra í þeim efnum en gert var í öðrum orkupakkanum – það er áfram í gildi svipuð efnisleg undanþága sem sett var við innleiðingu annars orkupakkans. Það hefur hins vegar verið til skoðunar af hálfu ríkisstjórnarinnar að Landsnet verði alfarið í eigu ríkisins og aðskilið frá Landsvirkjun og öðrum orkufyrirtækjum en það tengist ekki evrópskum tilskipunum.

Mín pólitíska skoðun er sú að raforkukerfi Evrópusambandsins byggist um of á markaðslögmálunum. Það er samt erfitt að bregðast núna við því sem gert var við innleiðingu á orkupakka tvö. Ég lít hins vegar svo á að það sé einstök staða Íslands að okkar stöndugustu orkufyrirtæki eru í almannaeigu. Það eru gríðarlegir hagsmunir fyrir þjóðina. Sömuleiðis eru þjóðlendurnar almannaeign, þannig að ég held að við höfum alveg einstakt tækifæri í hópi Evrópulanda til að halda stjórninni á okkar auðlindum. Þess vegna er svo mikilvægt að Landsvirkjun verði áfram í ríkiseign. Ég mun algjörlega standa föst á því sjónarmiði, því þetta eru verðmæti inn í framtíðina. Ekki bara efnahagsleg, heldur tengist það líka okkar fullveldishagsmunum,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. */HKr.*

Ríkisstjórnin samþykkir að leggja þriðja orkupakkann fyrir Alþingi

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum föstudagsmorguninn 22. mars tillögu utanríkisráðherra um að leggja fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (orka) við EES-samninginn.

Í fréttatilkynningu um málið segir m.a.:

„Með þingsályktunartillögunni heimilar Alþingi að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku svonefnds þriðja orkupakkans í EES-samninginn. Tillagan inniheldur fyrirvara um að áður en grunnvirki verði reist sem gera mögulegt að flytja raforku milli Íslands og orkumarkaðar Evrópusambandsins verði lagagrundvöllur gerðanna endurskoðaður og komi ákvæði hennar sem varða tengingar yfir landamæri ekki til framkvæmda fyrr en að þeirri endurskoðun lokinni.


Helstu atriði:

- Ríkisstjórnin hefur samþykkt að senda til Alþingis þingsályktunartillögu um innleiðingu þriðja orkupakkans.
- Þær reglur sem eiga við um flutning raforku yfir landamæri eru innleiddar með þeim lagalega fyrirvara að þær komi ekki til framkvæmda nema að Alþingi heimili lagningu raforkustrengs. Þá þarf jafnframt að taka á nýjan leik afstöðu til þess hvort reglurnar standist stjórnarskrá.
- Allir fræðimenn sem að málinu hafa komið eru sammála um að sú leið sem lögð er til við innleiðingu sé í fullu samræmi við stjórnarskrá.
- Sameiginlegur skilningur íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB á gildi þriðja orkupakkans er að stór hluti ákvæða hans gilda ekki eða hafi neina raunhæfa þýðingu fyrir Ísland á meðan enginn raforkusæstrengur er til staðar á innri raforkumarkað ESB.
- Enn fremur er þar áréttað að ákvörðunarvald um raforkustrengi milli Íslands og innri raforkumarkaðar ESB liggi alfarið hjá íslenskum stjórnvöldum.
- Um er að ræða orkupakka á íslenskum forsendum. Hann er tekinn upp í íslenskan rétt á þeirri forsendu að Ísland er ekki tengt við raforkumarkað ESB.

Þriðji orkupakkinn er safn ESB-gerða sem varða innri markað fyrir raforku og gas innan ESB. Hann



Guðlaugur Þór Þórðarson.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

er framhald á markaðsvæðingu framleiðslu og sölu á raforku, sem var innleidd hér á landi með fyrsta og öðrum orkupakkanum í gegnum raforkulög árin 2003 og 2008. Þriðji orkupakkinn felur í sér, eins og hinir tveir fyrri, ákvæði um rétt neytenda og neytendavernd, aðgang að flutnings- og dreifikerfum rafmagns, gagnsæi á markaði, aðskilnað samkeppnisrekstrar (framleiðslu og sölu) frá sérleyfisrekstri (flutningi og dreifingu) og fleira í þá veru.

Utanríkisráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hafa undanfarin misseri unnið að undirbúningi málsins í heild. Af hálfu utanríkisráðuneytisins hefur fyrst og fremst verið horft til þess hvort upptaka þeirrar löggjafar sem felst í þriðja orkupakkanum fari í bága við stjórnarskrá. Þar hefur verið sérstaklega vísað til þess að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 713/2009, um að komið verði á fót samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði (ACER), feli í sér framsal á ríkisvaldi sem ekki standist stjórnarskrá.

Til að fá úr þessu skorið leitaði utanríkisráðherra til fjögurra sérfræðinga: Stefáns Más Stefánssonar, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, og Friðriks Árna Friðrikssonar Hirst lögfræðings; Skúla Magnússonar, héraðsdómara og dósents við lagadeild Háskóla Íslands, og Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Landsrétt. Skúli og Davíð komust í sínum álitsgerðum að þeirri niðurstöðu að upptaka og innleiðing þessara ákvæða í óbreyttri mynd væri í samræmi við íslenska stjórnskipan en Stefán Már og Friðrik Árni töldu í sinni álitsgerð að með því væri ríkisvald framselt í meiri mæli en stjórnarskráin heimilaði.

Til að gæta fyllstu varúðar mun reglugerð (EB) nr. 713/2009 því verða innleidd í íslenskan rétt með hefðbundnum hætti, en með lagalegum fyrirvara um að lagagrundvöllur reglugerðarinnar verði endurskoðaður áður en grunnvirki verði reist sem gera mögulegt að flytja raforku milli Íslands og orkumarkaðar ESB. Þannig verði tryggt að ákvæði reglugerðarinnar sem varða tengingar yfir landamæri komi ekki til framkvæmda fyrr en að lokinni endurskoðun lagarammans. Við þá endurskoðun verði tekið sérstaklega til skoðunar á vettvangi Alþingis hvort innleiðing hennar við þær aðstæður samræmist íslenskri stjórnarskrá.“

Sameiginlegur skilningur um gildi orkupakkans

„Þann 20. mars síðastliðinn ræddu þeir Guðlaugur Þór og Miguel Arias Cañete, orku- og loftslagsmálastjóri Evrópusambandsins, um þriðja orkupakkann með hliðsjón af aðstæðum hérlendis. Í fréttatilkynningu þeirra um sameiginlegan skilning um gildi þriðja orkupakkans gagnvart Íslandi kemur fram að stór hluti ákvæða hans, þ.e. þau sem varða viðskipti og grunnvirki fyrir raforku yfir landamæri, gilda ekki eða hafi neina raunhæfa þýðingu fyrir Ísland á meðan enginn raforkusæstrengur er til staðar á innri raforkumarkað ESB. Enn fremur er þar áréttað að ákvörðunarvald um raforkustrengi milli Íslands og innri raforkumarkaðar ESB liggi alfarið hjá íslenskum stjórnvöldum. Er það í samræmi við yfirlýsingu norskra stjórnvalda, sama efnis, í tengslum við innleiðingu þriðja orkupakkans í Noregi.“

Hef tekið gagnrýni mjög alvarlega

„Ég hef tekið gagnrýni sem fram hefur komið vegna þriðja orkupakkans mjög alvarlega og því leitað ráðgjafar hjá virtustu sérfræðingum okkar á þessu sviði. Ég tel hafið yfir allan vafa að með þeirri lausn sem ég legg til á grundvelli þessarar ráðgjafar felst enginn stjórnskipunarvandi í upptöku og innleiðingu þriðja orkupakkans í íslenskan rétt.

Með því að útiloka stjórnskipulega óvissu hefur stærstu hindruninni verið rutt úr vegi fyrir innleiðingu og upptöku þriðja orkupakkans. Í þessu sambandi skiptir líka afar miklu máli sá sameiginlegi skilningur sem fram kom í viðræðum okkar orkumálastjóra Evrópusambandsins um þá sérstöðu sem Ísland nýtur gagnvart sameiginlegum orkumarkaði. Nú hafa skapast forsendur til að taka umræðuna á þingi um hvað raunverulega felst í orkupakkanum,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra leggi fram á Alþingi fyrir lok þessa mánaðar þingsályktunartillögu um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (orka) við EES-samninginn.

Líka breyting á raforkulögum

Þá er gert ráð fyrir að dómsmála-, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra leggi fram á Alþingi á næstu dögum annars vegar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun, til innleiðingar á þriðju raforkutilskipun ESB, þar sem kveðið er á um sjálfstæði raforkueftirlits Orkustofnunar og valdheimildir þess, og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, og tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þar sem kveðið er á um að ekki verði ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis.

Á sameiginlegum þingflokksfundi stjórnarflokkanna 20. mars sl. var ákveðið að draga til baka umsókn um sæstrengsverkefnið IceLink inn á fjórða PCI-listann (e. Projects of Common Interest). Hefur erindi þess efnis þegar verið sent.

Sameiginlegur skilningur Íslands og Evrópusambandsins

„Við höfum undanfarna mánuði reynt að upplýsa, útskýra og miðla hvað felst í þriðja orkupakka ESB og fengið til liðs við okkur sérfróða aðila á því sviði og birt þær upplýsingar. Við höfum tekið gagnrýnis- og efasemdaraddir alvarlega og undirbúið málið eins vandlega og faglega og unnt er. Eftir samræmda vinnu liggur nú fyrir sameiginlegur skilningur Íslands og Evrópusambandsins á nokkrum grundvallaratriðum er varða þriðja orkupakkann og gildi hans á Íslandi, að teknu tilliti til sérstöðu íslenska raforkumarkaðarins. Ég tel það mikilvægt meðal annars varðandi fullan sjálfsákvörðunarrétt okkar í tilfelli tenginga við önnur raforkukerfi og nýtingu okkar orkuauðlinda, og verður það undirstrikað í frumvarpi mínu að ekki verði ráðist í tengingu raforkukerfis Íslands við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir dómsmála-, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Stjórnskipunarvandinn settur til hliðar að sinni

Stefán Már Stefánsson prófessor vann ásamt Friðriki Árna Friðrikssyni Hirst álitsgerð um stjórnskipuleg álitamál tengd framsali ríkisvalds til stofnana ESB og EFTA vegna þriðja orkupakka ESB.

„Með þessari leið er stjórnskipunarvandinn settur til hliðar að sinni og reglugerðin innleidd á þeim forsendum að þau ákvæði hennar sem fjalla um flutning raforku yfir landamæri eigi ekki við hér á landi og hafi því ekki raunhæfa þýðingu. Það þýðir í raun að gildistaka þeirra er háð tilteknum frestsskilyrðum, Grunnforsenda þessarar lausnar er sú að þriðji orkupakkinn leggi ekki skyldur á Ísland til að koma á fót grunnvirkjum yfir landamæri heldur sé ákvörðun um það alfarið á forræði Íslands,“ segir Stefán meðal annars.

Skúli Magnússon, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, vann einnig álitsgerð um stjórnskipuleg álitamál tengd framsali ríkisvalds til stofnana ESB og EFTA vegna þriðja orkupakka ESB.

„Mín niðurstaða er sú að innleiðing reglugerðarinnar samræmist íslenskum stjórnlögum og gangi raunar skemur í framsali valdheimilda heldur en til dæmis framsal vegna evrópsks fjármálaeftirlits sem samþykkt var hér á landi fyrir ekki svo löngu,“ segir Skúli Magnússon dósent.

Háð samþykkt allra EFTA-landanna

Bæði Noregur og Liechtenstein hafa aflétt stjórnskipulegum fyrirvara af sinni hálfu vegna þriðja orkupakkans en ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar tekur ekki gildi fyrr en öll EFTA-ríkin innan EES hafa aflétt fyrirvaranum.“ */HKr.*



Mikið úrval af nýjum vélum á lager.

6 Premium línan með stiglausri skiptingu.

5R línan með sjálfskiptingu.

Allar vélar með fjaðrandi hásingu og húsi.

- **Viðurkenndir JD varahlutir**
- **Hágæða dráttarvéladekk frá Trelleborg og Mitas**
- **John Deere olíur og glussar**
- **Rafgeymar**
- **Rúlluvagnar**
- **Úrval af aukahlutum fyrir landbúnaðartæki.**













Avant vinnuvélar og aukahlutir í miklu úrvali.

Avant eru mest seldu tækin í þessum flokki véla á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu.



Merlo skotbómulyftarar í öllum stærðum og allir með 40 km hraða og dempun á bómu.

Merlo 27.6 : 6.500.000 kr + vsk*

**Enginn uppítaka*

Fylgstu með okkur á facebook.
Slóðin er : Íslyft ehf




Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

www.islyft.is s. 564 1600

FRÉTTIR



Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga hefur rofið 100 tonna múrinn í æviafurðum.

Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga:

Hefur rofið 100 tonna mjólkurmúrinn

Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga hefur rofið 100 tonna múrinn í æviafurðum, en hún hafði í lok febrúar síðastliðinn mjólkað 99.821 kíló mjólkur yfir ævina. Dagsnyt hennar hefur verið ríflega 16 kíló og reikna menn því með að Braut hafi mjólkað sínu 100 þúsundasta kílói mjólkur þann 12. mars eða þar um bil.



Séð yfir bæinn Tjörn á Skaga.

Braut 112 er fædd 12. september árið 2005, dóttir Stígs 97010 og Þúfu 026 frá Tjörn og er hún því á fjórtánda ári. „Hún hefur svo sannarlega skilað sínu," segir Bjarney Jónsdóttir, bóndi á Tjörn. Hún lýsir Braut þannig að hún hafi alla sína tíð verið heilsuhraust, ungleg og spræk, með sterka fætur, heilbrigt og gott júgur, verið góð að éta og haldið sínum holdum. „Hún er okkar langbesti gripur," segir Bjarney.

Hefur borið níu sinnum

Braut bar sínum fyrsta kálfi þann 23 .október 2007 og hefur borið níu sinnum síðan þá, síðast 12. febrúar 2017.

Mestum afurðum á einu ári náði Braut árið 2011 þegar hún mjólkaði 10.961 kíló en hún hefur fjórum sinnum náð ársafurðum upp á meira en 10 þúsund kílóum, 2010 (10.007 kg), 2011 (10.961 kg), 2012 (10.190 kg) og 2017 (10.699 kg). Mestu mjólkurskeiðsafurðir hennar eru á yfirstandandi mjólkurskeiði sem er orðið æði langt. Hún er nú komin í 19.220 kíló frá síðasta burði. Á sínu 5. mjólkurskeiði mjólkaði hún hins vegar 14.630 kíló. Þessar upplýsingar má finna á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Fátítt er að kýr nái 14 vetra aldri en ekki síður er mjög sjaldgæft að þær skili svo miklum afurðum sem raun ber vitni með Braut 112. Vissulega hefur tímans tönn sett sitt mark á kúna nú þegar hún er komin á sín efri ár. */MÞÞ*

Breytingar á félagsgjöldum BÍ

Á nýafstöðnum ársfundi Bændasamtakanna var samþykkt að hækka árleg félagsgjöld. Félagsgjaldið er nýtt til þess að gæta hagsmuna bænda og reka Bændasamtökin en félagsmenn þeirra eru rúmlega 3.140 talsins. Á ársfundinum kom fram að fjölga þyrfti félagsmönnum til þess að treysta betur rekstur samtakanna.

Grunngjald fyrir A-aðild að samtökunum hækkar úr 47.000 krónum í 54.000 krónur. A-aðild fylgja full félagsleg réttindi fyrir tvo einstaklinga sem standa saman að búrekstri. Hækkunin nemur 14,8% en 2.000 krónur af gjaldinu renna í Velferðarsjóð BÍ.

B-aðild, fyrir einstaklinga sem standa að búi umfram tvo, verður 15.000 kr. á ári. Félagsmenn með C-aðild, þ.e. þeir sem standa fyrir rekstri sem telst minni háttar og með veltu undir 1,5 milljónum á ári, greiða 17.000 krónur á ári. Þar af renna 2.000 krónur í Velferðarsjóð. Aukaaðild að BÍ, fyrir þá sem styðja markmið samtakanna, verður 15.000 krónur árið 2019.

Margvísleg réttindi

Með aðild njóta félagsmenn ýmissa réttinda, s.s. afslátta af tölvuforritum, leigu á orlofsíbúð, sérkjara á gistingu á Hótel Sögu, stuðnings Velferðarsjóðs og ráðgjafar um ýmis málefni sem snerta bændur. Þá er ótalið þeir hagsmunir sem felast í samtakamætti heildarinnar, s.s. við hagsmunagæslu og ímyndar- og kynningarmál.

Full aðild að BÍ veitir félagsmönnum rétt til að gegna trúnaðarstörfum og njóta kjörgengis til kosninga um þá samninga sem gerðir eru í nafni Bændasamtakanna þegar það á við. Einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld njóta réttinda sem félagsmenn í Bændasamtökum Íslands. Greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum eru sendir út í mars á hverju ári. Hægt er að gerast félagi í BÍ með því að skrá sig á vefsíðu samtakanna, bondi.is. */TB*

Vöktun Matvælastofnunar á sýklalyfjaónæmum bakteríum 2018:

Sýklalyfjaónæmar bakteríur voru í heilbrigðisvottuðu kjöti frá Spáni

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að sýklalyfjaónæmar bakteríur sem fundust við skimun í íslenskum lömbum hafi fundist í þörmum lambanna en ekki kjöti þeirra. Hér var ekki um að ræða sjúkdómsvaldandi bakteríur heldur bakteríur sem hafa ónæmi fyrir sýklalyfjum eða geta þróað ónæmi og dreift í aðrar bakteríur.



Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

„Ég tel að ekki megi nota niðurstöðuna til að afvegaleiða umræðuna um góða stöðu sýklalyfjaónæmis í íslenskum landbúnaði. Það alvarlega í þessu máli er að samkvæmt skýrslu Mast er hingað til lands flutt kjöt með heilbrigðisvottorð sem samt inniheldur sýklalyfjaónæmar og sjúkdómsvaldandi bakteríur."

Við vöktun Matvælastofnunar á sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum árið 2018 voru í fyrsta sinn tekin sýni úr íslenskum lömbum til skimunar. Í 4% þeirra 70 lamba sem voru skimuð greindust ESBL/AmpC myndandi E. coli í þörmum þeirra en engar slíkar bakteríur greindust í kjöti þeirra.

Sjúkdómastaða hér á landi er einstök

Unnsteinn segir að þetta hafi að vissu leyti komið á óvart. „Við höfum svo sem alltaf vitað að hér á landi finnast sýklalyfjaónæmar bakteríur eins og alls staðar nema hvað tíðni þeirra er mjög lág hér á landi og það er sú staða og okkar einstaka sjúkdómastaða sem við eigum að verja.

Þar sem þetta er í fyrsta sinn sem lömb hér á landi eru skimuð með þessum hætti höfum við ekkert til að miða við varðandi það hver þróunin hefur verið. Samkvæmt skýrslu Mast er tíðni ónæmu bakteríanna svipuð á öðrum Norðurlöndunum en minna en almennt er í Evrópu.

Ég bendi líka á að bakteríurnar fundust í þörmum lambanna en ekki í kjöti og því má ekki nota niðurstöðuna til að afvegaleiða umræðuna. Ástandið hér þegar kemur að sýklalyfjaónæmi er eitt það besta í heiminum. Það finnast aðrar tegundir sýklalyfjaónæmra baktería sem við viljum alls ekki fá til landsins."

Sýklalyfjaónæmar bakteríur í vottuðu innfluttu kjöti

Í skýrslunni kemur líka fram að sýklalyfjaónæmar bakteríur hafi fundist í svínakjöti innfluttu frá Spáni sem þó var að fullu heilbrigðisvottað.

„Það er auðvitað gífurlega alvarlegur hlutur. Getum við treyst þeim heilbrigðisvottunum sem fylgja innfluttum kjötafurðum? Þetta hvetur okkur til þess að efla frekar eftirlit með innflutningi."

Ekki vitað um uppruna bakteríanna

Í skýrslu Mast segir að hvernig ónæmar bakteríur bárust í lömbin eða hvort ónæmið myndaðist í lömbunum sé ekki vitað og ekki heldur hvort um aukningu sé að ræða. Líkt og í öðru búfé, eru íslensk lömb ekki laus við bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum eða sem geta þróað slíkt ónæmi og dreift í aðrar bakteríur. */VH*



Arnar Árnason, bóndi á Hranastöðum, var endurkjörinn formaður Landssambands kúabænda. Mynd / HKr.

Aðalfundur Landssambands kúabænda:

Samstaða mikilvæg kúabændum

Aðalfundur Landssambands kúabænda var haldinn um síðustu helgi. Fagþing nautgriparæktarinnar var haldið samhliða fundinum. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var farið yfir skýrslu formanns og skýrsluhald í nautgriparækt.

Fundargestir voru sammála um að samstaða kúabænda væri mikilvæg til að standa vörð um hagsmuni stéttarinnar.

Arnar endurkjörinn formaður

Arnar Árnason að Hranastöðum var endurkjörinn formaður Landssambands kúabænda á fundinum. Úr stjórninni gekk Pétur Diðriksson að Helgavatni og Jónatan Magnússon að Hóli, Önundarfirði kom inn í hans stað.

Arnar segir að stóru málin á aðalfundinum hafi verið endurskoðun búvörusamninga, framleiðslustýringarmál og tollamálin.

„Kúabændur voru búnir að kjósa um framleiðslustýringu fyrir fundinn og ákveða að þeir vilji viðhalda kerfinu í greininni, fyrir fundinum lá að útfæra fyrirkomulagið. Helstu breytingar á kerfinu eru þær að miðað við búvörusamninginn var gert ráð fyrir að stýringarkerfið færi út. Nú er aftur á móti búið að ákveða að halda því áfram og því þarf að breyta samningnum í þá veru. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta fyrirkomulagi stuðningsbreiðslnanna.

Kúabændur standa saman

Arnar segir að á fundinum hafi komið greinilegur vilji kúabænda til að standa þéttar saman um að verja hagsmuni sína og bændastéttarinnar í heild.

„Ég fór yfir þetta í minni ræðu og fundarmenn tóku undir þetta og að við þyrftum að berja í brestina eins og kom skýrt fram í kvótakosningunni þar sem útkoman var mjög skýr."

Tollamálin eru risastór málaflokkur fyrir allan landbúnað en ekki bara kúabændur og nautgriparækt, segir Arnar.

„Tollverndin hefur rýrnað að verðgildi og er hætt að halda og tilgangslaust að hafa tolla ef þeir virka ekki. Við viljum því fara í þá vinnu með stjórnvöldum enda höfum við fundið fyrir skilningi úr þeirri átt að undanförnu."

Samþykkt að hækka félagsgjöld

Á fundinum var samþykkt að hækka félagsgjald til LK um 10%, eða úr 0,30 krónur á lítra í 0,33 krónur á lítra mjólkur sem lagður er í afurðastöð og úr 500 krónur á grip í 550 krónur á grip í UN, KU og K flokkum sem slátrað er í afurðastöð, utan úrkasts. */VH*

FOSSAR

ÍSLENSK EINBÝLISHÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



Landshús kynna hagkvæma lausn fyrir þá sem eru í byggingarhugleiðingum



Fossar - einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri. Kerfið er að hluta til forsmíðaðar einingar og að hluta til forsniðið efni.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

Húsin uppfylla íslenska byggingarreglugerð allstaðar á landinu.

Byggingarlýsing

- Húsin eru hönnuð á steypta plötu sem kaupandi útvegar
- Útveggjagrind er úr 45mm x 145mm timbur (C24)
- Utanhússklæðning er standandi bandsagað greni
- Þaksperrur:
  - Yfir stofu og eldhúsi: 45mm x 248mm (loft tekið upp - C24)
  - Yfir svefnálmu: Kraftsperrur (loft tekið niður - C24)
- Þakefni er litað stál, upptekið á legtur með Siga þakdúk í undirlag
- Rennur, flasningar og vatnsbretti er litað stál
- Hurðir og gluggar er úr timbri með tvöföldu gleri og kemur málað og glerjað, tilbúið til ísetningar. Læsingar eru frá Assa.
- Öll einangrun í þak, útveggi, loft og milliveggi, rakasperra, lagnagrind og klæðning í loft, útveggi og milliveggi er innifalin.
- Húsin afhendast ósamsett
- **ATH. Allar byggingarnefndarteikningar eru innifaldar í verði fyrir staðlaðar útfærslur**

Lausn sem hentar

Einstaklingum
Byggingarverktökum
Sveitarfélögum

Valmöguleikar

Hægt er að:



- Breyta stærð húss:
  - Stækka stofu og eldhús
  - Stækka svefnálmu, fjölga herbergjum eða stækka
  - Stækka bílskúr
- Hafa hús með eða án bílskúr (einfaldur eða tvöfaldur)
- Fjölga, fækka eða breyta gluggum og hurðum
- Uppfæra glugga og hurðir í ál/tré
- Uppfæra utanhúsklæðningu í viðhaldsfría lerkiklæðningu

STAÐLAÐAR ÚTFÆRSLUR



FOSS 1 | *Stærð íbúðar: **102 fm***
*Verð: **13.566.000,-***



FOSS 2 | *Stærð íbúðar: **119 fm***
*Verð: **15.410.000,-***



FOSS 3 | *Stærð íbúðar: **145 fm***
*Verð: **18.270.000,-***



FOSS 4 | *Stærð íbúðar: **145 fm** | Stærð bílskúrs: **35 fm***
*Samtals: **180 fm** | Verð: **22.680.000,-***



FOSS 5 | *Stærð íbúðar: **153 fm** | Stærð bílskúrs: **58 fm***
*Samtals: **211 fm** | Verð: **25.305.000,-***

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbygginga hér á landi.

EFLA

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Samkeppnismisvægi

Íslenskur landbúnaður hefur tekið algjörum stakkaskiptum á síðustu 100 til 200 árum samhliða umbyltingu þjóðfélagsins. Í dag er íslenska þjóðin orðin ein sú ríkasta í heimi með full yfirráð yfir eigin auðlindum í sjó og á landi. Þar eru samt alvarlegar blikur á lofti hvað varðar mismunun í samkeppnisstöðu og ásælni erlendra ríkja í íslenska orku og aðrar auðlindir.

Á ársfundi Bændasamtaka Íslands sem haldinn var þann 15. mars síðastliðinn voru flutt nokkur áhugaverð erindi um möguleika sem felast í íslenskum landbúnaði. Þar má nefna lífræna framleiðslu af öllu tagi sem er hér nánast óplægður akur, en er ört vaxandi í okkar nágrannaríkjum.

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi, sagði þar m.a. frá þeim góða árangri sem honum og hans fólki hefur tekist að ná við ræktun á höfrum og framleiðslu á alíslensku haframjöli. Benti hann einnig á þá mismunun sem íslenskum bændum er gert að búa við í kornrækt gagnvart kollegum á hinum Norðurlöndunum varðandi framfylgni við evrópskar aðbúnaðarreglugerðir.

Þeir sem gerst þekkja til í þessum efnum segja þó að grunnreglurnar samkvæmt EES samningnum séu þær sömu. Hins vegar er framkvæmd eftirlits og eftirfylgni með framkvæmd reglugerða oft með gjörólíkum hætti. Eins og hvað varðar notkun alls konar hjálparefna í landbúnaði sem hér á landi eru lítið eða ekkert brúkuð.

Í skýrslu Evrópusambandsins sem birt var 2017 um sjálfbæra notkun hjálparefna á borð við skordýraeitur og gróðureyðingarefni, kom í ljós að innan ESB-landanna er á þessu mikill misbrestur. Flest ESB-landanna hafa ekki fylgt eftir innleiðingu á reglugerðum um þessi mál og sum þeirra hafa ekki einu sinni markað sér stefnu á þeim vettvangi. Það á m.a. við um notkun á eiturefninu glyfosat sem rannsóknarstofnanir hafa staðfest að getur verið hættulegt mönnum.

Í ræktun búfjár hafa kjötframleiðslugreinar í Evrópu líka komist upp með að nota marghátttuð sýklalyf sem vaxtarhvetjandi efni til að framleiða ódýrara kjöt. Það hefur leitt til vaxandi útbreiðslu á sýklalyfjaónæmum bakteríum sem er farið að skaða heilbrigðiskerfið og valda stórfelldu manntjóni. Slíkt er með öllu óheimilt á Íslandi og er ekki stundað. Það er reyndar líka sagt ólöglegt í ESB-ríkjunum, en hefur ekki verið fylgt eftir. Vegna þessa hafa íslenskir bændur því alls ekki staðið jafnfætis erlendum kollegum sínum við framleiðslu á nautakjöti, alifuglakjöti og svínakjöti.

Stöðugt eru gerðar kröfur um aukið heilnæmi kjötafurða og annarrar matvöru. Slíkum kröfum ber að fagna. Það er því dapurlegt þegar hart er gengið fram í því að fullkomið frelsi verði gefið til að flytja inn hrátt kjöt frá erlendum bændum sem sniðganga allar reglur sem íslenskum bændum er gert að fara eftir. Hvernig er hægt að ætlast til að íslenskir bændur keppi við slíkan sóðaskap á jafnréttisgrunni?

Enn skal höggvið í sama knérunn íslenskra bænda. Nú er það ásælni í okkar orkulindir sem er undir með innleiðingu á orkupakka 3 frá Evrópusambandinu. Samband garðyrkjubænda hefur varað mjög sterklega við þeim áformum. Það myndi leiða til verulegra hækkana á orkuverði fyrir almenning og framleiðslufyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. í garðyrkju. Slíkt myndi rýra lífskjör almennings og draga mjög úr samkeppnishæfni innlendrar framleiðslu. Mörg garðyrkjufyrirtæki legðu mögulega niður starfsemi auk ótalinna áhrifa á aðrar innlendar framleiðslugreinar. Svo ekki sé talað um aukið kolefnisspor vegna aukningar á matvælainnflutningi. – Er þetta virkilega það sem Íslendingar vilja? */HKr.*

Hvert ætlum við að stefna?

Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is





Breytingar eru hluti af lífinu. Þær verða ýmist vegna einhvers sem við ákveðum sjálf að breyta eða einhverju sem breytist í umhverfi okkar og við höfum lítil áhrif á. Þær breytingar sem við ákveðum sjálf hafa eitthvert markmið – og við erum þá að stefna þangað.

En hvert stefnir íslenskur landbúnaður? Öll viljum við framleiða góðar vörur á sem hagkvæmastan hátt og hafa af því sanngjarna afkomu. En hvað svo? Hver er framtíðarsýn okkar bænda varðandi landbúnaðinn sem við stundum? Hvernig mynduð þið, lesendur góðir, orða þá framtíðarsýn? Hugsið aðeins um það.

Allur heimurinn er að tala um landbúnað. Allur heimurinn er að velta fyrir sér framtíðinni og fæðunni. Umræðan á Íslandi er hins vegar sett upp á svolítið öðrum forsendum eins og til dæmis orðræðan um innflutning á ófrystu kjöti sýnir. Er það svo að bændur deili þessari sýn? Nú er það alltaf svo að mál í umræðu dagsins geta stundum yfirskyggt stærri sýn á málið, en mig langar til að biðja ykkur að lyfta umræðunni aðeins yfir átakalínuna um innflutning á kjöti og horfa til lengri framtíðar.

Framtíðarsýn

Ég á mér skýra sýn um framtíð landbúnaðar á Íslandi og hvar hann verður staddur eftir einn til tvo áratugi.

Við verðum nær sjálfbær og rekum öflug fjölskyldubú um allt land. Við framleiðum allt svínakjöt, kjúkling, egg, nautakjöt og lambakjöt sem neytt er í landinu. Grænmetisrækt er orðin meiri háttar atvinnugrein eftir að tekin var ákvörðun um að nýting orkuauðlindanna yrði frekar á sviði garðyrkju og ræktunar en stóriðju. Mjólkurframleiðslan er í blóma þar sem við gerum út á sérstöðu okkar og ferðaþjónustan treystir á að bændur byggi landið allt. Loðdýraræktin nær sér á strik, hrossaræktin ber hróður okkar um víða veröld og íslenska geitin hefur vart undan að framleiða mjólk í verðmæta geitaosta. Skógar landsins skapa bændum stöðugar tekjur og lífræn ræktun, sala beint frá býli og ýmis hlunnindanýting vex hratt.

Sveitin er eftirsótt af ungu fólki sem skapar sér líf úti á landi því það er fullt af tækifærum bæði í hefðbundnum búskap, nýsköpun tengdri búskapnum eða annarri starfsemi. Innviðir sveitanna eru í góðu standi þar sem landið er orðið ljóstengt, þriggja fasa rafmagn komið á alla bæi og vegirnir hafa verið bættir og eru nú allir malbikaðir.

Á Íslandi ríkir sátt um metnaðarfulla landbúnaðarstefnu. Bændur eru öflugir þátttakendur í að ná markmiðum Íslands í loftslagsmálum með uppgræðslu og skógrækt. Lögð er áhersla á að landbúnaðurinn sé eins vistvænn og hægt er.

Þetta er mín framtíðarsýn, en saman verðum við íslenskir bændur að móta okkar. Við þurfum að velta fyrir okkur á breiðum grunni hvernig við viljum sjá þróunina í landbúnaðinum til frambúðar. Við eigum að setja okkur metnaðarfulla stefnu, þar sem bæði er tekið á því hvernig við viljum sjá landbúnaðinn þróast en ekki síður um þau skref sem við viljum taka til þess að framleiðslan sé í fullkominni sátt við umhverfið. Hvaða leiðir viljum við fara til að ná þessum markmiðum?

Framtíðin er full af tækifærum

Á næstu vikum hefst vinna Bændasamtaka Íslands við að rýna og móta betur stefnu íslenskra bænda. Að verkinu munu koma starfsmenn okkar og aðildarfélög. Þessi stefna á og þarf að verða lifandi plagg sem gefur glögga mynd af því hvert við viljum stefna. En til þess að þetta verði stefnan okkar þá viljum við fá sem flestar hugmyndir.

Kæru bændur, skrifið niður ykkar sýn eða áherslur því nú köllum við eftir hugmyndum ykkar. Sendið á framtid@bondi.is ykkar sýn. Spennandi verður að heyra frá ykkur. Framtíðin er full af tækifærum og það er okkar val hvernig við nýtum þau tækifæri! Ég hlakka til hennar.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Innri-Fagridalur á Skarðsströnd við innanverðan Breiðafjörð. Geitadalur til vinstri, en beint fram undan er Fagridalur. Hæst gnæfir Skeggöxl í 813 metra hæð. Mynd / HKr.

LÍF & STARF



Norðlenska hreppti titilinn Frumkvöðull ársins og greinilegt að starfsmenn eru kampakátir með þá viðurkenningu. Myndir / MÞÞ

Local Food Festival haldinn í Hofi Akureyri:

Margmenni á matvælasýningu

Margmenni sótti matvælasýninguna Local Food Festival sem haldin var í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri á dögunum. Félagið Matur úr héraði á Norðurlandi stendur fyrir þessum viðburði annað hvert ár. Alls tóku 38 fyrirtæki þátt og kynntu matvæli af margvíslegu tagi og gáfu gestum að smakka. Markaðstorg var á svæðinu, vínsvæði og þá sýndi Iðnaðarsafnið alls kyns varning sem tengdist matvælaiðnaði fyrri tíðar.

Viðburðir af ýmsu tagi voru í boði. Klúbbur matreiðslumeistara á Norðurlandi stóð fyrir kokkakeppni og var hún þrískipt, forréttakeppni matreiðslunema, aðalréttakeppni matreiðslumanna og eftirréttakeppni bakara og matreiðslunema/-manna.

Sigursælir frá Strikinu

Í nemakeppninni var dagskipun sú að útbúa rétt úr bleikju og blómkáli sem aðalhráefni og setja saman á 30 mínútum fyrir framan áhorfendur. Sigurvegari í þeirri keppni varð Bjarni Þór Ævarsson hjá Strikinu. Í kokkakeppninni var markmiðið að elda lamb á tvo vegu og höfðu keppendur 30 mínútur til að skila af sér fullbúnum rétti til dómara. Árni Þór Árnason hjá Strikinu fór með sigur af hólmi í þeirri keppni. Loks var eftirréttakeppni þar sem kokkar og bakarar útbjuggu eftirrétt sem innihélt m.a. Ricotta ost og vanillu og höfðu líkt og hinir 30 mínútur til að setja réttinn saman. Sá sem vann til fyrstu verðlauna í þessum flokki var Jón Arnar Ómarsson hjá Strikinu.

Málþing um matvælaframleiðslu og orkunýtingu

Eimur sem er samstarfsverkefni um bætta nýtingu orkuauðlinda og nýsköpum í orkumálum á Norðurlandi eystra efndi til málþings í tengslum við sýninguna með yfirskriftinni „Tækifæri og takmarkanir“. Þar var fjallað um vaxandi þörf fyrir framleiðslu matvæla og möguleikana til nýtingar jarðhita við framleiðsluna og við frekari vinnslu matvæla. Snæbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Eims, fjallaði um tækifæri í fjölnýtingu jarðhita og Sigurður Markússon, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, um orkufreka matvælaframleiðslu og hvort þar væri komin ný stoð í grænu hagkerfi. Arnar Freyr Jónsson, rekstrarstjóri Silfurstjörnunnar, fjallað um landeldi á laxi í Öxarfirði með jarðhita og Christin Schröder, skordýrabóndi á Húsavík, ræddi um þá áskorun að byggja upp skordýraræktun á Norðurlandi. Loks hélt Rannveig Björnsdóttir, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri, erindi sem nefndist; Verðmætasköpun úr hliðarafurðum matvæla-framleiðslu, tækifæri og takmarkanir.



Matarkista Skagafjarðar þótti eiga fallegasta básinn.


Milli fjöru & fjalla á Grenivík var með frumlegasta bás Local Food-sýningarinnar.


Það var vinsælt að smakka á Fjallalambi frá Kópaskeri.

Viðurkenningar

Uppboð var haldið til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis og bauðst gestum þá að bjóða í ýmsa hluti, m.a. matarboð fyrir allt að 10 manns þar sem kokkar úr Klúbbi matreiðslumeistara á Norðurlandi sjá um veisluna. Um 250 þúsund krónur söfnuðust á uppboðinu.


Gestum og gangandi bauðst að smakka á kræsingum af ýmsu tagi.

Veitt voru verðlaun fyrir fallegasta og frumlegasta bás sýningarinnar og einnig verðlaun sem nefnast Frumkvöðull ársins í mat og matarmenningu. Matarkista Skagafjarðar þótti eiga fallegasta básinn, Milli fjöru og fjalla var með frumlegasta bás sýningarinnar og Norðlenska hreppti titilinn Frumkvöðull ársins. */MÞÞ*

MÆLT AF MUNNI FRAM

222

Fyrst verða birtar lesendum þrjár vísur eftir **Höskuld Einarsson** frá Vatnshorni. Ekki man ég til þess að hafa séð þær fyrr. Þær rötuðu hingað norður, eftir eitt af ánægjufullum símtölum við **Sigríði Höskuldsdóttur** á Kagaðarhóli. Hún romsaði þeim upp úr sinni munnlegu geymd og vonandi hefur mér lánast að hafa þær réttar eftir dóttur skáldsins:

Fyrsta vísan er ort eftir að **Höskuldur** flutti suður til Reykjavíkur:

Ég er að skima allt um kring
er einhver að kalla.
Nú fer að grænka lauf og lyng
í lautunum upp til fjalla.

Landið mitt er lítið breytt
líti ég til fjalla.
Ég kannast við það kalt og heitt,
kosti þess og galla.

Hugurinn flýgur heim í sveit
halli ég mér til náða,
sé ég þá í sauðaleit
„sóðana“ mína báða.

Næsta vísa er haldin eftir **Magnús Einarsson** frá Hrófbergi við Steingrímsfjörð:

Víninu hvolfdi korðatýr
koks um foldar bekki.
Pipruðu holdið pelar þrír,
en pottinn þoldi hann ekki.

Sr. Hallgrímur Pétursson orti svo til borgfirskrar bóndadóttur:

Held ég nú í hendina á þér,
hana ég fyrir mér virði.
Engin er sú, sem af þér ber
í öllum Borgarfirði.

Jón R. Thorarensen, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps, sendi vísu þessa með skilagrein til Seðlabankans:

Ég greiði öllum sem greiða ber
og gjöri við alla kvitt,
svo Drottinn fær það sem Drottins er
þótt djöfullinn hafi sitt.

Vigfús Þ. Jónsson á Vatnsenda í Eyjafirði kvað, er **Ólöf Sigurðardóttir**, síðar húsfreyja í Fjósakoti, var ung og ógefin heima í Leyningi:

Ef ég skunda á Ólu fund,
aðrir blund er fanga,
halla mundi ég höfði um stund
hennar undir vanga.

Enn er tilefni til að birta illviðravísur þótt komið sé yfir sumarmál. **Valdimar S. Long** kvað:

Dimmir höllum drafnar í,
dynja fjöll af veðragný,
sveiflast mjöllin, sorta ský,
sveipa völlinn klæði ný.

Eftir **Guðmund Inga á Kirkjubóli** er þessi:

Víða grátt er veðurfar,
varla dátt er gaman.
Höfuðáttir heyja þar
hríðarsláttinn saman.

Inni er kalt en úti rok,
ískrar hurð til gátta.
Víst eru komin vökulok,
við skulum fara að hátta.

Jónas Jónsson frá Hörgsdal kvað, er leikrit **Indriða Einarssonar** „Skipið sekkur“ var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1903. Alls urðu sýningarnar níu:

Allt má gera í einum svip,
Indriði hefur smíðað skip.
Aldrei fer það á saltan sjó,
en sekkur á hverju kvöldi þó.

Jón M. Pétursson í Hafnardal orti til stúlku einnar:

Svo ei festi angurs ís
inn við hjartarætur,
vertu minna draumadís
dimmar vetrarnætur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Stjórnvöld telja nauðsynlegt að bregðast við EES-dómunum og afnema frystiskyldu á hráum matvælum:

Matvælalöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum

– Hún snýst meira um frjálsa för og hrein viðskipti milli landa, segir Katrín Jakobsdóttir

Að undanförnu hafa drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og matvæli vakið hörð viðbrögð meðal sérfræðinga í sýkla- og veirufræðum sem og hjá bændum. Var þetta einnig til umræðu á ársfundi Bændasamtakanna sem haldinn var í Hveragerði föstudaginn 15. mars, m.a. í ræðu Katrínar Jakobsdóttur forsætisráherra sem telur matvælalöggjöf Evrópusambandsins um margt gallaða.

Í útskýringum með frumvarpsdrögunum segir m.a. að á síðustu tveimur árum hafa bæði EFTA-dómstóllinn og Hæstiréttur Íslands staðfest að íslensk stjórnvöld hafi með þessu brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum. Þá hafi skaðabótaskylda íslenska ríkisins vegna þessa verið staðfest. Með hliðsjón af því er lagt til með frumvarpi þessu að núverandi leyfisveitingarkerfi verði afnumið.

Stjórnvöld sett í erfiða stöðu

Í viðtali við Bændablaðið fyrir fundinn Í Hveragerði sagði Katrín að dómurinn setti stjórnvöld auðvitað í mjög erfiða stöðu.

„Ég held að það séu allir sammála um það að mikilvægt sé að hleypa ekki EES-samningnum í uppnám. Um leið hefur umræðan breyst að mínu mati mjög mikið og fólk er að átta sig betur á því að matvælalöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum eins og ég kýs að kalla það. Það er að segja hvað varðar matvælaöryggi og fæðuöryggi eins og við viljum sjá það á tuttugustu og fyrstu öldinni.“

Ráðherra leggur áherslur á að reisa nýjar varnir

„Það sem ráðherrann [Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] hefur verið að leggja áherslu á er að það verði reistar nýjar kamfýlóbakter- og salmonelluvarnir. Sömuleiðis hefur hann lagt af stað í verkefni með heilbrigðisráðherra hvað varðar sýklalyfjaónæmi. Ég veit að ráðherrann mun eiga fundi með Evrópusambandinu um þau mál.

Það sem ég held að staðan kalli á er að við þurftum að bregðast við dómnum. Við þurfum hins vegar líka að fara í þá vinnu sem þarf til að tryggja þá einstöku stöðu sem við erum með gagnvart búfjársjúkdómum.“

Smitað svínakjöt flutt til landsins og vottað sem ósmitað af ESB

Í síðustu viku birti Matvælastofnun (MAST) frétt um vöktun á sýklalyfjaónæmi í kjöti og dýrum á árinu 2018. Náði skimunin til 900 bakteríustofna. Þar kemur fram að sýklalyfjaónæmi sé til staðar í íslensku búfé en minna en í flestum Evrópulöndum og í sumum tilfellum ekkert.

Ekkert salmonelluónæmi fannst t.d. í alifuglum. Þá fannst ekki MÓSA (methicillin ónæmir Staphylococcus aureus) í svínum hér á landi, en sú baktería hefur breiðst ört út í Evrópu. Hins vegar fundust reyndust tveir salmonellustofnar sem voru ónæmir fyrir sýklalyfjum í svínakjöti á markaði hérlendis. Voru báðir stofnarnir fjólónæmir.

Kjötið var frá Spáni og því hafði fylgt salmonelluvottorð við innflutning. Kjötið var innkallað, en bar vöruheitið Lúxus grísakótilettur.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðhera á ársfundi Bændasamtaka Íslands. Þar sagði hún að það þyrfti að fara í þá vinnu að tryggja þá einstöku stöðu sem við erum með gagnvart búfjársjúkdómum. Mynd / HKr.

Getum gert kröfu um að fá einungis ósýkta vöru

Getum við ekki gert þá kröfu varðandi innflutning landbúnaðarafurða að þær séu framleiddar við sambærilegar kröfur og skylt er að gera hér á landi?

„Það er t.d. hægt að gera ákveðna kröfu um að varan sé ekki sýkt. Það hlýtur að vera eitthvað sem stenst EES-samninginn. Þá er bara verið að krefjast sambærilegra heilbrigðiskrafna. Hér á landi er auðvitað mjög mikið eftirlit með því,“ segir Katrín.

„Mín skoðun er sú að þegar við horfum á þessa matvælalöggjöf Evrópusambandsins þá hafi hún ekki tekið mið af þessum breytingum. Hún snýst svo mikið um frjálsa för og hrein viðskipti milli landa og tekur ekki mið af þessum nýju sjónarmiðum sem eru samt ekkert ný fyrir þeim sem hafa verið á kafi í þessum hlutum árum saman. Þau eru hins vegar að koma meira upp á yfirborðið í almennri umræðu meðal neytenda. Það er kannski það jákvæða við þetta mál sem mér finnst að öðru leyti ekki gott. Þessi dómur er auðvitað alveg skelfilegur, en þær jákvæðu afleiðingar sem hann hefur haft er að það sé ákveðin vitundarvakning að verða um þessi mál.

Þarna höfum við möguleika á að koma okkar sjónarmiðum að og ég veit að nálgun landbúnaðarráðherrans, sem hefur komið fram á þeim fundum sem hann hefur haldið, er að reyna að verja heilbrigðisstöðu íslensks búfjár. Sömuleiðis að fara í aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi.

Ég held að við séum þar á miklum tímamótum og því mjög mikilvægt að vel takist til.

Við sjáum bara þegar við horfum til íbúa landsins hvað getur gerst ef ekki er varlega farið. Við höfum verið að kljást hér við mislinga sem sýnir að það má svo lítið út af bregða til að við getum misst niður okkar stöðu. Það getur gerst mjög hratt,“ sagði Katrín Jakobsdóttir. */HKr.*



Fé á Auðkúluheiði. Mynd / HKr.

Norðlenska:

Ræða uppbætur á sauðfjárinnlegg á næsta stjórnarfundi

Stjórn Norðlenska hafa borist áskoranir frá félögum sauðfjárbænda á starfssvæði félagsins varðandi greiðslur uppbóta á sauðfjárinnlegg haustsins 2018.

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að verðskrá félagsins síðastliðin tvö ár hafi verið til skoðunar í því samhengi, en félagið greiddi uppbætur vegna innleggs ársins 2017 tvívegis á árinu 2018.

„Norðlenska hefur hugsað sér að greiða uppbætur á innlegg með sama hætti og gert var á árinu 2018, þar sem greidd var uppbót vegna kjöts sem þegar hafði verið selt á ásættanlegri framlegð en ekki þess sem enn var í birgðum,“ segir hann. „Í kjölfar fyrrnefndra áskorana mun stjórn því ræða á næsta fundi sínum hvort félagið muni beita sömu aðferðarfræði áfram eða endurskoða hana.“

/MÞÞ

Sameining Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða:

Áhugasamir fjárfestar óskuðu eftir lengri fresti

„Sameiningarviðræður Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða hafa gengið ágætlega, en einhverjar tafir hafa þó orðið enda málið ekki einfalt viðureignar,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Hann segir að áhugasamir fjárfestar hafi óskað eftir lengri tímafrestum til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í hlut í sameinuðu fyrirtæki.

„Tilboð hafa nú borist en það á eftir að fara betur yfir þau og eins að ræða við tilboðsgjafa,“ segir Ágúst Torfi.

Boðað hafði verið til hluthafafundar í Búsæld, félagi sem á Norðlenska, nú á laugardag 30. mars í Mývatnssveit, en vegna tafa sem orðið hafa hefur honum verið frestað. Ágúst Torfi segir að nýtt fundarboð verði sent út þegar ljóst sé hvenær þeirri vinnu sem þarf að ljúka fyrir hluthafafund verði lokið. */MÞÞ*



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska. Mynd / MÞÞ

SAMSUNG

QuickDrive™

BYLTING Í ÞVOTTATÍMA

Ný tækni, þvær betur á helmingi styttri tíma.



Þvottavél/þurrkari
Q DRIVE.
8 KG. Þvotti og 5 KG. Þurrkun
1400 SN. Eco Bubble.
Sambyggð þvottavél og þurrkari.
Þvær og þurrkar á 3 tímum
og öllu stýrt frá símanum.
Verð 159.900,-


Þvottavél
Q DRIVE.
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash“
Orkunýting **A+++**
10 ára ábyrgð á mótor.
Hægt að stilla allt í símanum.
Verð 139.900,-

Þurrkari
Q DRIVE.
Barkalaus. 8 KG. 1400 SN.
Orkunýting **A+++.**
„Air wash“
81 mín. þurrktími í hraðþurrkun.
Hægt að stilla allt í símanum.
Verð 139.900,-

Þvottavél
Q DRIVE.
9 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash“
Styttir þvottatíma um nær helming.
Ný og bætt hugsun í ullarþvotti.
Hægt að stilla allt í símanum.
Verð 119.900,-


SAMSUNG Q-Rator í símanum

Með Q-Rator tækninni stjórnarðu þvottaforskriftunum með appi í símanum.



Ný tækni, Quick-Drive þar sem tromlubakið snýst á móti tromlusnúningnum og eykur vatnsflæðið til muna. (Þessi vél þvær með báðum höndum.)

Með Eco Bubble tækninni blandast þvottaefni og vatn saman undir loftþrýstingi og myndar froðu sem smýgur hraðar inn í þvottinn og skilar sama þvottaárangri á lægra hitastigi.



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTIR

Óskað er eftir tilnefningum til Embluverðlaunanna

Embluverðlaunin, sem eru norræn matarverðlaun, verða veitt í Hörpu í Reykjavík 1. júní næstkomandi í tengslum við norrænt kokkaþing. Verðlaununum er ætlað að auka sýnileika og vekja áhuga almennings á norrænni matarhefð og matvælum sem framleidd eru á Norðurlöndunum. Embluverðlaunin eru veitt á tveggja ára fresti en þau voru fyrst afhent í Kaupmannahöfn árið 2017. Að verðlaununum standa norræn bændasamtök með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Tilnefningar til og með 31. mars

Opnað var fyrir tilnefningar í byrjun mars á vefsíðunni www.emblafoodawards.com en frestur til að skrá tilnefningar er til og með 31. mars nk. Tilnefningum er safnað saman á öllum Norðurlöndunum en allir geta tilnefnt fulltrúa frá sínu landi. Þátttaka kostar ekkert. Þriggja manna dómnefnd í hverju landi fyrir sig ákveður hverjir verða tilnefndir sem fulltrúar hvers lands.

Verðlaunaflokkar eru sjö talsins:

Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019
Verðlaunin verða veitt bónda, sjómanni, veiðimanni, safnara o.s.frv. sem stendur fyrir hráefni af miklum gæðum. Sem nýtir menningarlegar og náttúrulegar rætur sínar á Norðurlöndum og sem sjálfur framleiðir, veiðir eða safnar hráefninu.

Matvælaframkvöðull Norðurlanda 2019
Veitt einstaklingi, fyrirtæki eða stofnun sem hefur þróað nýja aðferð með breiða skírskotun og markaðsmöguleika og sem gjarnan er byggð á gömlum hefðum.

Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda 2019
Verðlaunin verða veitt matvælaiðnaðarmanni sem hefur þróað einstaka gæðaafurð sem byggist á norrænum hráefnum og aðferðum.

Matarblaðamaður/Miðlun um mat 2019
Veitt einstaklingi, sögumanni, miðli eða útgáfu sem ber út hróður norrænnar matarmenningar.

Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019
Veitt einstaklingi eða stofnun sem hefur unnið mikið starf til að auka gæði og efla norræna matarmenningu í opinberum máltíðum.

Mataráfangastaður Norðurlanda 2019
Veitt samtökum, stofnun eða samfélagi sem hefur sameinað hráefnisframleiðendur, veitingastaði og aðra viðkomandi í að efla tiltekinn stað með matarmenningu, samstarfi og samvinnu.

Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni 2019
Verðlaunin verða veitt einstaklingi eða samtökum sem hafa þróað hugmynd eða hugmyndafræði sem stuðlar með marktækum hætti að því að auka þekkingu og kunnáttu komandi kynslóða hvað norræn matvæli og matarmenningu varðar.

Skráning til og með 31. mars

Hægt er að skrá þátttakendur í Emblu til og með 31. mars. Skráningin er einföld og fljótleg á vefsíðunni www.emblafoodawards.com. Þar má einnig fræðast betur um verðlaunin og tilurð þeirra. */TB*



Þröstur Þorsteinsson á Moldhaugum tekur við nautgriparæktarverðlaunum BSE fyrir árið 2018.
Mynd / Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Nautgriparækt til fyrirmyndar á Moldhaugum í Hörgársveit

Þröstur Þorsteinsson og fjölskylda hans á Moldhaugum í Hörgársveit hlutu nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir árið 2018 fyrir góðan árangur í greininni.

Þröstur Þorsteinsson er fæddur á Moldhaugum og ólst þar upp en foreldrar hans keyptu jörðina 1947 og hóf hann búskap með þeim 1987. Frá árinu 1999 hefur Þröstur búið þar með konu sinni, Söru Saard Wijannarong, ásamt tveimur sonum þeirra hjóna.

Í hópi afurðahæstu búanna

Lengi hefur verið vel búið á Moldhaugum en nýtt fjós með mjaltaþjóni var tekið í notkun árið 2013 og í kjölfar þess hækkuðu afurðir búsins um nálægt 2000 kg af mjólk á hverja kú á tveimur árum. Síðustu fjögur ár hafa Moldhaugar verið í hópi 15 afurðahæstu kúabúa landsins. Árið 2016 skipuðu þau annað sæti listans með 8.274 kg af mjólk eftir 61 árskú. Á síðasta ári var bú þeirra hjóna í 7. sæti með 8.149 kg eftir tæplega 64 kýr. Á þessum árum hefur búið verið í fyrsta til fjórða sæti afurðahæstu búa á félagssvæði BSE. Einnig eru þau hjón með talsverða nautakjötsframleiðslu og á síðasta ári voru lögð inn nálægt 5 tonnum af 20 gripum. */MÞÞ*



Fulltrúar sveitarfélaga, fjarskiptasjóðs og ráðuneytisins við undirritun samninga við sveitarfélög um ljósleiðaravæðingu í dreifbýli.

Ljósleiðaravæðing í dreifbýli:

Samið við 23 sveitarfélög um styrki

Samningar um ljósleiðaravæðingu gefa 23 sveitarfélögum kost á samtals um 1.475 milljónum króna í styrki á árunum 2019 til 2021 til þess að tengja með ljósleiðara allt að 1.700 styrkhæfa staði auk fjölda annarra bygginga samhliða sem ekki hljóta styrk.

Eigið framlag sveitarfélags og íbúa er umtalsvert og að lágmarki 500.000 kr. fyrir hvern tengdan styrkhæfan stað. Samningar árin 2020 og 2021 eru með fyrirvara um fjárlög.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Páll Jóhann Pálsson, formaður fjarskiptasjóðs, og forsvarsmenn sveitarfélaga, hafa skrifað undir samninga um samvinnustyrki frá fjarskiptasjóði og byggðastyrki frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til ljósleiðaravæðingar sveitarfélaga í tengslum við landsátakið Ísland ljóstengt. Fjórtán sveitarfélög eiga að þessu sinni kost á byggðastyrk á grundvelli byggðaáætlunar og 22 sveitarfélög eiga kost á samvinnustyrk.

Ísland ljóstengt

Styrkveitingarnar miðast við að tryggja verklok hjá allflestum sveitarfélögum sem um ræðir og þar með að náð verði að mestu leyti markmiði ríkisstjórnarinnar um ljósleiðaravætt dreifbýli landsins. Stefnt er að því að lokaúthlutun á grundvelli Ísland ljóstengt verði á næsta ári með það að markmiði að öll áhugasöm sveitarfélög ljúki lagningu ljósleiðara í dreifbýli fyrir árslok 2021 hið síðasta.

Verkefnið Ísland ljóstengt hófst formlega vorið 2016. Er þetta því fjórða úthlutun fjarskiptasjóðs og jafnframt þriðja úthlutun ráðuneytisins á grundvelli byggðaáætlunar á jafn mörgum árum.

Um sex þúsund styrkhæfir staðir

Útlit er fyrir að verkefnið nái þegar upp er staðið til um það bil 5.850– 6.000 styrkhæfra staða um allt land. Með þessum og fyrri samningum er þegar búið að semja um 5.750 staði. Hlutfall styrkhæfra staða sem tengdir verða í verkefninu öllu stefnir í að verða vel yfir 90%. */VH*

Ráðstefna Matvælalandsins Íslands:

Hvað má bjóða þér að borða?

Samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland efnir til ráðstefnu um sérstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu miðvikudaginn 10. apríl kl. 10–12 á Hilton Reykjavík Nordica. Yfirskriftin er „Hvað má bjóða þér að borða? – Sérstaða og samkeppnisforskot í matvælaframleiðslu“.

Gildi sérstöðunnar

Á ráðstefnunni verður fjallað um gildi sérstöðunnar og þær áskoranir sem margar þjóðir standa frammi fyrir í sinni matvælaframleiðslu. Kröfur um örugg matvæli, fá sótspor, virðingu fyrir umhverfinu og auðlindum, bætta lýðheilsu og heilbrigt búfé munu hafa mikil áhrif á matvælaframleiðslu um heim allan á komandi árum.

Fyrirlesari frá FAO

Henk Jan Ormel, ráðgjafi í dýrasjúkdómum hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), fjallar um tengsl milli matvælaöryggis og sjúkdóma í mönnum og dýrum og hvernig haga má baráttu gegn matarbornum sjúkdómum. Þá verður fjallað um sérstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu og hvernig á að sýna fram á hana og



gefin dæmi um hvernig sérstaða er nýtt í markaðssetningu. Í lokin verða pallborðsumræður. Fundarstjóri verður Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Bændasamtakanna.

Að Matvælalandinu standa Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, Matís, Íslandsstofa, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Matarauður Íslands og Háskóli Íslands. Þetta er sjöunda árið í röð sem Matvælalandið boðar til ráðstefnu um þau mál sem eru efst á baugi í matvælageiranum.


Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis. Nánari dagskrá og skráningu er að finna á vef Samtaka iðnaðarins, si.is. */TB*

Framleiðnisjóður landbúnaðarins:

Sigríður Bjarnadóttir ráðin framkvæmdastjóri

Starf framkvæmdastjóra Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var auglýst laust til umsóknar um miðjan janúar. Stjórn Framleiðnisjóðs fékk ráðningarfyrirtækið Hagvang í lið með sér og höfðu starfsmenn þess umsjón með ráðningarferlinu.

Nú hefur verið gengið frá ráðningu Sigríðar Bjarnadóttur í starfið, en Sigríður var valin úr hópi margra hæfra umsækjenda. Sigríður er fædd 1967 og hefur lokið fjölbreyttri menntun og á að baki margvíslega starfsreynslu. Hún hefur lokið meistaragráðu í búfjárrækt frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi, BS-gráðu í hestafræði frá Háskólanum á Hólum, auk búfræðináms og diplómanáms í ferðamálafræði frá Hólum. Hún hefur jafnframt lokið kennsluréttindanámi á framhaldsskólastigi frá Háskólanum á Akureyri.



Sigríður Bjarnadóttir.

Sigríður starfaði sem ráðunautur um árabil, m.a. í ýmsum rekstrartengdum verkefnum. Hún hefur einnig starfað við bókhald og við mjólkureftirlit hjá MS. Þá hefur hún starfað sem tilraunastjóri og sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og hjá Norræna búfjárgenabankanum á Ási í Noregi. Sigríður stundar auk þess búrekstur í Hólsgerði í Eyjafjarðarsveit og hefur unnið með útgáfu- og kynningarsviði Bændasamtaka Íslands að verkefninu Dagur með bónda. Þá er Sigríður sveitarstjórnarfulltrúi í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar.

Sigríður Bjarnadóttir tekur við starfinu um mitt sumar en mun sinna afmörkuðum verkefnum fyrir sjóðinn fram að þeim tíma.

can-am | BRP

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



OUTLANDER
450L 6X6

VERÐ ÁN VSK
1.605.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
1.990.000.KR



OUTLANDER
650 FB 6X6

VERÐ ÁN VSK
2.250.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
2.790.000.KR

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS



MIKIÐ ÚRVAL AF RÚLLUPLASTI

PANTIÐ TÍMANLEGA!

150 kr. afsláttur á hverja plastrúllu ef pantað er fyrir 1. maí og 150 kr. aukaafsláttur ef greitt er fyrir 15. maí.
500 kr. afsláttur af neti ef pantað er fyrir 1. maí og 500 kr. aukaafsláttur ef greitt er fyrir 15. maí.

Allt plast sem pantað er fyrir 1. maí er keyrt heim að dyrum eða í heimasveit.

TamaNet™ 4500m

EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m
- lengstu netrúllur í heimi
- Í einni rúllu eru yfir 500 heyrúllur



Tama
Langstærsti netframleiðandi í heimi

PLAST

Frábært verð á rúlluplasti

Power Stretch 75 cm svart	9.640 kr. án vsk.
Power Stretch 75 cm hvítt	9.760 kr. án vsk.
Rani 50 cm hvítt/ljósgrænt	8.350 kr. án vsk.
Rani 75 cm svart	9.750 kr. án vsk.
Rani 75 cm hvítt/ljósgrænt	9.930 kr. án vsk.
Bal'ensil 75 cm hvítt/ljósgrænt	10.890 kr. án vsk.

TAMA HÁGÆÐA RÚLLUNET

Tama 1,23x3600 m	31.700 kr. án vsk. (metraverð 8,8 kr.)
Tama 1,23x4500 m	36.900 kr. án vsk. (metraverð 8,2 kr.)

Greiðslukjör til haustsins.

Búvís

Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · 2014 · 2015 · 2016 · 2017

FRÉTTIR



Frummælendur á fræðslufundi Búnaðarsambands Skagfirðinga. Talið frá vinstri: Snorri Þorsteinsson, Eyþór Einarsson, Björn Barkarson, Eiríkur Loftsson, Þórarinn Leifsson. Myndir / Guðrún Lárusdóttir

Fræðslufundur Búnaðarsambands Skagafjarðar:

Mikill áhugi skagfirskra bænda á umhverfismálum

„Það var almenn ánægja meðal fundargesta sem voru um 60 talsins. Það er virkilega gaman að sjá hvað bændur eru áhugasamir um þessi málefni og ég er þakklát fyrir þann áhuga og þessa góðu mætingu," segir Guðrún Lárusdóttir, formaður Búnaðarsambands Skagfirðinga, en sambandið stóð nýlega fyrir fræðsludegi þar sem áhersla var lögð á umhverfismál.





Finnbogi Magnússon í ræðustól.

„Það kom berlega í ljós á fundinum að þessi loftslagsfræði eru skammt á veg komin og brýn þörf er á að efla rannsóknir á kolefnislosun frá landbúnaði og landi. Það er líka nauðsynlegt að bændur fái meiri leiðbeiningar um þessi málefni."

Á fundinum, sem haldinn var á Löngumýri í Skagafirði, flutti Snorri Þorsteinsson hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins erindi um kolefnisspor í landbúnaði, útskýrði hvernig það væri metið og hvað þyrfti að skoða betur til að gera það mat nákvæmara. Þá lagði hann fram dæmi um nokkur íslensk bú sem hafa verið rannsökuð í þessu skyni. Björn Barkarson frá umhverfisráðuneyti fór yfir þá vá sem virðist steðja í umhverfismálum og ræddi ýmsar lausnir er koma til greina til að sporna við landeyðingu sem og hvernig auka má kolefnisbindingu. Fram kom að bændur gegna stóru hlutverki í vörslu lands og nýtingu þess.

Draga þarf úr plastnotkun

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri hjá Jötunn vélum og Sigtryggur Veigar Herbertsson hjá RML fjölluðu um á hvern hátt draga mætti úr notkun plasts í landbúnaði. Rúlluplastið er þar langsamlega stærst. Fóru þeir yfir tæknilausnir við fóðurgeymslu sem getur minnkað notkun á plasti.

Finnbogi ræddi um hvaða leiðir hægt er að nota við heyskap með það að markmiði að daga úr plastnotkun og Sigtryggur ræddi um steypta heyturna og útskýrði hvernig slíkir turnar væru reistir og virkni þeirra en hann taldi slíka turna vera valkost sem lausn til framtíðar, a.m.k. fyrir kúabú.

Bætt nýting á áburði

Þá fjölluðu þeir Eiríkur Loftsson hjá RML og Þórarinn Leifsson, bóndi í Keldudal, um bætta nýtingu á áburði, bæði búfjáráburði og tilbúnum áburði. Á því sviði eru miklir möguleikar sem minnka kolefnisspor. Bætt nýting á búfjáráburði sparar til dæmis kaup á tilbúnum áburði. Þórarinn hvatti fundarmenn til að láta efnagreina hjá sér mykjuna. Hann sagði hefðbundna aðferð við að koma henni á, þ.e. yfirbreiðsla, útelta aðferð og þyrftu menn að horfa til niðurlagningar eða niðurfellingar. Í þessu sambandi var einnig rætt um leiðir til að útbúa brunna með mykju og yrði hún flutt í þá með slöngum, síðan væri hægt að tengja slöngur við brunna í dreifingarútbúnað á dráttarvélum sem dreifðu yfir túnið.

/MÞÞ



Stekkjarvík. Mynd / Norðurá bs.

Áform um að stækka urðunarstaðinn í Stekkjarvík

Norðurá bs., sem rekur urðunarstaðinn í Stekkjarvík í landi Sölvabakka, hefur uppi áform um að stækka urðunarstaðinn, úr 21.000 tonnum af heimilis- og rekstrarúrgangi á ári hverju í 30.000 tonn, eða um samtals 9.000 tonn á ári. Ekki er um að ræða aukningu á heildarmagni urðaðs úrgangs í Stekkjarvík, sem eftir sem áður er áætlaður 630.000 tonn í lok rekstrartímans, árið 2038.

Urðunarstaðurinn tók til starfa árið 2011 og gilt starfsleyfi heimilar nú urðun á allt að 21 þúsund tonnum af almennum úrgangi árlega. Í gildi er upprunalegt mat á umhverfisáhrifum fyrir urðunarstaðinn sem samþykkt var árið 2010, þar sem heildarmagn urðaðs úrgangs í Stekkjarvík eru 630.000 tonn. Aukning um 9 þúsund tonn á ári er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Tekur við úrgangi frá öllum sveitarfélögum á Norðurlandi

Starfsleyfi er í gildi til ársins 2026 fyrir urðun á allt að 21 þúsund tonnum árlega. Urðunarstaðurinn er á um 30 ha leigulandi úr jörðinni Sölvabakka og er þar að finna urðunarhólf, þjónustuhús, þjónustuplan og 100 tonna bílavog, sigvatnshreinsivirki, gasmæli- og brennslustöð og jarðefnahauga. Sérstakt urðunarhólf er fyrir sláturúrgang og dýrahræ en sá úrgangsflokkur er urðaður sérstaklega. Byggðasamlagið er samvinnuverkefni sveitarfélaga í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu en þjónustusvæði urðunarstaðarins er nær allt Norðurland, allt frá Húnaþingi vestra austur í Norðurþing.



Upphaflega átti urðunarstaðurinn að taka við úrgangi frá sex sveitarfélögum í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslum og mögulega Eyjafjarðarsvæði, allt að 21.000 tonnum á ári, en nú tekur hann við úrgangi frá öllum sveitarfélögum á Norðurlandi, frá Öxarfirði vestur til Hrútafjarðar sem skýrir að mestu þörfina fyrir aukna urðun.

Aukning í grófum úrgangi

Almennur úrgangur frá heimilum hefur ekki aukist undanfarið en aukning hefur verið í grófum úrgangi að hluta frá heimilum og að hluta frá ýmsum rekstri eða uppbyggingu. Nokkuð erfitt getur verið að segja til um hver þróunin muni verða en líklega mun magn frá þessu svæði vaxa hægt í nokkur ár en svo fara minnkandi vegna aukinnar flokkunar og kröfu um endurvinnslu.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum frá því árið 2010 var gengið út frá því að mesta mögulega heildarmagn urðunar á 30 ára rekstrartíma yrði 630.000 tonn, eða alls um 1.260.000 m3. Verið er að vinna áætlun um aukna urðun, sem birt verður með frummatsskýrslu, en framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á rekstrartíma urðunarstaðar aukist umfram það magn. Þetta kemur fram í drögum að tillögu um matsáætlun vegna áforma um stækkun urðunarstaðarins. */MÞÞ*

Viðurkenningar Nautastöðvarinnar veittar á fagþingi nautgriparæktarinnar:

Gýmir og Sjarmi bestu nautin í árgöngum 2011 og 2012

Viðurkenningar Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands, fyrir bestu nautin í árgöngum 2011 og 2012, voru veittar í upphafi fagþings nautgriparæktarinnar sem sett var í hádeginu á föstudaginn. Besta nautið í árgangi 2011 var valið Gýmir 11007 frá Berustöðum 2 í Ásahreppi og Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi besta nautið í árgangi 2012.

Ræktendur Gýmis eru þau Erla Traustadóttir og Egill Sigurðsson, en nágranni þeirra, Borghildur Kristinsdóttir í Skarði, tók við viðurkenningunni að þeim fjarstöddum úr hendi Sveinbjörns Eyjólfssonar, forstöðumanns Nautastöðvarinnar. Ræktendur Sjarma eru þau Ásta Oddleifsdóttir og Ólafur Stefánsson og tóku þau við viðurkenningunni úr hendi Guðnýjar Helgu Bjarnadóttur, formanns fagráðs í nautgriparækt.

Það var Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem fór yfir ættir nautanna og umsagnir um dætur þeirra.



Sveinbjörn Eyjólfsson, Borghildur Kristinsdóttir, Ólafur Stefánsson, Ásta Oddleifsdóttir og Guðný Helga Björnsdóttir. Mynd / smh

Faðir Gýmis var Ás 02048. Fæddur 20. desember 2002 undan Kaðli 94017 og Yrju 150 í Sumarliðabæ 2. Ás gaf afurðasamar kýr með þokkalega júgurgerð og góða spenagerð. Mjaltir mjög góðar en skap fremur mikið.

Flekka 378 var móðir Gýmis. Fædd 24. febrúar, en verið felld 5. júlí 2012. Hún hafi borið fyrsta kálfi 11. febrúar 2009 og þrisvar sinnum eftir það. Skráðar æviafurðir eru 26.242 kg. Gott efnainnihald mjólkur; 4,25 prósent fita og 3,36 prósent prótein. Flekka var sterkbyggð og öflug kýr, júgurgerð sterkleg en nokkuð mikil skipting milli fram- og afturhluta.

Efnahlutfall ofan meðallags

Í umsögn um dætur Gýmis sagði: „Dætur Gýmis eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru ofan meðallags. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru fremur litlar og yfirlína veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð hallandi en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er góð, júgurfesta meðalmikil og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er mjög gott."

Koli 06003 var faðir Sjarma. Fæddur 23. febrúar 2996 undan Fonti 98027 og Elsu 226 í Sólheimum. Koli gaf afurðasamar kýr með mjög góða júgurgerð og frábæra spengerð. Mjaltir meðalgóðar en skapið úrvalsgott. Koli var valinn besta nautið fætt árið 2006.

Baula 474 var móðir Sjarma, fædd 25. september 2007 og felld 11. júní 2013. Bar fyrsta kálfi 11. nóvember 2009 og þrisvar sinnum eftir það. Skráðar æviafurðir eru 28.229 kg. Lágt fituhlutfall; 3,65 prósent fita og 3,25 prósent prótein. Glæsileg kýr, góð júgur- og spenagerð.

Mjög mjólkurlagnar dætur

Sjarmi 12090 fékk eftirfarandi umsögn fyrir dætur: „Dætur Sjarma eru mjög mjólkurlagnar kýr en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi og próteinhlutfall um meðaltal. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldýpt þeirra er í meðallagi, útlögur miklar en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er aðeins hokin en gleið. Júgurgerðin er afbragðsgóð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, í tæpu meðallagi að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og mjaltagallar fátíðir þó nokkrar fái þá umsögn að vera seinar. Skapið er gott." */smh*



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is







EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallegri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.





EO Mini – Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki
verð frá 98.900 kr með/vsk

EO Basic hleðslustöð
verð frá 119.900 kr með/vsk

Ískraft
Smiðjuvegur 5 / 200 Kópavogur
www.iskraft.is / Sími 535 1200

FRÉTTIR



Flaggað var við Litla-Hraun á 90 ára afmælisdaginn, 8. mars 2019.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Litla-Hraun 90 ára:

„Betrunarhús og letigarður"

Fangelsið á Litla-Hrauni á Eyrarbakka hóf starfsemi 8. mars 1929. Tímamótunum var fagnað í Húsinu á Eyrarbakka 8. mars síðastliðinn þar sem opnuð var sögusýning frá starfseminni í þessi 90 ár.

Nú eru rúmlega 90 ár frá því að lagt var fram lagafrumvarp á Alþingi, með orðalagi þess tíma: „Landstjórnin heimilar að verja af ríkisfje alt að 100 þúsund krónur til að kaupa land og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu." Úr varð að setja upp letigarðinn í því húsi sem fyrr átti að verða sjúkrahús Sunnlendinga.

Sýningin verður opin til 9. júní í sumar. Fyrsta árið voru 20 fangar á Litla-Hrauni og þrír fangaverðir. Í dag eru fangaverðirnir 57 og fangarnir 87, 20% þeirra eru útlendingar. Í dag sitja flestir inni vegna fíkniefna, eða fjórðungur, um 20% vegna auðgunarbrota, 15% vegna kynferðisbrota og jafn margir vegna ofbeldisbrota og vegna annarra brota. */MHH*



Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður Litla-Hrauns og Sogns (t.v.) og séra Hreinn Hákonarson fangaprestur, sem hefur unnið þrekvirki í því að safna saman munum og gögnum um fangelsið.



Lýður Pálsson, forstöðumaður Byggðasafns Árnesinga, og Linda Ásdísardóttir safnvörður munu taka vel á móti gestum sem heimsækja Húsið á Eyrarbakka til að skoða sögusýninguna um fangelsið á Litla Hrauni. Sýningin verður opin til 9. júní í sumar.

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Höfuðstöðvar Vilko eru í gömlu mjólkurstöðinni á Blönduósi.

Starfsemi Vilko á Blöndósi vex hröðum skrefum:

Veltu- og starfsmannafjöldi tvöfaldast á tveimur árum

„Þetta styrkir reksturinn verulega, fyrirtækið hefur stækkað um helming frá því við komum okkur fyrir í gömlu mjólkurstöðinni í byrjun árs 2017 og þar til nú," segir Gunnar Tryggvi Halldórsson, gæðastjóri Vilko á Blönduósi. Félagið keypti síðasta sumar rekstur, vélar og tæki fyrirtækisins Ásbyrgi-Flóra á Akureyri og flutti á Blönduós. Við það jókst starfsmannafjöldinn upp í 15 manns, en var áður um 7.

Gunnar segir að nú sé svo komið að húsnæðið í gömlu mjólkurstöðinni á Blönduósi sé sprungið, en það þótti fyrir tveimur árum vera rúmt og til framtíðar.

„Það þótti gott stökk hjá okkur að fara úr 650 fermetrum í 1.500 fermetra, en nú er samt svo komið að farið er að þrengja aðeins að okkur, það vantar tilfinnanlega meira pláss, m.a. lagerpláss. Við erum því farin að skoða þann möguleika að byggja við og munum örugglega gera það, þótt nákvæmar dagsetningar liggi enn sem komið er ekki fyrir," segir hann.

Fjölbreytt starfsemi

Starfsemi Vilko er að sögn Gunnars mjög fjölbreytt. Vilko-vörumerkjalínan er vel þekkt meðal landsmanna, en Vilko-vörur hafa verið hér á markaði í um það bil hálfa öld. Sífellt bætast við vörur, en fyrirferðarmestar eru súpur af ýmsu tagi, vöfflur, pönnukökur og stóreldhúsvörur svo dæmi séu tekin. Annað vörumerki er Prima, sem eru mest seldu kryddin hér á landi og öll framleidd á Blönduósi. Sama gildir um þau og Vilko-vörurnar, sífellt bætist í úrvalið og hafa neytendur tekið vel í aukið úrval. Þriðja stoðin í rekstri Vilko er svonefnd hylkjadeild, en henni hefur vaxið fiskur um hrygg á liðum árum. Í hylkjunardeild er m.a. hylkjað Kollagen, Liðir og fleira fyrir Protis á Sauðárkróki sem og stór vörulína fyrir Íslensk fjallagrös.

Flóra eykur umsvifin

Enn bættist við umsvifin á liðnu hausti þegar Vilko réðist í að kaupa vörumerki sem var í rekstri á Akureyri, hið gamalgróna og vel þekkta vörumerki Flóru, sem áður hafði sameinast heildsölunni Ásbyrgi. Vélar og tæki Flóru voru flutt á Blönduós síðastliðið sumar og sett upp í bækistöðvum Vilko. Framleiðsla á Flóru-vörunum hefur nú staðið yfir í nokkra mánuði og segir Gunnar að vel gangi.

„Við seljum í nokkrum mæli í stórum einingum, það er vinsælt hjá þeim sem stunda heimavinnslu af ýmsu tagi að panta hjá okkur krydd, farsblöndur og annað í stórum pakkningum og við verðum að sjálfsögðu við slíkum óskum," segir Gunnar.



Frá vinnslunni í Vilko.



Vörumerkið Flóra hefur verið á markaði frá árinu 1935 og þekkja Íslendingar það vel.

„Reksturinn hjá okkur er nú mjög fjölbreyttur, undir honum fleiri stoðir en áður. Sala á okkar vörum hefur gengið vel og við erum bjartsýn."

Próteinbætt matvæli

Vilko fékk á dögunum styrk úr Uppbyggingarsjóði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til að vinna að þróunarverkefni í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Mjólkursamlag KS á Sauðárkróki. Í verkefninu er notað mysuprótein sem framleitt er á Sauðárkróki, en tilgangurinn er að þróa próteinbætt matvæli í því skyni að nýta þau á heilbriðisstofnunum, sjúkrahúsum og dvalarheimilum.

„Þetta er mjög spennandi verkefni og við væntum þess að niðurstaðan verði jákvæð, upphafið lofar góðu," segir Gunnar.

Mikil uppbygging hefur verið á Blönduósi undanfarin misseri, sem m.a. má rekja til þess að þar stendur yfir bygging gagnavers sem setur verulega svip sinn á atvinnulífið. Á sama tíma og mikil atvinna er í héraðinu vantar húsnæði, þannig að nokkur spenna myndast.

„Þetta er auðvitað ekki besti tíminn til að stækka, en sem betur fer hefur okkur tekist nokkuð vel að fullmanna okkar fyrirtæki," segir Gunnar Tryggvi Halldórsson. */MÞÞ*

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga:

Ekki búið að taka afstöðu til afnáms mjólkurkvótakerfis

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur lagt skilabréf fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Samkvæmt erindisbréfi var hópnum ætlað að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021.

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur haldið tólf fundi um málefni nautgripa og mjólkurframleiðslu. Hópurinn hefur fundað með fulltrúum frá Landssambandi kúabænda, Mjólkursamsölunni, Örnu, BioBú ehf. og umhverfis- og auðlindaráðuneyti auk þess að kynna sér starfsemi annarra úrvinnsluaðila á mjólkurvörumarkaði.

Fram kemur að framleiðendum í nautgriparækt hefur farið ört fækkandi á síðustu áratugum. Árið 1978 voru þeir um 2.500 talsins og árið 2018 voru þeir 565. Bú eru almennt stærri núna og framleiða meira. Árið 2018 var meðalinnvigtun 269.750 lítrar en um 45.000 lítrar árið 1978. Heildargreiðslumark árið 2018 var 145 milljón lítrar og innvigtun mjólkur 152,4 milljón lítrar. Sala á fitugrunni var 144,8 milljón lítrar, sem var aukning um 0,5%, og sala á próteingrunni var 129,5 milljón lítrar, lækkun um 2,2 % frá árinu 2017.

Afstaða til kvótakerfisins liggur ekki fyrir

Samkvæmt erindisbréfi er hópnum ætlað að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021. Niðurstaða í atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfisins í mjólkurframleiðslu í febrúar leiddi í ljós yfirgnæfandi vilja kúabænda til að halda í kvótakerfið. Voru 89,41% því hlynntir. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins hefur samráðshópurinn ekki tekið afstöðu til þeirrar niðurstöðu. Hópurinn segir hins vegar í skilabréfi sínu:

„Framleiðslustýring, opinber verðlagning og skráning á framleiðendaverði hafa stuðlað að jafnri stöðu mjólkurframleiðenda um land allt og tilsvarandi byggðafestu. Á sama tíma hefur búum fækkað verulega. Hópurinn telur að horfa verði á þessa þætti í samhengi. Verði einum þeirra raskað hefur hann áhrif á hina. Verði sem dæmi framleiðslustýring afnumin er örðugt að sjá hvernig föst verðlagning gangi til lengri tíma. Afnám framleiðslustýringar gæti því haft áhrif á verð til bænda.“

Síðan segir um framhaldið ef haldið verði í kvótakerfið:

„Verði framleiðslustýringu viðhaldið þarf að endurskoða hvernig viðskiptum með greiðslumark skuli háttað og væri æskilegt að takmarka undanþáguheimildir. Í þeim efnum þarf að líta til mikilvægis nýliðunar í stéttinni. Langvarandi lokun á tilfærslu greiðslumarks er til þess fallið að skapa erfiðleika og mögulega hamla framþróun, sem meðal annars getur komið fram við sameiningu búa, búskaparlok vegna aldurs eða veikinda. Núverandi rétthafar eru líklegir til að halda að sér höndum þar sem þeir eru ekki sáttir við núverandi verðlagningu auk þess sem óvissa ríkir um framtíð kerfisins.“

Áshersla verði lögð á aukna framleiðni

Varðandi landbúnaðinn í heild telur hópurinn rétt að leggja áherslu á rannsóknir og þróun í landbúnaði sem miða að því að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í greininni. Hvatt verði til samstarfs starfandi rannsóknastofnana og háskóla. Áhersla skal lögð á samstarf stjórnvalda og landbúnaðarins um rannsóknir og aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum. Frekar verður fjallað um þessa þætti í skilum hópsins í umfjöllun um landbúnaðarstefnu og rammasamning landbúnaðarins.

Frestir verði endurskoðaðir

Hópurinn leggur til að frestir við innleiðingu á nýjum aðbúnaðarreglum verði endurskoðaðir, þannig að framleiðendur hafi eðlilegan tíma til að vinna að bættum aðbúnaði, án þess að slegið sé af kröfum varðandi velferð dýra. Reglurnar kalla á aukinn kostnað og fjárfestingar. Hröð innleiðing á breyttum aðbúnaði er verulega íþyngjandi fyrir framleiðendur. Mörg ágæt fjós eru í rekstri þar sem ábúendur eiga fá ár eftir af sínum búskap.

Fjárstuðningur til að mæta auknum kröfum

„Mikil umbreyting hefur orðið í aðbúnaði kúa. Almennt má segja að sá aðbúnaður sé góður. Bættur aðbúnaður, framfarir í fóðrun og ræktun kúastofnsins hafa aukið afurðir og þar með framleiðslu. Þá hafa breytingar undanfarinna ára skapað betri vinnuaðstæður bænda og létt þeim erfiðið. Mikilvægt er að fjárfestingarstuðningi sé úthlutað til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um bættan aðbúnað og að fjármunir séu nýttir í þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í.

Hópurinn leggur eindregið til að við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar verði mögulegt að gera tímabundna uppbyggingarsamninga til að hvetja til fjölbreyttari búskaparhátta og framleiðslu. Horft verði til stofnstyrkja til að auðvelda uppbyggingu og fjárfestingu á því sviði. Þá er rétt að kanna möguleika til að ráðast í átaksverkefni í framleiðslu nautakjöts, svo sem kálfakjötsframleiðslu og framleiðslu á nautakjöti með hjarðeldi,“ segir m.a. í bréfi samráðshópsins. */HKr.*

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR
Kraftblanda
Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu.
Kraftblanda-30
30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen
Kraftblanda-15
15% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Bústólpi ehf · fóður og áburður · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350

STEKKUR

Innrás andskotans garðálfanna

Garðálfar verða algengari sjón með hverju árinu þar sem þeir skjóta upp kollinum inni á milli burknanna, í trjábeðinu, á milli sumarblómanna og á steinhleðslunni.

Garðeigendur eru ófeimnir við að skreyta garðinn með alls kyns fígúrum, gervifuglum, plastblómum og síðast en ekki síst garðálfum, sem eru fáanlegir í margs konar útgáfum.

Erlendis er það sem við köllum garðálfa í daglegu máli flokkað sem dvergar, enda fyrirbærið mun líkara klunnalegum dvergum en fínlegum álfum. Lítið er um dverga í íslenskri þjóðtrú og því eðlilegt að álfaheitið sé okkur tamt í munni. Tilfinning fólks til garðálfa er tvískipt, annaðhvort elskar fólk þá eða hatar. Sumum finnst þeir lífga upp á garðinn og þykir vinalegt að sjá þá á milli blómanna, en öðrum þykja þeir argasta smekkleysi, ódýr alþýðumenning og „kitsch“ í sinni verstu mynd.

Í Evrópu hafa álfar þekkst í görðum í rúmar þrjár aldir og er uppruni þeirra rakinn til upphafs 18. aldar þegar þýskir og tékkneskir bændur settu litlar styttur af álfum út á akrana til að örva vöxt.

Vinsældir garðálfa hafa verið mismiklar á ólíkum tímum og þeim hefur stundum verið ýtt út í horn þegar tískustraumar hafa verið þeim óhliðhollir. Úrval garðálfa hefur þó aldrei verið meira en nú og seljast þeir eins og heitar lummur. Um aldamótin 2000 var borgin Ústí nad Labem í Tékklandi opinberlega gerð að borg garðálfanna, enda borgin fræg fyrir framleiðslu á afar haglega smíðuðum garðálfum. Garðálfar geta vakið skrítnar kenndir hjá fólki og til eru hópar sem hafa það að markmiði að frelsa álfana úr görðum og koma þeim út í náttúruna.

Í Devonskíri í Englandi er rekið munaðarleysingjahæli fyrir garðálfa sem hefur verið stolið úr görðum og yfirgefnir á víðavangi.

Áður fyrr voru álfarnir brenndir úr leir og handmálaðir og eru margir þeirra orðnir safngripir. Núna eru flestir garðálfar steyptir úr plasti eða trefjum og eiga að þola hvaða veður sem er án þess að missa lit.

Framboðið af garðálfum er ótrúlegt og hægt er að fá þá í mörgum stærðum og gerðum, til dæmis álfa sem klifra í trjám, liggja í leti, keyra um á mótorhjóli, álfa sem sitja í stólum, standa með veiðistöng, raka gras, moka snjó og fljúga. Virðulegur fyrrverandi grunnskólaskólastjóri utan af landi færði mér meira að segja að gjöf garðálf sem líkist flassara með fráhnepptan frakkann. Úrvalið er ótakmarkað.

Veljið álfunum fallegan stað inni á milli blóma og trjáa í garðinum eða á sumarhúsalóðinni. Verið óhrædd við að tala við álfana. Sýnið þeim trúnað, þeir segja engum frá. Ef gefa á álfunum nafn er gott að hafa Snorra-Eddu við höndina, en það má líka notast við símaskrána. Leitið til heimilislæknisins ef þið farið að halda að garðálfarnir séu lifandi.

Takið álfana inn ef farið er burt í langan tíma. Þeim gæti leiðst einveran og geta farið á flakk. Látið þá fá nokkra matlauka til að passa á meðan, þeir elska að hugsa um laukana og tala við þá og gleyma um leið einverunni. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Fagur fiskur í sjó



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Hrognkelsi haga sér óvenjulega við neðansjávarstrýturnar í Eyjafirði. Erlendur Bogason kafari hefur fylgst með atferli rauðmaga sem gætir hrogna þar frá fleiri en einni grásleppu. Mynd / Erlendur Bogason

Hrognkelsið er sérkennilegur fiskur, bæði í útliti og lífsháttum. Hængurinn, þ.e. rauðmaginn, hefur óvenjulegu hlutverki að gegna miðað við kynbræður sína meðal annarra fisktegunda.

Margt er á huldu um lífshætti hrognkelsa. Þau koma upp að ströndum landsins um hrygningartímann en utan hans rekast fiskiskip stundum á þau miðsævis langt úti á hafi. Hrygning fer fram hér við land á grýttum og þanggrónum botni á mjög litlu dýpi. Hún hefst venjulega í febrúar/mars víðast hvar en stendur alveg fram í ágúst í Breiðafirði.

Rauðmaginn kemur á undan kellu sinni, grásleppunni, upp að landinu og er sagður velja stað til hrygningar. Hann er aðeins minni en grásleppan og hefur fagurrauðan blett á maganum eins og segir í vísunni:

Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.

Grásleppan syndir sinn sjó að hrygningu lokinni en skilur rauðmagann eftir til að gæta frjóvgaðra eggjanna þar til þau klekjast út. Hann hlúir vel að þeim og ver þau fyrir óvinum. Klakið tekur yfirleitt um 2 til 3 vikur. Leitun er að hængum annarra fisktegunda sem gæta hrogna af slíkri kostgæfni en þó er það ekki óþekkt. Hængur steinbítsins sýnir þó slíka umhyggju og ekki síðri fyrir væntanlegum afkomendum.

Tvö stjórnkerfi

Fátítt er og nánast óþekkt meðal fiska að bæði kynin hafi sitt sérstaka nafn eins og tíðkast með hrognkelsin. Þau eru einnig sérstök að því leyti að tvö stjórnkerfi ríkja um veiðar þeirra eftir kyni og er aflatölum kynjanna haldið aðgreindum í skráningu Fiskistofu. Nýting hrognkelsanna miðast nær eingöngu að veiðum á grásleppu vegna hrognanna sem eru mjög verðmæt sem kunnugt er.

Rauðmaginn er einnig veiddur sérstaklega en í mjög litlum mæli og þá eingöngu fyrir innanlandsneyslu. Þess má geta að frá áramótum og fram til 20. mars hafa veiðst 8,5 tonn af rauðmaga. Á síðasta ári veiddust hins vegar um 4.500 tonn af grásleppu.

Merkar athuganir

Erlendur Bogason, kafari á Akureyri, hefur um árabil rannsakað lífríkið í sjónum hér við land, einkum í Eyjafirði, og skráð sögu og lífsferil ýmissa tegunda í máli og myndum.

Fyrir nokkrum árum gerði hann merkar athuganir á hrognkelsum, einkum á rauðmögum, við Arnarnesstrýturnar, sem eru neðansjávarstrýtur í Eyjafirði. Fjallað var um málið í Fiskifréttum á sínum tíma en vert er að rifja það upp hér. Erlendur gjörþekkir sjávarlífið við strýturnar. Hann rekur köfunarþjónustu fyrir ferðamenn og fer með hópa niður að strýtunum.

Suðræn stemning

Virkar hverastrýtur fundust fyrst neðansjávar í Eyjafirði árið 1997 í vísindaleiðangri. Erlendur Bogason kafaði niður á þær sama ár og fann einnig nokkrar strýtur til viðbótar sem ekki var áður vitað um. Hann hefur fylgst með strýtunum árlega síðan. Heitur sjór streymir upp strýturnar og segja má að þar ríki suðræn stemning í sjávargróðri og dýralífi. Sumarið 2005 tók Erlendur eftir því að grásleppa hafði hrygnt við strýturnar í ágústmánuði sem er að sjálfsögðu nokkuð utan hefðbundins hrygningartíma hennar norðan lands.

Allar götur síðan hafa hrognkelsi hrygnt á miðju sumri við strýturnar og eitt árið skráði Erlendur sérstaklega í máli og myndum hegðun eins rauðmaga sem hann fylgdist vel með í nokkra mánuði. Það vakti athygli hans að þessi tiltekni rauðmagi naut sérstakra vinsælda hins kynsins og má segja að hann hafi ekki verið við eina fjölina felldur.

Þjónaði sex grásleppum

Sumarið sem hér um ræðir kafaði Erlendur niður á Arnarnesstrýtuna í júnímánuði og þá sá hann rauðmaga gæta hrogna. Rauðmaginn var lengi vel einn á svæðinu og um miðjan júlí höfðu hrognin sem hann gætti klakist út. Um það leyti komu fleiri rauðmagar á fleiri strýtur þar sem aðrar grásleppur höfðu hrygnt.

Næst kafaði Erlendur 22. júlí og þá sá hann að rauðmaginn sem hann hafði fylgst með sérstaklega og þekkti aftur hafði hitt aðra grásleppu og frjóvgað hrogn hennar og gætti þeirra á sama stað og áður.

Næsta köfun var 8. ágúst og þá sást að hrognin sem rauðmaginn gætti frá grásleppu númer tvö voru rétt að klekjast út. Fleira markvert kom í ljós. Þriðja grásleppan hryggndi á sama svæði og rauðmaginn lét sér ekki muna um að gæta hrogna hennar. Auk þess voru hrogn frá þremur grásleppum á strýtu nokkrum metrum frá og rauðmaginn sinnti þeim líka. Þessi vinsæli rauðmagi, sem Erlendur fylgdist með þetta sumarið, hafði því þjónað sex grásleppum. Hann var upptekinn við þetta hlutverk frá júní og langt fram í september.

Nýta sér hitann

„Það sem mér finnst merkilegt við þetta er að engin grásleppa hrygnir í strýtunum á hefðbundnum hrygningartíma í maí. Ég verð var við að hún hrygnir alls staðar annars staðar í Eyjafirði á þeim tíma. Hrygningin á strýtunum byrjar oftast í júlí og stendur fram í ágúst og hrognin eru að klekjast út allt fram í september. Greinlegt er að hrognkelsin nýta sér hitann í strýtunum,“ sagði Erlendur Bogason er rætt var við hann í Fiskifréttum á sínum tíma um þessar merku athuganir hans.

Þess má geta til viðbótar að á síðasta ári myndaði Erlendur þegar hrogkelsaseiði komu úr eggjum. Var þar um að ræða þrjá eggjaklasa sem gætt var af tveimur rauðmögum.



Rauðmagi hugar að hrognum á neðansjávarstrýtu. Mynd / Erlendur Bogason



Steinbítshængur hringar sig utan um egg í holu sinni. Myndin er tekin í nóvember og þá var hængurinn búinn að gæta eggjanna í um tvo mánuði. Mynd / Erlendur Bogason

Verndar eggin mánuðum saman

Steinbíturinn er heldur ófrýnilegur á svipinn að sumra dómi og verður kannski seint sagt að hann sé fagur fiskur í sjó. Hængur steinbíts á þó eitt sameiginlegt með rauðmaganum eins og áður er getið að hann annast hrognin eða eggin þar til þau klekjast út.

Steinbíturinn hrygnir hér við land á haustin og snemma vetrar. Aðalhrygningarstöðvarnar eru undan Vesturlandi og Vestfjörðum en hann hrygnir einnig víðar við landið, meðal annars í Eyjafirði. Erlendur Bogason hefur tekið skemmtilegar ljósmyndir af steinbítnum í köfunarferðum sínum.

Erlendur hefur fylgst með þegar hængur steinbítsins finnur holur á sjávarbotni og laðar síðan til sín hrygnu. Eftir að hrygning og frjóvgun hefur farið fram eru hrognin mótuð í kúlu eða kökk sem festur er við botninn. Hængurinn gætir hrognanna í nokkra mánuði þar til eggin klekjast út. Hann hringar sig utan um hrognakúluna, hreyfir sig ekki frá henni og borðar ekkert á þessum tíma.

Steinbíturinn við Arnarnesstrýturnar í Eyjafirði hrygnir um mánaðamótin ágúst/september og hængurinn annast eggin fram í miðjan febrúar, að sögn Erlendar. Það fer þó eftir hitastigi sjávar hve lengi hann þarf að gæta þeirra og hvenær þau klekjast út.

embla 2019

NORRÆNU MATARVERÐLAUNIN

Þekkir þú einhvern sem skarar fram úr í matvælageiranum?

Embluverðlaunin voru fyrst veitt í Kaupmannahöfn árið 2017. Þau eru norræn matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu. Embluverðlaunin eru veitt á tveggja ára fresti en opnað var fyrir tilnefningar 1. mars.
Þann 1. júní verða verðlaunin afhent í Hörpu í Reykjavík í tengslum við norrænt kokkaþing.

Á vefsíðunni **emblafoodawards.com** er tekið við tilnefningum í sjö flokka sem eru:

- Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019
- Matvælafrumkvöðull Norðurlanda 2019
- Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda 2019
- Matarblaðamaður Norðurlanda 2019
- Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019
- Mataráfangastaður Norðurlanda 2019
- Norðurlandaverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni 2019

Skráningarfrestur er til og með **31. mars 2019.**

Allir geta tilnefnt í flokkana sjö með einföldum hætti á vefsíðunni
www.emblafoodawards.com

Það eru bændasamtök á Norðurlöndunum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina sem veita verðlaunin.

FARMERS ASSOCIATION OF ICELAND · Ålands producentförbund · MTK · SLC · LRF · BÓNDAFELAG FØROYA · NORGES BONDELAG · Landbrug Fødevarer · Nordic Council of Ministers

VORTILBOÐ

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR
GRAFSKRIFT
UPPSETNING Á N-LANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

101
100x57 frá sökkli



150 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 149 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 245 þúsund
með lugt og vasa 325 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 198 þúsund

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is


SAUÐFJÁRRÆKT & KJÖTGÆÐI

Verkefni um að viðhalda og bæta gæði íslensks lambakjöts:

Vísbendingar um að ræktunarstarfið hafi leitt til minni meyrni

Á fagfundi sauðfjárræktarinnar á dögunum flutti Guðjón Þorkelsson frá Matís erindi þar sem hann kynnti niðurstöður verkefnis um samanburð á gæðum lambahryggvöðva úr lömbum, annars vegar frá handverkssláturhúsi og hins vegar frá iðnaðarsláturhúsi. Niðurstöðurnar gefa ástæðu til að ætla að ræktunarstarf í sauðfjárrækt síðustu þrjá áratugina hafi leitt til minni meyrni í íslensku lambakjöti.

Í verkefninu voru gæði kjötsins síðan metin með tilliti til streitu, örverufjölda, rýrnunar við eldun, áferðar og meyrni. Reyndist meyrnin vera svipuð í ferska kjötinu en frosna kjötið var meyrara úr handverkssláturhúsinu.



Guðjón Þorkelsson frá Matís kynnir verkefnið fyrir fundargestum á fagfundi sauðfjárræktarinnar. Mynd / smh

Ræktunarstarfið eða slátur- og verkunaraðferðir

Tilgangur verkefnisins var meðal annars að kanna hvort slátur- og verkunaraðferðir eða ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni hafi meiri áhrif á meyrni lambakjöts.

Handverkssláturhúsið sem um ræðir er í Seglbúðum í Landbroti og iðnaðarsláturhúsið er Sláturfélag Suðurlands (SS) á Selfossi og fóru rannsóknir á afurðunum fram síðastliðið haust. Hjá SS var notast við rafdeyðingu, skrokkarnir fláðir hangandi, raförvaðir og kældir hratt niður fyrir frystingu – sem var daginn eftir slátrun. Í handverkssláturhúsinu var pinnabyssa notuð við deyðingu, notast var við bekkfláningu, hægari kælingu og meyrnun í fjóra daga fyrir frystingu.


Seigja aukist talsvert síðustu 30 árin

Guðjón segir að forsaga samanburðarverkefnisins nú sé verkefni sem unnið var á árunum 2016 og 2017 til að kanna samspil kynbóta og gæða íslensks lambakjöts. Var það gert bæði til að undirbúa og kanna möguleikana á notkun erfðamengjaúrvals við kynbætur fyrir kjötgæði og til að tryggja gæði kjötsins í gegnum verkferla við slátrun lamba og meðferð kjötsins.

Í því verkefni hafi komið í ljós að seigja (sem er mæld með skurðkrafti) virtist hafa aukist talsvert á 30 árum og streita (hátt sýrustig) mældist auk þess í um tíu prósenta sýnanna. Þar voru skrokkar úr iðnaðarsláturhúsum mældir. „Þar kom í ljós að seigjan hefði aukist úr 2,5–3,5 kg/cm2 í tæplega 5 kg/cm2. Í því verkefni var ekki hægt að sjá hvort skýringin lægi í ræktun fyrir meiri vöðva eða breyttum verkferlum í sláturhúsum – eða samspili þessara tveggja þátta. Kæling á kjötskrokkum var oftast mjög hröð og í samræmi við kröfur yfirvalda," segir Guðjón.

Fyrirkomulag samanburðarverkefnisins var á þá leið að þann 23. október var 20 lömbum frá Borgarfelli í Skaftárhreppi (10 tvílembingar) slátrað í sláturhúsunum tveimur. Hiti og sýrustig var síðan mælt.

Daginn eftir slátrun voru báðir hryggvöðvar með fitu skornir úr hverjum skrokk og pakkað í loftdregnar umbúðir og merktir.



Skýringarmyndin sýnir hvernig staðið var að meðhöndlun hryggvöðvanna með misjöfnum hætti eftir sláturhúsum.

Meðaltöl mælinga á kjötgæðum hryggvöðva

	Ferskt kjöt		Frosið kjöt	
	SS	Seglbúðir	SS	Seglbúðir
Fallþungi, kíló	19,8	19,8	19,8	19,8
Suðurýrnun hryggvöðva við 68°C	15,6	13,9	27,6	25,8
Seigja. Skurðfesta kg á elduðum hryggvöðva	4,53	5,19	5,41	4,59
Skynmat (einkunnir á skalanum 0-100)				
Súrt bragð	11	13	35	28
Safi	51	51	32	39
Meyrni	51	52	48	56

Athyglisvert er að sjá muninn á ferska og frosna kjötinu. Suðurýrnun var mun meiri í því frosna, það er aðeins súrara á bragðið og ekki eins safaríkt og ferska kjötið. Í skynmatinu er kjötið meyrara eftir því sem talan er hærri.

Skurðfesta var hærri í ferskum hryggvöðva lamba úr handverkssláturhúsinu sem hafði meyrnað í 7 daga í kæli. Meyrni mæld með skynmati var hins vegar mjög svipuð í kjöti úr báðum sláturhúsunum. Kjötið úr handverkssláturhúsinu sem hafði verið í kæli fjóra daga fyrir frystingu var meyrara og safaríkara en kjötið úr iðnaðarsláturhúsinu sem var í kæli í 24 tíma fyrir frystingu.

Skalinn fyrir skurðkraftinn hefur verið túlkaður á þennan hátt:

- 1,0 - 3,0 > Kjöt við að losna í sundur
- 3,0 - 5,0 > Mjög meyrt kjöt
- 5,0 – 7,0 > Meyrt kjöt
- 7,0-10,0 > Vaxandi seigt kjöt

Kjötið frá báðum sláturhúsum er því mjög meyrt eða meyrt þótt gildin hafi hækkað frá því fyrir 20-30 árum síðan. Skynmatið segið að kjötið sé í meðallagi meyrt (skali 0-100).

Lítil streita úr handverkssláturhúsinu


Í verkefninu síðastliðið haust var kannað hvort ummerki um streitu væri að finna í vöðvunum úr handverkssláturhúsinu. Guðjón segir að í ljós hafi komið að í þeim 66 skrokkum þar sem sýrustigið var kannað hafi merki um streitu einungis fundist í tveimur.

Ferska kjötið frá SS reyndist ívið meyrara en það ferska frá Seglbúðum, en öll sýni voru fullnægjandi meyr. Ferska kjötið var jafn safaríkt en í skynmati kom fram aðeins súrara bragð af kjötinu frá Seglbúðum. Frosna kjötið var nokkuð meyrara frá Seglbúðum, auk þess sem suðurýrnun var minni. Þá var bragð ekki eins súrt úr skynmati af frosna kjötinu frá Seglbúðum.

Ástralskt kjötgæðakerfi aðlagað að Íslandi

Á fagfundinum kynnti Guðjón ástralska kjötgæðakerfið MSA, sem hann segir að gott væri að aðlaga að íslenskum aðstæðum. „Margt af því sem þar stendur er þegar til staðar hjá okkur. MSA-kerfið var þróað til að geta boðið neytendum upp á stöðugt framboð af hágæðakjöti sem þeir eru tilbúnir að borga hærra verð fyrir. MSA-flokkun byggir á að tryggja bragðgæði og meyrni. Það byggir á miklum neytendarannsóknum í mörgum löndum; á kjöti af mörgum stofnum, mismunandi framleiðslu- og vinnsluaðferðum, meyrnitíma og mismunandi eldunaraðferðum helstu stykkja og vöðva úr kjötskrokkunum.

Fjöldi örvera á yfirborði lambaskrokka daginn eftir slátrun (log/cm2)



Ekki var teljandi munur á fjölda örvera á yfirborði kjötskrokka, hvort sem notast var við bekkfláningu eða hangandi fláningu og engir iðragerlar mældust.

Neytendaprófin byggja á bragðprófunum. Þar eru gefnar einkunnir fyrir meyrni, safa, bragð og heildaráhrif og tengt við gæðaeinkunn út frá því hvernig þeim fannst kjötið vera: mjög gott, meira en af hversdagsgæðum, af hversdagsgæðum eða ófullnægjandi.

Við viljum og eigum að stefna á að íslenska lambakjötið sé meira en af hversdagsgæðum, sem er þriggja stjörnu kjöt samkvæmt MSA. Við viljum áfram fjögurra og fimm stjörnu kjöt," sagði Guðjón.

Verkefnið að minnka streitu

Að sögn Guðjóns eru næstu skref að fara í aðgerðir til að minnka streitu í samvinnu við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og sláturhúsin. „Við þurfum að koma nýja bæklingnum um meðferð sláturfjár og lambakjöts [sem fjallað var um í síðasta Bændablaði – innskot blm.] í notkun fyrir næstu sláturtíð og taka út hvort það hafi áhrif til að minnka streitu í sláturlömbum.

Við þurfum samvinnu við sláturleyfishafa um úttektir á kælingu, sem tryggi kjötgæði með reglulegum úttektum. Þá þarf að athuga betur áhrif aldurs við slátrun og kyns á skurðfestu í kjöti og vinna áfram með Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins að rannsóknum á áhrifum ræktunarstarfs á kjötgæði."

Ræktunarstarfið hefur haft neikvæð áhrif á meyrnina

„Megintilgangur verkefnisins er að benda á leiðir til að viðhalda og bæta gæði íslensks lambakjöts. Ég held að það hafi tekist því helsti afrakstur verkefnisins eru upplýsingar um hvort sláturaðferðir eða ræktunarstarf hafi meiri áhrif á meyrni lambakjöts á Íslandi. Við höfum líka upplýsingar um hvort áferðarmælingar sé áreiðanlegur mælikvarði á meyrni kjöts og hvað mismunandi gildi hafa að segja um meyrni kjöts.

Ávinningur er þekking sem nýtist við stefnumótun og gæðastýringu og upplýsingar til að nota í markaðstarfi. Færni og tengsl í rannsóknum á gæðum lambakjöts," segir Guðjón.

Verkefnið er unnið í samstarfi Matís, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar. /*smh*

ergo



Heyþyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun
en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

TRYGGÐU FÓÐURGÆÐIN

Hágæða rúlluplast frá Trioplast;

Triowrap, Trioplus og TrioBaleCompressor

Litir í boði: Hvítt, grænt, svart, blátt og bleikt

VORTILBOÐ

15%

afsláttur af
rúlluplasti og neti
til 15. maí

Bústólpi

HJARTAÐ Í
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

FRÉTTASKÝRING

EWG segir þróun sýklalyfjaónæmra baktería í Bandaríkjunum vera mjög alvarlega:

Allt að 87% baktería í hráu kjöti sagðar ónæmar fyrir mikilvægum sýklalyfjum

– The Environmental Working Group skammar yfirvöld fyrir yfirhylmingar og aðgerðarleysi



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Í úttekt The Environmental Working Group (EWG) sem kom út á síðasta ári kemur fram að opinberar rannsóknir á tíðni baktería í stórmörkuðum sýni að tíðni sýklalyfjaónæmra baktería í kjöti sem þar er í boði er stöðugt að aukast.

EWG er óhagnaðardrifin starfsemi í Bandaríkjunum sem hefur það að leiðarljósi að hvetja fólk til að lifa heilsusamlega í heilsusamlegu umhverfi. Það er nú komið á sjötta ár síðan EWG gerði fyrst úttekt á því sem kallað var „innrás ofursýkla í bandarískar stórverslanir“ (Superbugs Invade American Supermarkets).

Reynt að afvegaleiða umræðuna

EWG svipti fyrst hulunni af leyndinni hjá Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) yfir lyfjaónæmum bakteríum í kjöti árið 2013. Síðan hafi yfirvöld farið þess á leit við kjötframleiðendur að þeir hættu misnotkun á sýklalyfjum, en notkunin er samt enn mjög mikil.

Í nýjustu úttekt EWG kom í ljós að ástæða er til að hafa alvarlegar áhyggjur af málinu. Segja skýrsluhöfundar að vegna rannsóknarinnar hafi FDA farið í varnarstöðu og sagt að þó bakteríur mynduðu ónæmi fyrir einu lyfi, þá væri enn til fjöldi sýklalyfja sem gætu unnið á sýkingum af þeirra völdum. Áunnið ónæmi baktería gegn sýklalyfjum getur breiðst ört út þar sem ónæmisgen frá einni örveru geti borist til annarrar og gert fleiri og fleiri sýklalyf óvirk.

Þetta er í fullu samræmi við orð Karls G. Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands og dr. Lance Price, prófessors við George Washington-háskóla í Bandaríkjunum, sem fram komu á fundi á Hótel Sögu fyrir skömmu.

Skoðaðar rannsóknir á 47.000 sýnum

Í nýjustu úttekt EWG á yfir 47.000 sýnum frá stórmörkuðum sem tekin hafa verið til rannsókna af hálfu opinberra aðila kemur fram aukning á sýklalyfjaónæmum bakteríum í svínakjöti, en hátt hlutfall var þegar fyrir af slíkum bakteríum í fyrri rannsóknum. Tíðni sýklalyfjaónæmra baktería í kalkúna- og kjúklingakjöti er enn mjög mikil en örlítið hefur þó dregið úr henni.

Bent á rangfærslur yfirvalda

Í skýrslunni í fyrra kom í ljós að fátt hafði breyst til batnaðar. Segja skýrsluhöfundar að almenningi sé ómögulegt að komast að þessu með því að lesa skýrslu Matvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna (FDA) „National Antimicrobial Resistance Monitoring System“, sem byggði á upplýsingum frá 2015. Þar kemur fram að tíðni lyfjaónæmra baktería í kjöti hafi haldist lítil, þ.e. fyrir bakteríur sem valda flestum sýkingum í mannfólki. Þessu er haldið fram þrátt fyrir að 75% af bakteríum sem FDA fann í kjöti í matvöruverslunum 2015 eru enn sýklalyfjaónæmar.

Kjötsýni sem gáfu vísbendingar um bakteríusmit

	Kalkúnakjöt	Svínakjöt	Nautakjöt	Kjúklingakjöt
Fjöldi sýna sem rannsökuð voru	490	476	480	489
Fjöldi sýna sem innihélt enterococcus faecalis*	388	341	302	175
Fjöldi sýna sem innihélt enterococcus faecalis* sem og var ónæmur fyrir að minnsta kosti einni tegund sýklalyfja	387	340	296	175
Kjötsýni sem innihéldu sýklalyfjaónæma enterococcus faecalis*	79%	71%	62%	36%

*Enterococcus faecalis var upphaflega skilgreindur sem hluti af D flokki Streptococcus og finnst í meltingarvegi manna og dýra

Heimild: Útreikningar EWG sem byggðir eru á gögnum National Antimicrobial Resistance Monitoring System 2015 og Integrated Report, útgefið 23. október 2017.

Hlutfall sýklalyfjaónæmra baktería í hráu kjöti á stórmörkuðum samkvæmt tölum FDA

Kalkúnakjöt	Svínakjöt	Nautakjöt	Kjúklingakjöt
Kalkúnahakk	Svínakótilettur	Nautahakk	Bringur, leggir, kjúklingavængir,
79%	71%	62%	36%

Heimild: The Environmental Working Group (EWG)

Skýrsluhöfundar EWG segja að yfirvöld taki sýni á hverju ári í matvöruverslunum til að kanna algengi baktería sem geti valdið fæðubornu smiti. Það eigi t.d. við kamfýlóbakteríu, salmonella og E.coli. Það eigi einnig við „enterococcus“ sem finnst gjarnan í meltingarvegi og vísindamenn nota m.a. til að rekja sýklalyfjaónæmar bakteríur.

87% baktería ónæmar fyrir mikilvægum sýklalyfjum

Áttatíu og sjö prósent bakteríanna sem vísindamenn FDA fundu í unnum kalkún eða kalkúnahakki (Groun turkey eða minced turkey) í stórmörkuðum voru ónæmir fyrir tetracyklín sýklalyfi. Það er breiðvirkt sýklalyf og að sögn EWG nú mest notaða sýklalyfið í dýraeldi þrátt fyrir að vera útlistað af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni sem „mjög mikilvæg“ tegund sýklalyfs til að meðhöndla sýkingar í fólki. Það er m.a. notað til að vinna á eyrnasýkingum, berkjubólgu, lungnabólgu og við þvagfærasýkingum í mönnum.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) lýsir tetracyklíni sem „eina eða eitt af helstu sýklalyfjunum“ sem fáanlegt er til að meðhöndla alvarlegar bakteríusýkingar hjá fólki. Þá viðurkenna lyfjafyrirtækin að sýklalyfjaónæmi sé orðið útbreitt m.a. vegna mikillar notkunar veikra skammta af tetracyklíni í fóðri dýra.

EWG komst einnig að því með rannsókn á gögnum að á síðustu



Enterococcus faecalis.

fimm árum fannst að meðaltali einn af hverjum fimm stofnum af salmonellu í matvöruverslunum sem var ónæmur fyrir amoxicillini. Það er ein gerð af penicillíni, en það er annar mest notaði lyfjaflokkurinn til blöndunar í fæðu dýra, þrátt fyrir að þau séu talin afar mikilvægt fyrir lækningu á mannfólki.



EWG hefur gagnrýnt Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) harðlega fyrir aðgerðarleysi varðandi ábyrgðarlausa notkun sýklalyfja.



Amoxicillin er efst á lista yfir sýklalyf sem gefin eru börnum samkvæmt lyfseðli á hverju ári. Árið 2010 fengu meira en 18 milljón börn að minnsta kosti einn lyfseðil sem ávísun fyrir sýklalyfið. Þetta er einnig eitt af fáum lyfjum sem í boði eru til að meðhöndla alvarlega salmonellu-eitrun hjá konum á meðgöngu.

84% af enterococcus-sýklum í svínakjöti var ónæmur fyrir sýklalyfjum

Áttatíu og fjögur prósent af enterococcus faecalis sem fannst í svínakjöti í rannsóknum FDA var ónæmur fyrir tetracyklíni. Um 71 prósent af sýklunum sem finnast á kjúklingi voru ónæmir og 26 prósent af þeim sem fundust á nautakjöti. Tetracyklín eru sagt mest notaða tegund sýklalyfja í dýraeldi.

73% salmonellusýkla í grænmeti er ónæmur fyrir sýklalyfjum

Sjötíu og þrjú prósent salmonellu á grænmeti voru sýklalyfjaþolin árið 2014, sem bendir til þess að meira en 7 af hverjum 10 einstaklingum sem fá salmonellusýkingu t.d. í gegnum of lítið eldaðan kjúkling eða við krossmengun úr meðhöndlun á grænmeti myndi standa frammi fyrir sýkingu sem er ónæm fyrir að minnsta kosti einni tegund sýklalyfja. Tölur benda til að þetta kunni eitthvað að hafa lagast varðandi kalkún frá 2014.

Máttlausar aðgerðir yfirvalda

Árið 2013, þegar EWG lýsti fyrst áhyggjum af þessari þróun, voru engar kröfur af hálfu bandarískra yfirvalda á landsvísu um að nota yrði sýklalyf sparlega í búfé. Seinna á því ári og eftir athugasemdir EWG, lagði Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) fram fyrstu leiðsögn um að lyfjafyrirtæki þyrftu að sýna lit til að draga úr óþarfa notkun sýklalyfja í dýraeldi sem nýtt voru sem vaxtarhvati, svo hægt væri að slátra dýrunum fyrr en ella.

Um 80% baktería í kjöti eru ónæmar fyrir sýklalyfjum

Þrátt fyrir ábendingar og tilmæli yfirvalda eru nærri 80 prósent af bakteríunum sem finnast í kjöti ónæmar fyrir sýklalyfjum. Þótt yfirgnæfandi vísbendingar séu fyrir hendi leyfa yfirvöld flestum framleiðendum að gefa heilbrigðum dýrum afar mikilvæg sýklalyf til að bregðast við streitu dýranna sem alin eru í allt of miklum þéttleika og óhreinindum. Notkunarleiðbeiningar sem þar er stuðst við eru í bága við tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO og búa beinlínis til sýklalyfjaþolnar bakteríur að mati EWG. Leiðbeiningar FDA eru enn harla máttlausar.

Árið 2016 sýndi rannsókn Pew Charitable Trusts fram á að þrátt fyrir leiðbeiningar frá FDA er vandamálið enn til staðar. Pew Charitable Trusts er leiðandi óhagnaðardrifin rannsóknarstofnun.

Mótstaða gegn sýklalyfjum orðin innbyggð í genamengi baktería

EWG telur að lítil þróun í gerð nýrra sýklalyfja valda áhyggjum. Bakteríur sem hafa nú innbyggt í sitt genamengi mótstöðu gegn sýklalyfjum geti því breiðst hratt út.

Af 14 sýklalyfjum sem FDA prófaði árið 2014 hafði salmonella þróað viðnám við 13 lyfjum. E. coli sýklar höfðu þróað viðnám gegn öllum 14 sýklalyfjunum. Þetta er vegna þess að genið sem veldur ónæmi fyrir sýklalyfjum – til dæmis gegn tetracyklín – getur nú smitast frá ónæmum bakteríum yfir í t.d. salmonellu sem ekki var ónæm fyrir lyfjunum og skapa þannig ónæmar sýkingar.

Yfirvöld taki mikilvæg sýklalyf af verksmiðjubúunum

Eins og er gefur Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna eingöngu út leiðbeiningar með hliðsjón af læknisfræðilegu mikilvægi lyfjanna sem notuð eru. Segja skýrsluhöfundar EWG að stofnunin sé þannig að grafa höfuðið í sand þegar kemur að því að bregðast við því að sýklalyfjaónæmið dreifist á milli bakteríustofna.

„Við teljum að ónæmi bakteríu gegn einu sýklalyfi sé einni ofurbakteríu of mikið. Neytendur ættu ekki að þurfa að bíða eftir víðtækri útbreiðslu fjölónæmra baktería svo FDA þóknist að grípa til aðgerða til að vernda neytendur. Það er kominn tími til að yfirvöld í Bandaríkjunum taki öll mikilvæg sýklalyf út úr rekstri verksmiðjubúanna.“

WHO hvetur bændur til að hætta vaxtarhvetjandi sýklalyfjanotkun

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin



Sýklalyf hafa verið notuð í stórum stíl sem vaxtarhvati og sem fyrirbyggjandi ráðstöfun í dýraeldi. Það er m.a. gefið í fóður og drykkjarvatn dýra á verksmiðjubúum. Þannig er hægt að halda dýrunum lifandi þrátt fyrir þrengsli nógu lengi til að þau komist í sláturhús og verði grunnurinn að „ódýru“ kjöti á borð neytenda. Fólkið sem veikist síðan af völdum ofurbaktería geldur svo í auknum mæli fyrir þann ódýra mat með lífi sínu, náttúran mengast og grunnvatn spillist.

(WHO) gaf út leiðbeiningar haustið 2017 sem hvetja bændur til að stöðva venjubundna notkun sýklalyfja í dýrum sem eru ekki veik.

WHO stofnunin, sem er hluti af stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna, er áhyggjufull yfir að ofnotkun sé að skapa ofursýkla (superbugs) – sem eru banvænar bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem notuð eru til að meðhöndla sýkingar í mönnum.

WHO segir að mótefni gegn sýklalyfjum sé „eitt af stærstu ógnum við heilsu manna á heimsvísu, matvælaöryggi og alla þróun í dag. Það leiði til lengri sjúkrahúsavistar, hærri lækningakostnaðar og fleiri dauðsfalla af sýkingum eins og lungnabólgu, berklum og salmonellu-eitrun.

Stofnunin hvetur bændur til að hætta að fæða heilbrigð dýr á fyrirbyggjandi og vaxtarhvetjandi hátt með læknisfræðilega mikilvægum sýklalyfjum. Þeir eigi aðeins að nota slík lyf til að meðhöndla sjúk dýr, ekki til að auka vöxt eða koma fyrirfram í veg fyrir mögulegar sýkingar. WHO segir einnig að bændur ættu aldrei að nota sýklalyf sem mest þörf er á til að meðhöndla fólk fyrir dýr.

Milljónir sýkjast árlega af ofursýklum

Í Bandaríkjunum leiðir ofnotkun sýklalyfja í matvælum til aukinnar myndunar ofursýkla sem veldur að minnsta kosti tveim milljónum sýkinga á ári sem erfitt er að meðhöndla og miklum fjölda dauðsfalla samkvæmt gögnum Centers for Disease Control and Prevention. Um það bil ein af hverjum fimm sýkingum af þessum toga stafar af bakteríum í mat og dýrum.

Börn eru næmari fyrir þessum sýkingum en fullorðnir. Börn 5 ára og yngri eru 9 prósent af íbúum heims og verða fyrir um 40 prósent af fæðubornum sjúkdómum.

Þrátt fyrir sannanir um sýkingar sem stafa af völdum ofnotkunar sýklalyfja hafa bandarísk yfirvöld ekki gefið út haldbærar reglur eða skipanir um sýklalyfjanotkun í matvælaframleiðslu í matvælum. Þess í stað eru einungis gefin út tilmæli sem bændum er í sjálfs vald sett hvort þeir fari eftir eða ekki.

Leiðbeiningarnar leyfa áfram að notuð séu sýklalyf reglulega, m.a. í fóður hjá heilbrigðum dýrum.

Kalifornía gerir auknar kröfur til verslana um upplýsingagjöf

Kalifornía hefur verið leiðandi af ríkjum Bandaríkjanna í þessum málum. Árið 2015 samþykkti ríkið löggjöf um að banna notkun lyfjafræðilega mikilvægra sýklalyfja á heilbrigðum dýrum sem alin eru upp í Kaliforníu. Þau má einungis nota ef dýralæknar hafa mælt fyrir um það. Í október 2017 gaf San Francisco-borg út reglur sem krefja stórar matvöruverslanir til að tilkynna hvernig sýklalyfjanotkun sé háttað við framleiðslu á öllum vörum sem þar eru á boðstólum, þ.m.t. við framleiðslu á vörum frá öðrum ríkjum. Kjöt og önnur matvara verður samt ekki merkt sérstaklega í verslunum með tilliti til sýklalyfjameðferðar dýra eða grænmetis, heldur mun borgin gera slík gögn opinber á heimasíðu sinni.

Þetta hefur leitt til aukinnar meðvitundar neytenda um málið. Eru því æ fleiri matvælafyrirtæki farin að taka upp þá stefnu til að draga úr sýklalyfjameðferð við matvælaframleiðslu. Viðmiðunarreglur WHO gætu því ekki aðeins ýtt við bændum til að endurbæta starfshætti þeirra. Heldur einnig orðið til að hvetja fleiri fyrirtæki til að móta stefnu sem hjálpað getur fólki að verja sig gegn sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000




Til sölu er garðyrkjustöðin Gróður ehf. Hrunamannahreppi.

Garðyrkjustöðin er um 4100 fermetrar undir gleri og öll lýst sem gerir kleift að rækta þar allan ársins hring. Einnig 200 fermetra pökkunarhús, innangengt úr gróðurhúsunum. Nýleg samvalsvog og kælir eru í pökkunarhúsinu auk kaffistofu og starfsmannaaðstöðu. Að auki eru 5 plastgróðurhús sem samtals eru á milli 5-600 fm. í góðu ásigkomulagi. Í dag eru ræktaðar þrjár tegundir af tómötum í húsunum en þar hafa einnig verið ræktaðar paprikur og gúrkur. Ný MF dráttarvél og 12 tonna vagn auk tækja til útiræktunar fylgja stöðinni.





Frekari upplýsingar og myndir má nálgast á kynningarsíðunni

www.grodur.com

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

DEUTZ-FAHR Agrotron C-SHIFT

DEUTZ FAHR

Klassísku og sívinsælu Agrotron dráttarvélarnar frá DEUTZ-FAHR eru af mörgum taldar einhverjar sterkustu og endingarbestu dráttarvélar sem völ er á í dag.

C-SHIFT útgáfan er þar engin undantekning. Hún er búin rafskiptingu á öllum gírum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír. Einstaklega mjúkar gírskiptingar. Þetta eru liprar og öflugar dráttarvélar sem henta vel við hvers kyns bústörf.



Fyrir þá sem staðfesta kaup á C-shift dráttarvél fram til loka apríl mánaðar bjóðum við sem kaupauka Sauter framlyftu og framaflúrtak.

Ríflegur kaupauki að andvirði 890.000 kr. án vsk.



DEUTZ-FAHR Agrotron 6130.4 C-Shift 130 hö
DEUTZ-FAHR Agrotron 6150.4 C-Shift 150 hö

ÞÓR hf

REYKJAVÍK:	AKUREYRI:	Vefsíða og netverslun:
Krókháls 16	Baldursnes 8	www.thor.is
Sími 568-1500	Sími 568-1555	

TÆKNI & VÍSINDI

Geislar sólarinnar virkjaðir til eldunar

Bandarískur frumkvöðullinn Patrick Sherwin á og rekur fyrirtækið GoSun í kringum vörur sem hann hefur hannað og þróað sem nota eingöngu geisla frá sólu til ýmist að kæla niður matvæli nú og eða elda á sérstöku sólargrilli. Patrick, sem er sérfræðingur í sólarorku, byrjaði vöruþróun í bílskúrnum heima hjá sér því hann hafði það markmið að hanna vörur þar sem fólk gæti eldað matinn sinn á umhverfisvænan hátt.

Fyrirtækið óx hratt og í dag hefur Patrick meðal annars fengið til liðs við sig unga hönnuði, verkfræðinga og hugmyndasmiði sem trúa á hugmyndafræði hans. Patrick segir að í dag eldi um þrír milljarðar manna með óhreinum orkugjöfum eins og eldivið, mykju eða kolum og afleiðingar af því sé hátt hlutfall af öndunarfærasjúkdómum hjá fólki. Þar að auki leiði skortur til dæmis á eldivið oft til þess að fjölskyldur í sumum heimshlutum þurfa að eyða mörgum klukkustundum í að verða sér úti um og flytja hann á sínar heimaslóðir í vistkerfum sem séu nú þegar í hættu. Þurfi þessir sömu íbúar hins vegar að kaupa eldiviðinn þá er það ansi hátt hlutfall af heildarinnkomu fjölskyldunnar.



Bandarískur frumkvöðullinn Patrick Sherwin, sem á og rekur fyrirtækið GoSun, ferðaðist um Bandaríkin í 40 daga í mars þar sem hann neytti eingöngu matar sem eldaður var með sólargeislum.



Spegill beinir sólarljósinu að sívalningi sem hitar matinn sem í honum er.

Margir kostir sólargrillsins

„Ég var búinn að eiga í basli með að taka í sundur vatnshitaratæki sem hitað er af sólinni þegar ég uppgötvaði að sennilega gæti ég upphitað hádegismatinn minn með vakúmrörinu sem lá við hliðina á mér. Þegar maturinn kom



Á hverjum degi elda um 40 prósent jarðarbúa við opinn eld og ganga þar með á skóga heimsins en með GoSun-grillinu þarf einungis geisla sólar til að elda matinn.





heitur og grillaður út úr rörinu þá varð það opinberun fyrir mér," segir Patrick, sem hafði í mörg ár unnið í þróunarlöndum við að aðstoða fólk að fá orku til sín á sem ódýrastan og einfaldastan hátt. Einnig starfaði hann sem sjálfboðaliði til að koma í veg fyrir orkufátækt á Haítí og í Suður-Ameríku.

Hugmynd Patricks er að með sólargrillinu geti fólk eldað matinn sinn án nokkurs jarðefnaeldsneytis, kola eða eldiviðar og að enginn skaðlegur reykur myndist við eldun með sólargrillinu en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætlar að um 4 milljónir manna deyi á hverju ári vegna öndunarfærasjúkdóma sem eru afleiðing af eldun með föstu eldsneyti. Sé grillið notað daglega getur það sparað um tvö tonn af losun gróðurhúsalofttegunda á ári hverju á hverja fjölskyldu. */ehg*

Hyundai leggur aukna áherslu á vetnisknúin efnarafal:

Nýr Nexo vetnis-sportjeppi kemst 600 km á einni fyllingu

– Skilar engri kolefnismengun og aðeins vatni við efnahvörf á vetni

Meðan flestir bílaframleiðendur virðast leggja höfuðáherslu á að bjóða upp á rafbíla með endurhlaðanlegum lithiumion rafhlöðum sem valkost við bensín- og dísilbíla, þá leggur Hyundai nú aukna áherslu á vetnisknúna rafbíla. Hefur þýski bílaframleiðandinn Audi einnig tekið upp samvinnu við Hyundai um vetnisbílavæðinguna.

Nýr vetnisknúinn Hyundai Nexo sportjeppi er sagður komast 611 km eða 380 mílur á einni 6,3 kg samanþjappaðri vetnishleðslu. Í raun er um rafbíl að ræða sem fær raforkuna frá efnarafal í stað þess að nota rafgeyma. Við það vinnst tvennt. Annars vegar þarf ekki að bíða í langan tíma eftir að bíllinn hlaði inn á sig rafmagni því það er framleitt með vetni sem er fljótlegt að dæla á tanka bílsins. Þá er auðveldara að útbúa bílinn til langrar keyrslu en rafmagnsbíl sem þarf stærri og mun þyngri rafhlöður til að komast langt.

Bíll sem drykkjufélagi

Engin mengun fylgir bruna á vetni, því það breytist einfaldlega í vatn eins og það sem vetnið var upphaflega unnið úr. Einn dyggur lesandi Bændablaðsins sagðist binda miklar vonir við þróun vetnisbílanna og hlakkaði til að geta nýtt sér slík farartæki í framtíðinni. Þá gæti hann loks eignast bíl sem hann gæti drukkið með. Ekki sakaði að auðvelt væri að framleiða vetni hvar sem er, með afgangsraforku, vindmyllum, jarðgufu eða vatnsfallsorku.



Hyundai bindur miklar vonir við nýja Nexo-vetnissportjeppann. Mynd / Hyundai

Mikil drægni

Til að geyma vetnið í Nexo jeppanum eru þrír tankar. Drægni hans er rúmlega 600 km sem er mun meiri en forvera hans Hyundai Tucson sem hefur m.a. verið á markaði í Suður-Kaliforníu. Þá er drægnin líka aðeins meiri en á Honda Clarity vetnisbílnum sem kemst 366 mílur, eða um 589 km á hleðslunni, og Toyota Mirai, sem kemst 312 mílur, eða 502 km á einni tankfyllingu. Tesla hefur heldur ekki tekist að slá Nexo út, en Tesla Model S 100D vetnisbíllinn kemst „ekki nema" 335 mílur, eða 539 km á tankhleðslunni.

Betri nýting á eldsneyti

Hyundai hefur tekist að ná talsvert betri nýtingu með nýjum efnarafal sem umbreytir vetninu í raforku. Hefur nýtingarstuðullinn á vetnisorkunni hækkað úr 55% í 60% sem samt vart er þó hægt að hrópa húrra fyrir.

Hyundai hefur unnið að smíði vetnisorkukerfis síðan 1998, en fyrsta prufugerðin af slíkum bíl kom á götuna í Tucson bíl árið 2000. Nýja útgáfan af efnarafalnum er mun öflugri en fyrirrennarinn, auk þess að vera minni, léttari og með betri orkunýtni. Þá getur hann unnið á mun víðara hitasviði sem talið er gefa honum betri endingu. Þá er hægt að kaldstarta nýja vetnisbílnum í frosti allt niður í -22 gráðum, en kuldi hefur einmitt verið einn helsti Akkilesarhæll vetnisbíla en samt ekki eins mikill og rafhlöðuknúinna rafbíla.

Snerpan þolanleg

Efnarafallinn gefur 100 kílówött en vetnisbíllinn er þó ekki eins snarpur og hreinn rafbíll eins og Kona sportjeppinn sem kemst þó ekki „nema" 415 km á einni raffyllingu. Þannig er Nexo vetnisjeppinn 9,2 sekúndur að komast úr 0 í 60 mílna hraða (96,6 km) á meðan Hyundai Kona rafbíllinn er 7,6 sekúndur að ná sama hraða. */HKr.*

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet Dýraheilsa

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni
Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natríumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt
Eykur orku – Dextrósi
Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, timótei og thymol



LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar
Eflir ónæmiskerfið – Broddur
Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)
Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vítamína og járns
Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þríglyseríðar



Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is





Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið *Smáauglýsingar* **56-30-300**

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Bændablaðið

Kemur næst út 11. apríl

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Allt að 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði

Mannvit verkfræðistofa f.h. Þverárdals ehf., hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði. .

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 25. mars — 7. maí á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Vopnafjarðarhrepps, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. maí 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun



LAND & LANDNYTJAR

Landssamtök landeigenda á Íslandi mótmæla framlögðum breytingatillögum á náttúruverndarlögum:

Fólki er freklega misboðið að það er sífellt verið að ganga meira á rétt landeigenda

– segir Óskar Magnússon, formaður félagsins, og segir margt afar sérkennilegt í frumvarpsdrögunum

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) var haldinn á Hótel Sögu þann 14. mars síðastliðinn og þar var samþykkt harðorð ályktun um drög að frumvarpi umhverfis- og auðlindaráherra til breytinga á náttúruverndarlögum nr. 60 frá 2013.

LLÍ gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar og telja að verði þær að lögum muni á ný skapast fullkomið ófremdarástand á fjölsóttum ferðamannastöðum, eignarréttur landeigenda verði fótum troðinn og misskilinn almannaréttur sé gerður rétthærri en stjórnarskrárvarinn eignarréttindi.



Óskar Magnússon, formaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi, segir að í frumvarpsdrögum til breytingar á náttúruverndarlögum nr. 60 frá 2013 reki sig hvað á annars horn. Mynd / HKr.

Stjórn endurkjörin

Um 400 manns eru nú í Landssamtökum landeigenda á Íslandi og hefur farið fjölgandi. Á aðalfundi félagsins var stjórnin endurkjörin, en í henni sitja Óskar Magnússon á Sámsstaðabakka, sem er formaður, Sigurður Jónsson í Eyvindartungu, Guðrún María Valgeirsdóttir í Reykjahlíð, Björn Magnússon að Hólabaki og Örn Bergsson á Hofi í Öræfum og fyrrverandi formaður. Varastjórn skipa þau Snorri H. Jóhannesson, Erlendur Ingvarsson, Þórólfur Sveinsson, Haukur Halldórsson og Elín Líndal.

Fólki er freklega misboðið – óþarfa breytingar á lögum

Óskar Magnússon, formaður félagsins, sagði í samtali við Bændablaðið að í meginatriðum sé verið að breyta tveim atriðum sem sé hreinn óþarfi að breyta.

„Fólki er freklega misboðið því að það sé sífellt verið að ganga meira á rétt landeigenda. Við teljum að það sé ekkert voðalegt ófremdarástand í þessum málum. Við hefðum þó viljað gera greinilegri og skýrari rétt landeigenda til þess að takmarka för um land sitt.

Þau ákvæði, sem hefur verið beitt að undanförnu, hafa langleiðina dugað að mestu, þótt nýlega sé fallinn héraðsdómur þar sem réttur landeigenda er fyrir borð borinn. Þar virðist ekki vera nógu sterk ákvæði til að banna hópferðir niður að flugvélaflaki á Sólheimasandi þótt landið sé í einkaeigu og landeigendur stundi sjálfir ferðir þangað niður eftir. Að öðru leyti hafa ekki verið verulegir árekstrar neins staðar á landinu, hvorki þar sem tekið er gjald fyrir inngang, né þar sem tekið er gjald fyrir bílastæði. Hefur þetta verið að leita jafnvægis á undanförnum árum samhliða auknum fjölda ferðamanna.

Það hefur verið aukinn skilningur á því að það þurfi að vera tækifæri til og möguleiki á því að koma upp hinum margfræga innviðum. Sem eru þá bílastæði, girðingar, stéttir, stígar, pallar, brýr og tröppur og svo framvegis. Allt kostar þetta peninga. Reyndar hefur ríkið gengið þar fram fyrir skjöldu varðandi bílastæðagjöld á Þingvöllum þar sem teknar eru inn gríðarlega miklar tekjur og langt umfram það sem þarf vegna bílastæðanna.“

Sérkennilegur greinarmunur

„Í þessari lagabreytingu sem nú er lögð til eru bílastæðin alveg látin í friði, kannski vegna þess að þar er ríkisvaldið að taka sinn stærsta hluta. Hins vegar er gerður mjög sérkennilegur og í raun óskiljanlegur greinarmunur á þjónustu sem felst í að þjónusta bíla annars vegar og selja þeim aðgang og hins vegar þjónustu vegna aðgangs að göngustígum sem lagðir hafa verið og eru í stöðugu viðhaldi. Er sérstaklega tekið fram í þessari lagabreytingu að almennt viðhald svæðis teljist ekki þjónusta sem heimili gjaldtöku. Þar er tilgreind sérstaklega stígagerð, gerð brúa og þess háttar. Eitthvað sem ég hélt einmitt tilheyra nauðsynlegri uppbyggingu innviða sem mikið hefur verið talað um.

Það rekur sig hvað á annars horn í þessu og alveg óskiljanlegt að það megi búa til bílastæði fyrir mörg hundruð eða þúsundir bíla og rukka fyrir það. Fólkið sem kemur út úr bílunum og fer síðan inn á eitthvert svæði eða náttúruperlu má hins vegar ekki innheimta af pening til uppbyggingar innviða.“

Ferðamenn ánægðir

Bendir Óskar á uppbyggingu á fjölda staða eins og í Raufarhólshelli, við Kerið í Grímsnesi, á Helgafelli á Snæfellsnesi og víða um land. Sjálfur er hann tengdur rekstrinum í Kerinu, þangað sem koma um 300.000 ferðamenn á ári. Voru eigendur Kersins í raun frumkvöðlar um innheimtu gjalds fyrir aðgengi að náttúruperlu. Olli það nokkru uppnámi hér innanlands á sínum tíma, en Óskar segir að þetta hafi gengið mjög vel og lýsi það sér best í afar góðum umsögnum ferðamanna á vefsíðu TripAdvisor á netinu. Þar fái Kerið gjarnan fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Ekki hafi komið fram nein gagnrýni af hálfu notenda á það fyrirkomulag sem þar er viðhaft. Þarna hafi menn tekið þá ákvörðun að rukka ekkert fyrir bílastæðin, en eingöngu fyrir aðgang að Kerinu sjálfu og stígum sem þar eru og séu í stöðugu viðhaldi allt árið um kring. Ef frumvarpsdrögin ná óbreytt fram að ganga, þá verður óheimilt að innheimta aðgöngugjald að Kerinu sjálfu með tilheyrandi þjónustu sem þar er innt af hendi, en heimilt að rukka fyrir bílastæðaafnot.

„Mér skilst að ef menn eru með leiðsögumann þá sé það talið þjónusta samkvæmt frumvarpsdrögunum sem rukka megi fyrir. Hins vegar ef menn útbúa bækling, uppdrátt eða leggja göngustíga svo kílómetrum skiptir þá teljist það ekki þjónusta og megi því ekki rukka fyrir slíkt.

Svo máttu taka gjald af fólki sem kemur á svæðin svo framarlega að það komi í hópferðabíl og um sé að ræða endurtekna og skipulagða hópferð í atvinnuskyni. Þetta er svo sem ekki alveg fráleit hugsun að það sé einhver munur á einstaklingi eða þeim sem gerir út á land annars. Ef menn horfa hins vegar til þess að á Íslandi eru kannski 50–60 þúsund bílaleigubílar sem gerðir eru út í atvinnuskyni til aksturs um landið, þá horfir málið öðruvísi við. Það geta kannski verið tveir til fimm í hverjum bíl. Óbreyttar lagabreytingar þýða að allur sá fjöldi sem fer á þessum bílum um allt land, borgar hvergi aðgangseyri þrátt fyrir augljósan átroðning á landinu. Það verður aðeins borgað fyrir afnot af bílastæðum.“

Eingöngu má rukka fyrir suma rútufarþega en ekki aðra

„Það er meira að segja tekið fram í þessum frumvarpsdrögum að það megi ekki rukka einstaka rútu skólafélaga sem eru á ferðalagi, eða skátahóps. Með öðrum orðum, ef skólafélagar eru að fagna t.d. 30 ára útskrift og taka sig saman og leigja eina eða fleiri rútur og fara í einhverja náttúruperlu, þá má ekki rukka fyrir það. Þessir gestir þurfa heldur ekki að spyrja leyfis landeigenda til að fara um hans svæði. Tekið er fram að það sé allt of mikið vesen að hafa upp á landeiganda og stundum séu þeir líka margir.

Hvernig á landeigandi að stýra eða fylgjast með því hvernig samsetning rútuferðamannanna er? Hvaða ástand halda menn að skapist á þeim stöðum þar sem kemur rúta eftir rútu þegar búið verður að skapa flækjustig af þessu tagi sem er ekki fyrir hendi í dag?

Það gæti hæglega komið upp dæmi þar sem koma t.d. 700 kórfélagar úr Norræna kórasambandinu. Þeir leigja 15 rútur og geta farið óhindrað inn á hvaða land sem er, án þess að þurfa að spyrja landeigendur leyfis, né borga krónu fyrir átroðning á landinu.“

Í ályktun aðalfundar LLÍ er meðal annars bent á eftirtalin atriði:

- Hin forni almannaréttur tók til frjálsrar farar gangandi manna um eignarlönd annarra og var ekki annað en umferðarréttur í vegalausu landi. Rétturinn var undantekningarheimild frá ótvíræðum eignarrétti og til þess gerður að greiða för á milli tveggja staða á tímum þegar samgöngur voru með öðru sniði en nú er. Vegfarendum bar að hlíta ströngum undantekningum og greiða bætur eða sæta öðrum viðurlögum ef ekki væri að þessum reglum farið. Um þetta liggja fyrir fjölmargar lögfræðilegar fræðigreinar sem vart teljast umdeildar. Samtök landeigenda eru ekki mótfallinn þessum forna almannarétti. Þvert á móti styðja þau þennan umferðarrétt almennings eins og hann hefur verið túlkaðir frá tímum Jónsbókar.

- Breytingartillögurnar gera ráð fyrir að landeigenda sé ekki lengur heimilt að takmarka eða banna för um land sitt nema við sérstakar aðstæður og aldrei með gjaldtöku fyrir aðgang. Hins vegar er heimilt að taka gjald fyrir bílastæði og gerð þeirra. Sérstaklega er tekið fram ólögmætt sé að taka gjald vegna viðhalds ferðmannasvæða og hnykkt á því að lagning stígs eða bygging göngubrúa eða slíkra mannvirkja, feli ekki í sér þjónustu. LLÍ telja þessa afmörkun ólögmæta. Ekki fær staðist að gjald megi taka fyrir að búa til malarstæði fyrir bifreiðar en að ekki megi taka gjald fyrir mannvirki til verndar náttúrunni svo sem malarstíga, tröppur, útsýnispalla, brýr og stiga. Hér er sönnunarbyrði snúið við og lagt að herða landeiganda að sýna fram á að beita megi takmörkunum. Allt mat er lagt í hendur stjórnvalda. Ljóst er að alla hugsun vantar í framsetningu þessa ákvæðis.

- Gjaldtaka er einungis heimil ef um er að ræða endurteknar hópferðir í atvinnuskyni. Þannig er ekki heimilt að taka gjald fyrir hópferð sem talin er koma í eitt sinn og ekki í atvinnuskyni, t.d. ferð gamalla skólafélaga á tiltekið eignarland jafnvel þótt saman færu hundruð manna á mörgum rútum.

- LLÍ benda á, að engin leið verður að reka ferðmannastaði með þeim takmörkunum sem fram eru settar. Rekstaraðili eða landeigandi getur aldrei vitað hvort rúta sem kemur á staðinn er komin í fyrsta sinn eða er hluti af endurteknu ferðaskipulagi. Viðamikið eftirlitskerfi, starfsfólk og umstang, þarf til þess að komast á snoðir um það hvort viðkomandi gestir komu á eigin vegum, í rútu sem aðeins kom einu sinni, eða í rútu sem stundar endurteknar ferðir á sama staðinn.

- Landeigandi sem kýs að verja náttúruna með stígum, pöllum, tröppum, og öðrum viðlíka mannvirkjum á þess engan kost að fá kostnað sinn bættan. Bílastæði hafa forgang, náttúran ekki. Náttúrverndarlög hafa snúist upp í andstæðu sína.

- Landssamtök landeigenda á Íslandi mótmæla skerðingu stjórnarskrárvarins eignarréttar landeigenda með tilefnislausri lagasetningu sem mun einungis skapa árekstra uppnámsástand við stóra og smáa ferðmannastaði og verða náttúruvernd til skaða.

Óttast hraðkeyrslu frumvarpsins gegnum Alþingi

Óskar Magnússon segist óttast að knýja eigi frumvarpið með hraði í gegnum afgreiðslu Alþingis. Skella því inn í þingið fyrir 31. mars til þess að það komist á málaskrá vorþingsins.

„Það er viss hætta á að menn fái ekki mikil tækifæri til að velta fyrir sér þeim tugum athugasemda sem bárust við frumvarpsdrögunum. Það er ekki líklegt að menn fái mikinn tíma til að liggja mikið yfir því,“ segir Óskar Magnússon.

/HKr.

Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika



www.hrimnir.shop
runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA

HRÍMNIR

Selen ásamt E-, A– og D-vítamín á fljótandi formi, hentar vel fyrir ær og gimbrar fyrir sauðburð



-Mjög hátt hlutfall af vítamínum og seleni
-Tilvalið að gefa fyrir burð
-Hefur eflandi áhrif á ónæmiskerfið
-Getur minnkað líkur á dauðfæddum lömbum
-Auðvelt að gefa um munn

Flaskan kostar 5.490kr og dugar í 125 ær!

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar: www.kb.is

Hótelrúmföt og handklæði

fyrir ferðaþjónustuna







Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús

Eigum allt fyrir:
- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann

86 ára

EDDA HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is



MouseShield **músa**kítti

Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra


Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

PÁSKATILBOÐ



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
INNRÉTTINGUM
TIL PÁSKA

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Enn hækkað verð!

Greiðum nú 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

Ráðstefna haldin í tengslum við ársfund Bændasamtaka Íslands á Hótel Örk í Hveragerði:

Sérstaða íslensks landbúnaðar og ógnirnar við hann

Ársfundur Bændasamtaka Íslands var haldinn föstudaginn 15. mars á Hótel Örk í Hveragerði. Fyrir hádegi voru hefðbundin aðalfundarstörf ársfundarins, en ráðstefnuhald eftir hádegi. Um kvöldið var svo bændahátíð. Fyrir kaffi var fjallað um sérstöðu íslensks landbúnaðar og þær ógnir sem steðja að honum.

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands, setti ráðstefnuna, sem haldin var undir yfirskriftinni Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar? Í setningarræðunni gerði Guðrún frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra meðal annars að umræðuefni, en það heimilar innflutning á hráu og ófrystu kjöti, hráum eggjum, ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum. Sagði hún afar mikilvægt að Ísland varðveiti sérstöðu sína varðandi eigin matvælaframleiðslu og nýti sóknarfærin sem þessi staða gefi til að bæta hag bænda.

Guðrún sagði að bændur telji að sér stafi ógn af innflutningi eins og frumvarp ráðherra gerir ráð fyrir og engin skynsamleg rök mæli með því að fórna þeirri frábæru stöðu sem Ísland byggi við í dag, hvað varðar hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða. Hún sagði að sjónarmiðin sem virðast ráða för snúi að viðskiptahagsmunum og viðskiptafrelsi. Umræðan undanfarna daga sýni að almenningi standi ekki á sama um íslenskan landbúnað. Nýleg skoðanakönnun sýni til að mynda að 58 prósent aðspurðra vilja halda áfram í það fyrirkomulag sem verið hefur með innflutning á hráu kjöti.



Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands, setur ráðstefnuna Hver er sérstaða íslensk landbúnaðar? Mynd / smh



Karl G. Kristinsson ræddi um þær ógnir sem felast í auknum innflutningi á landbúnaðarvörum gagnvart íslenskum landbúnaði og lýðheilsu á Íslandi. Mynd / Hkr.

Matvælalöggjöf ESB ekki tekið nauðsynlegum breytingum

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði ráðstefnugesti eftir setningarræðu Guðrúnar. Hún ræddi svolítið um nýja matvælastefnu sem er í burðarliðnum, loftslagsmálin og vandamál tengd matvælasóun og vék svo talinu aðeins að innflutningsfrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Sagði hún að óhjákvæmilegt hafi verið að breyta lögum hér á landi í samræmi við dóm EFTA-dómstólsins, um það meðal annars að óheimilt væri að setja skilyrði um að innflutt hrátt kjöt væri fryst. Það væri þó hennar skoðun að matvælalöggjöf Evrópusambandsins hefði ekki tekið nauðsynlegum breytingum. Katrín sagði að löggjöfin grundvallaðist fyrst og fremst á viðskiptahagsmunum, meðal annars þess að hægt væri að flytja vörur og þjónustu frjálst yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hún hefði hins vegar ekki tekið nauðsynlegum breytingum; að hún taki tillit til dýraheilbrigðis,



Katrín Jakobsdóttir telur að matvælalöggjöf Evrópusambandsins hafi ekki tekið nauðsynlegum breytingum. Mynd / smh

sýklalyfjaónæmis, matvælaöryggis og fæðuöryggis.

Íslensk stjórnvöld hafi komið þessum sjónarmiðum á framfæri við embættismenn Evrópusambandsins; að óásættanlegt væri að ekki sé tekið tillit til þessara þátta gagnvart Íslandi.

Viðbragð íslenskra stjórnvalda við dómnum væri meðal annars að setja í gang aðgerðaráætlun um sýklalyfjaónæmi, auk þess sem varnir verði reistar gagnvart kampýlóbakter og salmonellu.

Einstök staða íslensks landbúnaðar

Það var vel við hæfi að Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Landspítalann, fylgdi í kjölfar forsætisráðherra með sitt erindi þar sem hann ræddi um einstaka stöðu íslensks landbúnaðar hvað varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaónæmi. Karl sagði að sérstaða Íslands fælist í landfræðilegri stöðu og þeirri staðreynd að íslenskir bústofnar hafi nánast verið einangraðir í nær þúsund ár. Því finnist mun færri smitsjúkdómar í íslensku búfé en annars staðar. Þessi góða staða geri hins vegar stofnana viðkvæma fyrir smiti erlendis frá.

Afar lág smittíðni súnusjúkdóma hér

Kostir hinnar góðu stöðu séu hins vegar þeir að færri innlagnir fólks eru á sjúkrahús vegna svokallaðra súnusjúkdóma, sem smitast náttúrulega á milli manna og dýra, auk þess sem hér sé lágt hlutfall sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum og mönnum. Margir súnusjúkdómanna fyrirfinnist einfaldlega ekki hér á landi en nýgengi smita, þeirra fáu slíkra sjúkdóma sem hér finnast (kampýlóbakter og salmonella til dæmis), sé lágt miðað við annars staðar í Evrópu. Nýjasta skýrsla Evrópusambandsins um stöðu mála – sem er frá 2017 – sýni þetta. Frystiskylda á innflutta hráa kjúklinga með kampýlóbaktersmit sem komið var á í maí 2000 hafi haft mikið um það að segja að svo lágt nýgengi þessara smita sé hér á landi – og raunar sé tíðnin lægst hér á landi í Evrópu. Hið sama gildi um salmonellusmit.

Karl ræddi einnig um aðsteðjandi hættur frá öðrum dýrasjúkdómum sem breiðast út um Evrópu; afrísk svínapest, gin- og klaufaveiki og mæðuveiki geti borist með ýmsum leiðum eins og til dæmis landbúnaðaráhöldum, -tækjum og -verkfærum, ekki síður en með matvælum.

Sýklalyfjaónæmi mesta ógnin við lýðheilsu

Næst talaði Karl um sýklalyfjaónæmi. Hann sagði að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefði gefið það út í maí 2015 að sýklalyfjaónæmi væri mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum. Vandamálið snúist ekki einungis um að ekki verði til sýklalyf til að vinna á alvarlegum sýkingum heldur líka til forvarna; til dæmis í skurðaðgerðum og í krabbameinsmeðferðum.


Orsökin fyrir þessari þróun segir Karl óhóflega sýklalyfjanotkun; bæði til lækninga á sýkingum í fólki en einnig í landbúnaði þar sem búfé er gefið sýklalyf með fóðri; sem forvörn og til vaxtarörvunar. Sýklalyfjaónæmi geti borist með matvælum til Íslands frá löndum þar sem umhverfi sé mengað og mikil sýklalyfjanotkun er í landbúnaði. Skortur sé á rannsóknum á þessum málum en líklegt sé að áhættan sé mest tengd innflutningi á salati og öðru fersku grænmeti, kjúklingum og öðrum alifuglum og svínakjöti. Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum muni auka líkur á því að nær alónæmar bakteríur nái hér fótfestu og að nýir búfjársjúkdómar berist til landsins.

Karl sagði að lokum að vekja þyrfti bændur, dýraeigendur og allan almenning til umhugsunar um hvort og hvernig við vildum varðveita sérstöðu okkar.

Útskýra þarf hugtök og upplýsa um rétt

Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu, var næstur á mælendaskrá ráðstefnunnar. Yfirskrift hans erindis var Hvernig tölum við um lýðheilsu og matvælaframleiðslu? Hann sagði að Bændasamtökin og samstarfsaðilar hafi leitað eftir samstarfi við Hvíta húsið um hvernig kynna mætti almenningi á fræðandi hátt, möguleg áhrif af frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem felur meðal annars í sér afnám frystiskyldu á hráu kjöti sem flutt er til landsins.

Eiríkur sagði þetta vera flókin mál og það skipti máli hvernig þau



Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu, fjallaði um hvernig talað væri um lýðheilsu og matvælaframleiðslu í samfélaginu. Mynd / HKr.

sé sett fram til að fólk einfaldlega skilji þau. Útskýra þurfi hugtök og heiti umræðunnar auk þess sem upplýsa þurfi neytendur um rétt þeirra til upplýsinga um merkingar búvara, framleiðslu þeirra og uppruna. Gefa þurfi neytendum valdið.

Verkefnið snúist þó ekki síst um að tala um sérstöðu Íslands og hvernig við höfum skapað okkur þá stöðu.

Eiríkur sagði að við skoðun komi í ljós að 67 prósent neytenda vilji vita um allt sem sé í matnum þeirra. Þá athugi 84 prósent neytenda hvaðan vörur eru upprunnar, annaðhvort alltaf eða oftast og 68 prósent neytenda fannst uppruni vara skipta mjög eða nokkuð miklu máli þegar ákvörðun er tekin um kaup á henni. Af þessu megi sjá að neytendur hugsi um þessi mál nú þegar og því sé mikilvægt að umræðan sé fræðandi og talað sé um stöðuna eins og hún er í raun og veru. Nýleg könnun hafi leitt í ljós að 57 prósent landsmanna vilji viðhalda frystiskyldunni, en einungis 18 prósent aflétta henni. Eiríkur benti á að með því að taka þessa afstöðu kynni fólk að vera um leið að taka afstöðu um önnur skyld mál; frystiskyldan kynni þannig að tákna matvælaöryggi, vera tákn um stífar reglur um innflutning matvæla og að setja eigi lýðheilsu og matvælaöryggi ofar viðskiptahagsmunum.

Mikilvægt væri að ná til þess fólks sem hafi annaðhvort ekki myndað sér skoðun um málið eða fólks sem ekki hefur kynnt sér málið sérstaklega vel. */smh*

Sjá frekari umfjallanir um ráðstefnuna á blaðsíðu 28.



Ráðstefnugestir á Hótel Örk.



Myndir / smh

Auglýsingasíminn er:

563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

HÁGÆÐA VATTERAÐUR JAKKI


ELKA



- Blátt fóður
- Tveir hliðarvasar með rennilásum
- Vindhlíf á bak við rennilás
- Stroff á ermum
- Innri vasi með rennilás
- Innri vasi með smellu fyrir litla spjaldtölvu
- Flís á innanverðum kraga
- Teygja í mitti

HÁGÆÐA KAFFI Í KAUPBÆTI

Efni: 100% pólýamíð
Litir: Svartur
Stærðir: XS-3XL



2 lita jakki



Burðapoki fyrir jakka

Tilboð!
Gildir meðan birgðir endast

106000 - Vatteraður jakki **kr. 6.900,-**

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

ChitoClear



Íslenskt hugvit, hráefni & framleiðsla

Íslenskt sárasprey
fyrir öll dýr, stór og smá

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu


Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

primex
www.primex.is
s. 460 6900

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS

Ert þú ferðafær?

Toyota Land Crusier 150 sameinar betur en flestir bílar eiginleika rúmgóðs fjölskyldubíls og dugandi fjallabíls. Með AT33 lausninni getur Arctic Trucks gert bílinn þinn að öflugum ferðabíl sem opnar þér nýja möguleika til ferðalaga og veitir þér tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru á þægilegri máta. Ekki skemmir fyrir að bíllinn verður bæði glæsilegri og kraftalegri útlits!



Arctic Trucks býður einnig stærri lausnir fyrir Land Cruiser 150, svo sem AT35, AT38 og AT44.
Nánar á **www.arctictrucks.is.**

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðinga-vinnu og aðrar framkvæmdir



Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS



SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVOGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Lely Center Ísland

VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR



Case IH



Steyr



Zetor



Deutz Fahr



IMT



Fiat

Útvegum varahluti í gömlu vélarnar



New Holland





John Deere

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is

Ráðstefna haldin í tengslum við ársfund Bændasamtaka Íslands í Hverageröi:

Sérstaða og tækifæri íslensks landbúnaðar



Ráðstefnugestir á Hótel Örk.

Á seinni helmingi ráðstefnunnar *Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar?*, sem haldin var í tengslum við ársfund Bændasamtaka Íslands á Hótel Örk í Hverageröi 15. maí, var sjónum beint að ýmsum tækifærum sem eru í íslenskum landbúnaði.

Fjórir voru á mælendaskrá eftir kaffihlé; Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, Verndun og ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap, Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi, Hulda Brynjólfsdóttir, bóndi og eigandi smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna og Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Matarauði Íslands.

Eygló gaf yfirlit yfir stöðu og horfur lífrænnar ræktunar á Íslandi og á heimsvísu. Hún sagði að tilurð lífræns landbúnaðar sé sprottin úr slæmu ástandi í Mið-Evrópu um miðjan níunda áratug síðustu aldar; vandamálum sem fylgdu mengun, súru regni og verksmiðjubúskap. Evrópusambandið lagði í kjölfarið grunn að löggjöf um lífrænan landbúnað og þar með vottunarkerfi fyrir landbúnað sem gengur í gagnstæða átt við þá þróun sem hafði átt sér stað. Í Bandaríkjunum var að sögn Eyglóar landbúnaður og matvælaframleiðsla líka á villigötum – sem fólst í þaulræktun og erfðabreyttri ræktun – og hafði í för með sér jarðvegseyðingu, mengun og lífsstílssjúkdóma.



Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður framleiðenda í lífrænum búskap.

Danir leiðandi á heimsvísu

Eygló sagði að Evrópusambandið hafi verið með markvissa aðgerðaráætlun um lífrænan landbúnað frá 2004 en Tún, íslenska vottunarstofan fyrir lífrænar landbúnaðarvörur, var stofnuð 1994. Undanfarin ár hafi ríkt stöðnun, þegar mælt sé hlutfall af ræktanlegu landi á Íslandi sem sé lífrænt vottað – sem er í dag um 1,3 prósent. Tvenns konar vottuð leyfi eru veitt hér á landi; fyrir landbúnað og vinnslu – og eru um þrjátíu aðilar sem hafa leyfi í hvorum flokki. Sagði Eygló að viðvarandi skortur væri á vissum tegundum lífrænt vottaðra búvara, eins og til dæmis á grænmeti, mjólk og egg – auk þess sem í sumum vöruflokkum væri einfaldlega engin framleiðsla lífrænt vottuð, eins og í nautakjöti og kjúklingum.

Eygló sagði að á heimsvísu væru um 70 milljónir hektara lands undir lífrænum landbúnaði og var um 20 prósent aukning milli áranna 2016 og 2017. Framleiðendum hefði fjölgað um fimm prósent á þessum tíma. Víða í fjölmennustu löndum heimsins væri mikill vöxtur í framleiðslu og metnaðarfullar stefnumótunaráætlanir Evrópulanda hafi komið fram á síðustu árum. Danmörk kallar sig núna til dæmis leiðandi þjóð í lífrænni framleiðslu heimsins (world leading organinc nation). Þeir séu nú með hæstu markaðshlutdeild lífrænna vara á matvörumarkaði, eða rúmlega 13 prósent. Til að ná markmiðum sínum noti Danir opinber innkaup matvæla, til dæmis geri þeir kröfu um að 60 prósent máltíða í eldhúsum ríkisins séu úr lífrænt vottuðu hráefni.

Þörf á heildstæðu átaki

Næst ræddi Eygló um vottunarmerki fyrir lífrænar vörur. Hún sagði að á döfinni væri að svokallað Evrópulauf verði nýtt merki fyrir allar slíkar vörur í Evrópu og myndi hafa alþjóðlegt gildi. Mikið hagræði væri í því að sameina önnur merki undir Evrópulaufinu og fækkaði flækjustigum. Með þeirri breytingu gefist tækifæri fyrir íslenska framleiðendur og samkeppnisstaða þeirra batni.

Í samantekt hennar kom fram að meta verði lífrænan landbúnað út frá markmiðum hans og vaxandi útbreiðslu í heiminum. Umfram eftirspurn væri á Íslandi eftir slíkum vörum og til að hægt sé að ná góðum árangri hér þurfi að setja einhvers konar stefnu sem hrindi af stað heildstæðu átaki með aðkomu stofnana, stjórnvalda og hagsmunaaðila.



Örn Karlsson ræddi um ný tækifæri í sölu á afurðum bænda.

Ný tækifæri í sölu á afurðum bænda

Örn Karlsson tók næstur til máls og ræddi um ný tækifæri í sölu á afurðum bænda. Hann byrjaði á því að segja að bærinn sinn, Sandhóll í Meðallandi, nyti mjög góðra skilyrða til ræktunar. Þrjú lögbýli væru í samstarfi um nautgriparæktunina og þá jarðrækt sem þar væri; aðallega hafra, bygg og repju.

Síðan fór Örn yfir þær vörur sem væru í raun framleiddar úr hráefninu. Vörur sem framleiddar eru úr repjunni (sem er reyndar vornepja) væru matarolía, sápur, smurolía fyrir línurnar í línubáta, repjuhrat sem próteingjafi í nautgripaeldi og svo væri hálmurinn notaður fyrir undirburð fyrir skepnur. Byggkornið væri notað til bruggunar á viskíi, gini og fleiri áfengistegundum (sem að langmestu leyti sé flutt út), það væri orkuríkt fóður í nautgripaeldi og svo væri hálmurinn notaður í undirburð. Hafrar er svo það sem er nýjast í ræktun á Sandhóli. Þeir eru seldir bæði sem tröllahafrar og haframjöl í verslunum á Íslandi, hýðið notað sem heilfóður í nautgripaeldi, hálmurinn í undirburð. Sagði Örn að hafrarnir hafi selst svo vel frá því að byrjað var að markaðssetja þá í haust, að líklega yrði farið í að tvöfalda framleiðsluna – en það sennilega dygði ekki til.

Ekki til nægur hálmur á Íslandi

Sjálfir nota bændurnir á Sandhóli hálm sem undirburð í sínum fjósum, en þeir komust að þeirri niðurstöðu eftir vettvangsferðir um Evrópu að nautgripum líður best við slíkar aðstæður. Ástæðuna fyrir því að ekki fleiri nautgripabændur noti hálm sem undirburð á Íslandi, segir Örn að það sé einfaldlega ekki til nóg af honum.

Næst vék Örn tali sínu að fyrirkomulagi á sölu afurða bænda. Hann sagði að flestir bændur hefðu þann háttinn á að senda sínar afurðir til afurðastöðvar – og hugsi síðan ekkert meira um sölu þeirra. Hann teldi hins vegar að aðaltækifærin fyrir bændur fælust í því að komast nær neytendum, til dæmis með því að búa til vörumerki og nota leiðir í gegnum heildsala, verslanir, netið, Beint frá býli eða REKO. En ekki einblína bara á afurðastöðvar og fóðursala. Illa hafi gengið hjá þeim að markaðssetja í gegnum heildsala, en þegar bændurnir nálguðust verslanirnar sjálfir hafi þeir fengið góð viðbrögð. Það geti einnig falist tækifæri fyrir markaðssetningu í gegnum vöruþróun með samstarfsaðila og nefndi Örn dæmi af aðila sem hefur sýnt áhuga á því að framleiða vörur úr höfrunum þeirra. Að lokum nefndi hann möguleika á útflutningi og tók dæmi af vel heppnaðri markaðssetningu þeirra á áfenginu og sápunum í fríhöfninni.



Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson eiga og reka Uppspuna, fyrstu smáspunaverksmiðjuna á Íslandi.

Facebook og Google gagnleg markaðstól

Örn sagði að þeirra kynningarstarfsemi færi mest fram í gegnum Facebook, en einnig væri þess virði að sækjast eftir umfjöllunum í fjölmiðlum. Einnig sé gagnlegt að nota áhrifavalda og auglýsingar í gegnum Google til að ná í tiltekna markhópa.

Hann sagði að endingu að heilmörg tækifæri væru í framleiðslu og sölu á afurðum bænda, stundum þyrfti bara einfaldlega að hugsa aðeins út fyrir boxið.

Íslenska ullin er vannýtt auðlind

Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson eiga og reka Uppspuna, fyrstu smáspunaverksmiðjuna á Íslandi, sem er staðsett í Lækjartúni rétt austan við Þjórsárbrú. Verksmiðjan var tekin í gagnið í júlí 2017 en þau reka líka sauðfjárbú með 280 kindur og eru einnig með holdakýr. Hulda sagði þeirra sögu; um ástæður þess að þau ákváðu að fara út í slíka fjárfestingu sem smáspunaverksmiðja er. Ræturnar liggi í félagsskapnum Spunasystur sem sé starfandi í sveitinni. Mikil hvatning sé að vera í slíkum hópi og gott tengslanet hafi myndast.

Vélarnar eins og hannaðar fyrir íslenska ull

Hulda sagði að við ástundun á þessu áhugamáli sínu hafi hún orðið vör við mikinn áhuga á íslensku ullinni – ljóst væri að Ísland sé í tísku. Einhver spurði hana hvort hún hefði ekki áhuga á því að setja upp svokallaða Mini-Mill (smáspunaverksmiðju) og eftir að hafa leitað sér upplýsinga í gegnum netið gerðust hlutirnir hratt. Ákvörðun var tekin í desember 2016, vélarnar komnar á hlaðið 16. júní 2017 og settar í gang 1. júlí 2017. Vélarnar voru keyptar af fyrirtæki í Kanada og fóru þau Tyrfingur í kynnisferð til þeirra áður en kom að kaupunum til að ganga úr skugga um að þær virkuðu fyrir íslensku ullina. Maður á vegum fyrirtækisins kom svo í Lækjartún til að fylgja sölunni eftir með uppsetningu og stillingum. Eftir fjóra mánuði kom svo annar maður frá fyrirtækinu – öllu reynslumeiri en hinn í ullarvinnslu – og hann komst að þeirri niðurstöðu að vélarnar væru eins og hannaðar fyrir íslenska ull.

Næstu mánuðir fóru að sögn Huldu í æfingar og þróun á nokkrum vörum. Alltaf séu einhverjar hliðarafurðir sem falli til í slíkri vinnslu og alltaf sé reynt að finna þeim hlutverk. Það sem ekki sé nýtilegt vilji hún nota til landgræðslu.

Garnið rifið úr höndunum á þeim

Mikill áhugi varð strax á starfseminni og segir Hulda að garnið hafi nánast verið rifið úr höndunum á þeim, um leið og það var tilbúið – og eins sýndi fólk strax mikinn áhuga á að hægt væri að fá þjónustu í Uppspuna; að þar væri hægt að láta vinna ull fyrir sig. Auka þurfti við verslunar- og sýningarrými og það var svo opnað á efri hæð verksmiðjunnar 17. og 18. mars 2018.

Nokkrir styrkir fengust til fjármögnunar á verkefninu; framleiðnisjóður landbúnaðarins og uppbyggingarsjóður Suðurlands lögðu meðal annars til fjármagn, auk þess sem styrkir fengust með hópfjármögnun á netinu. Svavar Halldórsson, þáverandi framkvæmdastjóri Icelandic lamb, hafi komið á hina formlega opnun og afhent skjöld verkefnisins til merkis um samstarf og stuðning um ullarvinnslu og hönnun.

Hulda segist verða vör við að fólki þyki heillandi að geta farið í bíltúr upp í sveit til að kaupa ullarvörur beint frá bónda – og er gjarnan spurð að því hvort þetta sé af hennar fé.

Hulda segir að ullin sé frábært hráefni, nýtist bæði í margvíslegan fatnað en einnig til listmunagerðar. Það megi líka blanda henni við allt mögulegt, til dæmis þara, sem nokkuð hafi verið gert hjá þeim.

Geitabændur fá þjónustu í Uppspuna með sínar afurðir. Íslenska geitafiðan kallast kasmír og er alveg sérstaklega mjúk. Hulda sagði það hennar skoðun að verðið á íslensku prjónagarni væri of lágt miðað við það sem hún hafi skoðað erlendis. Það skjóti skökku við að





Myndir / HKr.

vinsælasta prjónagarnið sé ódýrast í verslunum.

Gríðarlegu magni hliðarafurða hent

Hulda segir að í nóvember síðastliðnum hafi Icelandic lamb veitt þeim viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á sviði ullarvinnslu og handverks, en mánuði síðar hafi sú deild innan Icelandic lamb verið lögð niður – sem væri slæmt fyrir þessa grein. Hulda sagði að hliðarafurðir geti vel skilað sínu inn í sauðfjárbúskapinn og nefndi starfsemina í kringum Uppspuna sem dæmi um það – hún ætti að geta veitt innblástur til betri verka. Icelandic lamb hafi skilað öflugu starfi til að efla kjötsölu í landinu; kynningarstarf til útlendinga hafi skilað heilmiklu og neysla innanlands hafi staðið í stað. Það væri góður árangur samanborið við útlönd, þar sem kindakjötsneysla hafi víðast hvar dregist saman. Icelandic lamb hafi líka skilað góðu starfi varðandi handverk og ull og þess vegna harmi hún að sá hluti verkefnisins hafi verið lagður niður. Á þeim tímum þar sem allt snýst um umhverfisvernd og það að minnka sóun, sé hér á Íslandi stunduð kjötframleiðsla þar sem gríðarlegu magni hliðarafurða sé sóað. Markaðir fyrir innmat og gærur hafi þrengst og lokast með þeim afleiðingum að beinum, gærum og innmat sé hent. Það sé heilmikil þyngd í þessu sem þarf að fara með á haugana með tilheyrandi kostnaði fyrir afurðastöðvarnar sem legðist síðan ofan á sláturkostnað bænda.

Milliliðalaus viðskipti framleiðenda og neytenda

Oddný Anna Björnsdóttir, verktaki hjá Matarauði Íslands, var síðust á mælendaskrá ráðstefnunnar og kynnti fyrirbærið REKO sem rekið er í gegnum Facebook-síður. REKO er sænsk skammstöfun og stendur fyrir sjálfbæra og heiðarlega viðskiptahætti en hugmyndafræðin er finnsk og er notuð á Norðurlöndunum, Ítalíu og í Suður-Afríku. Bændur, heimavinnsluaðilar og smáframleiðendur tengjast neytendum og veitingamönnum í gegnum tilteknar Facebook-síður, sem eru flokkaðar svæðisbundið.

Í aðalatriðum virkar REKO þannig, samkvæmt Oddnýju, að framleiðendur stofna hóp á Facebook og bjóða neytendum og veitingamönnum í hópinn. Stjórnendur hvers hóps búa til viðburð fyrir hverja afhendingu á vörum og þeir framleiðendur sem vilja taka þátt í þeim viðburði setja inn færslu í viðburðinn þar sem þeir tiltaka hvaða vörur þeir hafi að bjóða og hvað þær kosti. Síðan bjóða þeir á viðburðinn og honum er deilt á milli fólks til auglýsa hann upp.

Kaupendur panta svo með því að skrifa athugasemdir undir viðeigandi færslu inni í viðburðinum. Framleiðendurnir senda þeim sem panta hjá þeim greiðsluupplýsingar og hvað pöntunin kostar og kaupendur greiða rafrænt fyrir pöntunina fyrir afhendinguna.

Á afhendingardeginum mæta framleiðendur með vörurnar á



Oddný Anna Björnsdóttir, útskýrði fyrirbærið REKO.

afhendingarstaðinn á tilgreindum tíma og afhenda kaupendum.

REKO-hópar eru nú reknir í tengslum við sjö landsvæði; Reykjavík/höfuðborgarsvæðið, Vesturland, sunnanverða Vestfirði, norðanverða Vestfirði, Norðurland, Austurland og Suðurland og hafa afhendingar átt sér stað í öllum þessum hópum nema á norðanverðum Vestfjörðum.

Hagkvæm og skilvirk viðskipti

Að sögn Oddnýjar eru markmið REKO að gera viðskipti með matvæli úr héraði, sem ekki eru í almennri dreifingu í matvöruverslunum, hagkvæm og skilvirk – og efla nærsamfélagsneyslu. Markmiðin eru einnig að gera matarhandverki og heimavinnslu hærra undir höfði, stuðla að aukinni nýsköpun á sviði matvæla um land allt, auka framlegð í gegnum milliliðalaus viðskipti, draga úr matarsóun með leiðum til að selja útlitsgallaðar vörur, gefa neytendum tækifæri til að þekkja sinn bónda og sinn mat og styrkja tengslanet bænda, heimavinnsluaðila og smáframleiðenda. */smh*







Vantar þig veggi?

Stilltu þeim upp eftir eigin höfði með vegghleðslusteinum

Vegghleðslusteinar frá BM Vallá eru sterkir og stöðugir og bjóða upp á fjölbreytta notkun. Þeir eru fljótlegir í uppsetningu, hægt er að raða þeim upp að vild og þú losnar við uppslátt og steypu.

Steinarnir henta vel einir og sér, eða með öðrum byggingarefnum, til dæmis í skjólveggi, skilrúm ýmiskonar eða geymslu fyrir vélar, hey, jarðveg og margt fleira.









VOTTAÐ GÆÐAKERFI IST ISO 9001

Hafðu samband!
Sölumenn okkar aðstoða með ánægju
í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ
bmvalla.is

LÍF & STARF

Teiknisamkeppni 4. bekkinga vegna Alþjóðlega skólamjólkurdagsins:

Tólf grunnskólanemar frá tíu skólum hlutu verðlaun

– myndefnið tengdist mjólk, hreyfingu og heilbrigði

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók á dögunum þátt í vali á verðlaunamyndum í teiknisamkeppni 4. bekkinga sem haldin er í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn ár hvert. Keppnin hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár, bæði meðal grunnskólanema og skólastjórnenda, og úrslitanna alltaf beðið með mikilli eftirvæntingu.

Að mati Lilju skipta keppnir á borð við þessa miklu máli fyrir skólastarfið, þær hvetja nemendur í að leggja sig fram, brjóta upp hefðbundið skólastarf og efla liðsandann.

Líkt og undanfarin ár var þátttakan í keppninni einstaklega góð en rúmlega 1.400 myndir bárust frá 70 skólum alls staðar að af landinu.

Tólf myndir frá tíu skólum voru valdar úr þessum mikla fjölda og hafa skólastjórnendur í viðkomandi skólum fengið gleðifréttirnar.

Verðlaunahöfum eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir teikningar sínar og til viðbótar er hver mynd verðlaunuð með 40.000 kr. peningagjöf frá Mjólkursamsölunni, sem rennur óskipt í bekkjarsjóð viðkomandi.

Nemendur viðkomandi bekkjar eða árgangs geta svo nýtt þá upphæð í að gera sér glaðan dag og efla liðsheild í samvinnu og samráði við umsjónarkennara.

„Myndefni keppninnar er alltaf frjálst en má gjarnan tengjast mjólk, hreyfingu og heilbrigði og er virkilega gaman að sjá hvernig nemendur útfæra hugmyndir sínar á ólíkan hátt. Vinsælast er að teikna kýr í öllum mögulegum útfærslum, en jafnframt sjáum við margar teikningar með mjólkurfernum og flutningabílum," segir Gréta Björg Jakobsdóttir, markaðsfulltrúi MS og einn af fulltrúum í dómnefnd keppninnar.

Verðlaunahafar í teiknisamkeppni 4. bekkinga skólaárið 2018–2019 eru:

Árni Ragnar Oddsson, Gerðaskóli, Garði
Bjartey Ósk Sæþórsdóttir, Grunnskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli
Bæring Breiðfjörð Magnússon, Grunnskólinn Stykkishólmi
Hannibal Máni Kristínarson Guðmundsson, Árbæjarskóli, Reykjavík
Hrund Helgadóttir, Myllubakkaskóli, Reykjanesbæ
Ingibjörg Magnúsdóttir, Lækjarskóli, Hafnarfirði
Keara Ísabel Bayawa, Fellaskóli, Reykjavík
Laufey Rökkvadóttir, Snælandsskóli, Kópavogi
Milana Navickaite, Fellaskóli, Reykjavík
Sigrún Eva Arnarsdóttir, Breiðholtsskóli, Reykjavík
Thelma Kristín Kristinsdóttir, Gerðaskóli, Garði
Tristan Ásgeir Símonarson, Varmárskóli, Mosfellsbæ

Dómnefndin þakkar nemendum 4. bekkjar kærlega fyrir þátttökuna og óskar vinningshöfum og skólunum þeirra innilega til hamingju.



Mynd: Árni Ragnar Oddsson, Gerðaskóla Garði.


Dómnefnd skipuð fulltrúum MS og mennta- og menningarmálaráðherra með tíu af tólf verðlaunamyndum í ár. Frá vinstri, Steinunn Þórhallsdóttir, Ásgerður Höskuldsdóttir, Lilja Alfreðsdóttir og Gréta Björg Jakobsdóttir.


Mynd: Bjartey Ósk Sæþórsdóttir, Grunnskóla Vestmannaeyja.


Mynd: Keara Ísabel Bayawa, Fellaskóla, Reykjavík.



Mynd: Ingibjörg Magnúsdóttir, Lækjarskóla, Hafnarfirði.



Mynd: Milana Navickaite, Fellaskóla, Reykjavík.




Mynd: Bæring Breiðfjörð, Grunnskólanum Stykkishólmi.


Mynd: Laufey Rökkvadóttir, Snælandsskóla, Kópavogi.



Mynd: Hrund Helgadóttir, Myllubakkaskóla, Reykjanesbæ.


Mynd: Tristan Ásgeir Símonarson, Varmárskóla, Mosfellsbæ.



Mynd: Sigrún Eva Arnarsdóttir, Breiðholtsskóla, Reykjavík.


Mynd: Hannibal Máni Kristínarson Guðmundsson, Árbæjarskóla, Rvk.



Mynd: Thelma Kristín Kristinsdóttir, Gerðaskóla, Garði.

Bændablaðið
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi
Kemur næst út
11. apríl



Fulltrúar kvenfélaganna þriggja ásamt fulltrúum sjúkraflutningamanna þegar gjafabréfið var afhent formlega. Önnur dúkkan, sem hefur þann eiginleika að geta talað, liggur í börunni. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Kvenfélögin í Flóahreppi:

Gáfu tvær milljónir króna til sjúkraflutninga HSU

Fulltrúar kvenfélaganna í Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi og Gaulverjabæjarhreppi, sem er allt félög í Flóahreppi, komu færandi hendi í Björgunarmiðstöðina á Selfossi á dögunum.

Þar voru sjúkraflutningamönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands færðar gjafir að andvirði tvær milljónir króna.

Peningarnir söfnuðust á basar kvenfélaganna í haust. Tvær kennsludúkkur í skyndihjálp voru keyptar, auk barkaspegilsmyndavéla í þrjá sjúkrabíla. Sjúkraflutningamennirnir áttu ekki orð yfir þessari veglegu peningagjöf og þökkuðu vel fyrir sig á sama tíma og kvenfélagskonurnar fengu að sjá gjafirnar sem keyptar voru fyrir peningana. */MHH*





Greinakurlari
15hp bensínmótor fyrir allt að 100mm greinar.

Bensínhjólbörur
B&S 7.5 hp mótor með drifi á öllum.

Einnig fyrirliggjandi járn girðingastaurar og 6 strengja net á góðu verði.

Vír og lykkjur ehf
s. 772-3200
viroglykkjur.is

BRIGGS&STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is



PIONER PLASTBÁTAR

Pioner eru heilsteyptir, norskir plastbátar, sterkir, léttir og liprir sem þurfa lítið viðhald og endast lengi. Þeir fást í nokkrum stærðum og litum en allir Pioner bátar eru með tvöfaldan byrðing, þola hitabreytingar vel og henta vel fyrir íslenskar aðstæður, jafnt í ferskvatni og sjó.

Í Pioner bátana fást aukahlutir eins og handrið að framan og púðar í sæti. Það fer eftir gerð hvaða aukahluti er hægt að fá.

ISO-vottað með tilliti til gæða og umhverfis.

PIPARTBWA • SÍA

Pantanir í 515 1100, pontun@olis.is eða olis.is/batar

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

olís | REKSTRARLAND

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Átak í kynningu á pottaplöntum:

Það er galdur í græna litnum

Áhugi á pottaplöntum hefur aukist mikið undanfarin misseri eftir að hafa verið í lægð í nokkur ár. Pottaplöntuframleiðendur hér á landi fagna þessum aukna áhuga enda galdur í græna litnum.

Skömmu fyrir síðustu áramót tóku íslenskir pottaplöntuframleiðendur, kennarar og nemendur Garðyrkjuskólans og Bændablaðið saman höndum við að kynna pottaplöntur. Niðurstaðan varð sú að nemendur við Garðyrkjuskólann myndu skrifa greinar um einstakar pottaplöntur undir handleiðslu kennara og greinarnar birtar í Bændablaðinu. Afurðir samstarfsins hafa birst á síðum Bændablaðsins frá áramótum og munu, ef allt verður eftir áætlun, gera það að minnsta kosti út árið.



Birgir S. Birgisson garðyrkjubóndi.



Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður Garðyrkjuskólans að Reykjum. Mynd / smh

Átak í kynningu pottaplantna

Birgir S. Birgisson, garðyrkjubóndi og pottaplöntuframleiðandi, segir aðdraganda kynningarátaksins hafa verið að pottaplöntuframleiðendur og Samband garðyrkjubænda hafi fundað til að velta fyrir sér hvað mætti gera til að kynna íslenska pottaplöntuframleiðslu betur.

„Í þeirri umræðu kom upp sú hugmynd að vera með pottaplöntu mánaðarins. Seinna hitti ég Guðríði Helgadóttur hjá Garðyrkjuskólanum og nefndi hugmyndina við hana. Hún lagði til að skólinn kæmi að verkefninu á þann hátt að nemendur við garðyrkjuframleiðslu undir stjórn Ingólfs Guðnasonar skrifuðu greinar um pottaplöntur sem hluta af sínu námi. Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, lagði svo hugmyndina fyrir ritstjórn Bændablaðsins og þar var vel tekið undir að birta greinarnar.

Að mínu mati hafa nemendur skólans staðið sig afskaplega vel við skrifin og kynningarnar mjög góðar og fólk tekur eftir þeim. Greinarnar segja meðal annars frá uppruna plantnanna, hvernig á að hugsa um þær og ýmsum sérkennum hverrar tegundar fyrir sig og af hverju það er gott að hafa pottaplöntur í kringum sig.“

Birgir segist auðvitað vona að aukin þekking og áhugi á pottaplöntum eigi eftir að auka söluna á íslensku plöntunum og um leið lyfta undir íslenska garðyrkju. „Innflutningur á pottaplöntum hefur aukist gríðarlega undanfarið með auknum áhuga fólks á ræktun. Þessi áhugi sést ekki síst á fjölda meðlima á Facebook-síðum eins og Ræktaðu garðinn þinn og Stofublóm inniblóm en þeir skipta tugum þúsunda.“

Í dag eru þrír garðyrkjubændur á Íslandi sem eingöngu eða aðallega rækta pottaplöntur. Birgir segir að áður fyrr hafi þeir verið mun fleiri. „Eins og gefur að skilja eigum við fullt í fangi með að keppa í verði við innfluttar pottaplöntur. Garðyrkjustöðvarnar í Evrópu sem framleiða pottaplöntur eru margar hverjar gríðarlega stórar fabrikur sem framleiða plöntur fyrir Evrópumarkað og geta því boðið mjög lágt verð.

Til að halda verðinu niðri hef ég stundum keypt hálfstálpaðar pottaplöntur að utan til áframframleiðslu og merki því mína framleiðslu ekki með fánaröndinni en erfitt er að segja hvenær pottaplöntur teljast íslenskar eða ekki.“

Með puttann á pottaplöntupúlsinum

Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður Garðyrkjuskólans að Reykjum, segir að nemendur á garðyrkjuframleiðslubrautum við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa það sem af er árinu skrifað greinar um pottaplöntur í Bændablaðið.

„Hugmyndin kom frá Birgi í Bröttuhlíð og Sambandi garðyrkjubænda og tók skólinn strax vel í að vera með í þessu samstarfsverkefni, sem stefnt er á að standi til ársloka 2019. Við lítum á það sem gullið tækifæri fyrir nemendur að fá að spreyta sig á greinaskrifum um ræktun ákveðinna pottaplantna og umhirðu þeirra í Bændablaðið. Af sjónarhóli skólans hefur svona samstarf margþættan ávinning, nemendur fá tækifæri til að koma sér aðeins á framfæri í faginu, þurfa að kynna sér vel þær plöntur sem þeir skrifa um og til viðbótar metur skólinn þetta sem verkefnavinnu í viðeigandi áfanga. Ferillinn er þannig að nemandi velur sér tegund til umfjöllunar af lista sem garðyrkjubændur hafa lagt fram og skrifar um hana. Þegar greinin er tilbúin fara kennarar skólans yfir skrifin og lagfæra aðeins, ef þörf krefur. Reyndar má alveg ljóstra því upp að slíkar lagfæringar eru í algjöru lágmarki hingað til, nemendur okkar eru svo sannarlega með puttann á pottaplöntupúlsinum. Ekki spillir svo að fá að vera með greinar í mest lesna blaði landsins. Við verðum líka vör við jákvæð viðbrögð við þessum greinum og það hvetur aftur nemendur okkar til enn frekari dáða.“ */VH*

MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Vöktun MAST á sýklalyfjaónæmi í kjöti og dýrum 2018:

Sýklalyfjaónæmi til staðar í íslensku búfé

Vöktun Matvælastofnunar á sýklalyfjaónæmi í kjöti og dýrum árið 2018 sýnir að sýklalyfjaónæmi er til staðar í íslensku búfé og að horfa þurfi til fleiri þátta en innflutnings til að sporna við frekari útbreiðslu. Ónæmi fyrir sýklalyfjum í íslensku búfé er minna en í flestum Evrópulöndum, ónæmi í íslenskum lömbum og innfluttu svínakjöti vakti athygli.

Ekki fundust ónæmar Staphylococcus aureus eða MÓSA-bakteríur við skimunina í svínastofnum hér á landi en sú baktería hefur breiðst út meðal búfénaðar í Evrópu og víðar, einkum í svínarækt. Aftur á móti vekur athygli að í innfluttu svínakjöti á markaði reyndust tveir stofnar ónæmir og báðir fjölónæmir. Kjötið var frá Spáni og því hafði fylgt salmonelluvottorð við innflutning.

Vöktun á tæplega 900 bakteríustofnum

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að vöktunin hafi náð til tæplega 900 bakteríustofna úr sýnatökum, framleiðenda og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Sýni voru tekin úr svínum, alifuglum og lömbum og innlendu og erlendu svína- og alifuglakjöti, bæði á markaði og í afurðastöðvum. Vöktuninni var skipt í tvennt, skimun á sýklalyfjaónæmi í búfé- og búfjárafurðum og prófun á ónæmi í sjúkdómsvaldandi örverum í búfé- og búfjárafurðum.

Skimun á sýklalyfjaónæmi

Til að meta umfang sýklalyfjaónæmis var skimað fyrir E. coli bendibakteríur til að meta algengi ónæmis í viðkomandi dýrategund og ESBL/AmpC myndandi E. coli bakteríur sem bera gen sem hafa þann eiginleika að mynda ónæmi gegn mikilvægum sýklalyfjum og eru líklegri til að vera fjölónæmar.

E. coli bendibakteríur eru útbreiddar í þörmum manna og dýra og gefa vísbendingu um ástand þarmaflórunnar. Fjórðungur E. coli bendibaktería úr þörmum kjúklinga sem voru prófaðar fyrir sýklalyfjaónæmi reyndist ónæmur fyrir einum eða fleiri sýklalyfjaflokkum. Þetta er svipað hlutfall og hefur greinst í alifuglum og svínum hér á landi 2016 og 2017 og með því lægsta sem greinst hefur í Evrópu undanfarin ár. Ekki voru tekin sýni úr öðrum búfjártegundum til greiningar á E. coli bendibakteríum 2018.

ESBL/AmpC myndandi E. coli bakteríur geta yfirfært ónæmisgen og eiginleika þess í aðrar bakteríur, þ.m.t. sjúkdómsvaldandi bakteríur, og þannig náð mikilli útbreiðslu. Í þessu samhengi skiptir miklu hvort gen þessi eru litningaborin eða plasmíðborin, en þau síðarnefndu geta auðveldlega dreift ónæmi til annarra baktería.

Sýni úr lömbum

Að þessu sinni voru í fyrsta sinn tekin sýni úr íslenskum lömbum til skimunar. ESBL/AmpC myndandi E. coli greindist í þörmum um 4% lamba. Það er álíka og í þörmum íslenskra alifugla og svína undanfarin ár.

Í skýrslu Mast segir að hvernig ónæmar bakteríur bárust í lömbin eða hvort ónæmið myndaðist í lömbunum sé ekki vitað og ekki heldur hvort um aukningu sé að ræða. Líkt og í öðru búfé, eru íslensk lömb ekki laus við bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum eða sem geta þróað slíkt ónæmi og dreift í aðrar bakteríur.

Hlutfallið á Íslandi í alifuglum og svínum er svipað og á Norðurlöndunum en er þó lægra en í öðrum Evrópulöndum.

Ónæmi í örverum

Til að meta umfang sýklalyfjaónæmis í sjúkdómsvaldandi örverum eru jákvæðar greiningar á salmonellu, kampýlóbakter og Staphylococcus aureus í búfé og búfjárafurðum úr opinberu eftirliti og innra eftirliti fyrirtækja sendar til prófunar á sýklalyfjaónæmi.

Salmonellustofnar sem greindust í alifuglarækt 2018 reyndust allir næmir fyrir öllum sýklalyfjum. Hins vegar reyndust tveir stofnar sem greindust í svínarækt vera ónæmir, þar af annar fjölónæmur.

Í svínakjöti á markaði reyndust tveir stofnar ónæmir og báðir fjölónæmir. Kjötið var frá Spáni og því hafði fylgt salmonelluvottorð við innflutning. Kjötið var innkallað.

Einn kampýlóbakterstofn í alifuglarækt reyndist ónæmur og aðeins fyrir einum sýklalyfjaflokki.

Skimað var fyrir MÓSA (methicillin ónæmir Staphylococcus aureus) í svínarækt hér á landi 2014/2015 og aftur 2018. Í hvorugri skimuninni fannst MÓSA, en sú baktería hefur breiðst út meðal búfénaðar í Evrópu og víðar, einkum í svínarækt. Fagnaðarefni er að MÓSA hefur enn ekki greinst í íslenskri svínarækt.

Í skýrslu Mast segir að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta ógn við heilbrigði manna og dýra í dag. Með aukinni áherslu stjórnvalda á þennan málaflokk hefur Matvælastofnun fengið fjárheimildir til vöktunar sýklalyfjaónæmis í matvælum og dýrum. Sýnatökur hafa því aukist og munu einnig gera það á þessu ári og ná meðal annars til grænmetis. Niðurstöður mælinga á sýklalyfjaónæmi í sýnum sem tekin voru úr gæludýrum 2018 verða kynntar fljótlega.

Í bígerð er að halda málþing í haust um sýklalyfjaónæmi á Íslandi á vegum Matvælastofnunar og samstarfsstofnana. */VH*

Sigurjón Bragi Geirsson er Kokkur ársins 2019

Úrslitakeppnin Kokkur ársins 2019 var haldin í Hörpu laugardaginn 23. mars. Sigurjón Bragi Geirsson frá Garra bar sigur úr býtum og fær þátttökurétt fyrir Íslands hönd í keppninni Matreiðslumaður Norðurlanda sem haldin verður á næsta ári.

Athygli vakti að þrjár konur voru í tíu manna hópi sem keppti um þátttökurétt í fimm manna úrslitahópi og komust þær allar áfram. Það telst met í þessari keppni.

Haft er eftir Birni Braga Bragasyni, forseta Klúbbs matreiðslumeistara, að það sé mikið fagnaðarefni að sjá aukningu skráðra kvenna í keppninni.



Kokkur ársins 2019 er Sigurjón Bragi Geirsson frá Garra. Myndir / Kokkur ársins



Iðunn, Snædís, Kolbrún, Sigurjón og Rúnar.

„Það er okkur metnaðarmál að ná hlutfalli þeirra til jafns við karla. Ylfa Helgadóttir var meðal annars þjálfari Kokkalandsliðsins í Lúxemborg þar sem liðið vann til gullverðlauna sem ég held að sé okkur góð hvatning. Stéttin hefur verið mjög karllæg og öll skref í átt að meira jafnvægi eru góð skref í átt að tryggja öfluga og fjölbreytta stétt fagfólks.“

Í öðru sæti varð Rúnar Pierre Heriveaux, frá Grillinu Hótel Sögu, og í því þriðja Kolbrún Hólm Þorleifsdóttir frá Deplar Farm.

Hinir tveir þátttakendurnir í úrslitahópnum voru þær Iðunn Sigurðardóttir, frá Íslenska matarkjallaranum, og Snædís Xyza Mae Jónsdóttir Ocampo frá Hótel Sögu, Mími Restaurant. */smh*

Landgræðslan

Starfsmaður á héraðssetrið á Sauðárkróki

Landgræðslan óskar eftir að ráða héraðsfulltrúa með aðalstarfssvæði á Norðurlandi vestra. Starfsstöð er á héraðssetri Landgræðslunnar á Sauðárkróki. Héraðsfulltrúinn vinnur að jarðvegs- og gróðurvernd og uppbyggingu vistkerfa m.a. með því að stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra. Starfsmaðurinn þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í þróun starfsins og breytingum sem kunna að verða á starfinu og vinnustaðnum.

Landgræðslan er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Öflun og skráning upplýsinga, ráðgjöf og eftirlit með verkefnum í Bændur græða landið, Landbótasjóði Landgræðslunnar og öðrum landgræðsluverkefnum
- Áætlanagerð og umsjón landgræðsluverkefna á starfssvæðinu
- Vinna við verkefni um endurheimt votlendis
- Vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og fylgjast með að lögum um landgræðslu sé framfylgt
- Aðstoð við gerð beitar- og uppgræðsluáætlana fyrir einstakar bújarðir og stærri svæði
- Skráning landgræðsluaðgerða og eftirlit með árangri þeirra
- Fræðsla og ráðgjöf til sveitarstjórna, landnotenda, skóla og almennings

Menntun og hæfni
- Krafist er BSc-prófs í náttúruvísindum, t.d. landnýtingu, beitarfræðum eða umhverfisfræðum
- Almenn þekking eða reynsla af landbúnaði og gott landlæsi er kostur
- Skipulagshæfni, sjálfstæði, sveigjanleiki og góð samstarfshæfni
- Góð kunnátta í notkun tölvu og upplýsingatækni
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri
- Þekking og reynsla af landgræðslustarfi er kostur
- Þekking og reynsla af notkun landupplýsingakerfa er kostur

Um er að ræða 100% stöðu. Megin starfssvæðið er Norðurland vestra og starfinu geta fylgt talsverð ferðalög. Starfið hentar bæði konum og körlum. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf 1. júní. Laun eru skv. kjarasamningi ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). Nánari upplýsingar um starfið veita, Árni Bragason landgræðslustjóri ***arni.bragason@land.is***, Gústav M. Ásbjörnsson sviðsstjóri ***gustav@land.is,*** Bjarni Maronsson héraðsfulltrúi ***bjarni@land.is*** og Sigurbjörg B. Ólafsdóttir starfsmannastjóri ***sigurbjorg@land.is.***

Umsókn skal fylla út rafrænt á vef Starfatorgs eða vef Landgræðslunnar, land.is. Ferilskrá og afrit af prófskírteini skal fylgja. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2019.



Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 11. apríl



Gráslepa! Gráslepa!

Kaupum grásleppu

Hafið samband í síma 866-7970 fyrir frekari upplýsingar.

Sverrir Björnsson ehf
Siglufirði

GÓLF Í GRIPAHÚS

SWAANS BETON

50 ÁRA REYNSLA



Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

ekko TOGHLERAR
www.ekko.is

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Big Brutus er nú safngripur á Big Brutus-safninu í Kansas. Myndir / Kansas Sampler Foundation ofl.

Stærsta rafknúna beltagrafan sem smíðuð hefur verið:

Fimm þúsund tonna grafan Stóri Brútus

– Skóflaði upp um 52 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári samfellt í 11 ár

Rafknúnar vinnuvélar eru síður en svo nýjar af nálinni og stærsta rafknúna grafan sem nokkru sinni hefur verið smíðuð er af gerðinni Bucyrus-Erie 1850B og hefur viðurnefnið Big Brutus.


Hún er vissulega stærsta rafknúna beltagrafa heimsins þó til séu stærri námuvinnsluvélar. Vélin var hönnuð og smíðuð af Bucyrus-Erie fyrir Pittsburg & Midway (P&M) kola-námufyrirtækið og fékk tegundarnúmerið 1850B. Var þetta þá og er enn stærsta rafknúna grafan sem smíðuð hefur verið og þótti á sínum tíma mikið verkfræðilegt afrek. Big Brutus var sett saman nærri Hallowell í Cherokee-sýslu og kostaði á sínum tíma um 6,5 milljónir dollara.

Það þurfti 150 lestarvagna til að flytja alla íhluti Big Brutus á samsetningarstaðinn. Þá tók það 52 menn 11 mánuði að setja vélina saman, eða frá því í júní 1962 til maí 1963.

Skóflaði upp um 52 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári

Þessi vél var smíðuð til að annast mokstur í West Mineral kolanámunni í suðausturhluta Kansas í Bandaríkjunum sem lokað var 1974. Þar var grafan stöðugt í mokstri 24 tíma á sólarhring sjö daga vikunnar í 11 ár frá 1963 til 1974. Hún var þó ekki að moka kolum heldur að moka grjóti, mold og öðrum jarðvegi ofan af kolalögum. Mokaði hún meðal annars á járnbrautarvagna og dugði hver skóflufylli til að fylla þrjá lestarvagna.

Það voru engin smáafköst sem þessi vél afrekaði í mokstri því hún fjarlægði um 20 metra þykkan jarðveg af um 2,59 ferkílómetrum (einni fermílu) á hverju ári. Eða sem svarar 51,8 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári.



Þrjá menn þurfti til að stjórna gröfunni og að sjálfsögðu þurftu einhverjir þeirra að vera menntaðir rafvirkjar.

Vegur 4.970 tonn og tekur allt að 150 tonn í skófluna

Big Brutus er sannarlega engin smásmíði og vegur nettó 4.200 tonn og er með 770 tonna ballest og vegur því samtals 4.970 tonn. Hún er og 48,8 metrar á hæð, 18 metrar á breidd og 24,2 metrar á lengd. Bóman er 46,5 metrar að lengd. Skóflan tekur 68,8 rúmmetra eða mest 150 tonn í einu.

Líður áfram á 0,35 km hraða á klukkustund

Big Brutus er á Caterpillar-beltum og dygði svo sem ekki í neinn kappakstur, en gæti mögulega reynt sig við skjaldböku. Hámarkshraðinn á þessu flykki er um 0,35 km á klukkustund, eða 5,8 metrar á mínútu.

Samtals 7.000 hestafla rafmótorar

Tveir 3.500 hestafla rafmótorar skiluðu að jafnaði 7.500 hestöflum eða mest 15.000 hestöflum í toppálagi. Það hefði hvorki verið hægt að nota blýgeyma né nútíma lithium-ion rafgeyma til að geyma orkuna fyrir þennan risa. Því var Big Brutus alltaf tengdur við rafmagnskapal sem vélin dró á eftir sér. Síðasta mánuðinn sem vélin var í vinnu árið 1974 hljóðaði rafmagnsreikningurinn upp á 27.000 dollara, sem samsvarar um 3,2 milljónum króna á núverandi gengi.

Til að drýgja orkuna og spara pening var aflið í niðursveiflu og slökun á skóflu virkjað til að framleiða raforku. Það er líkt og gert er við virkjun á bremsuorku í nútíma rafbílum.

5,5 tonn af málningu

Vélinni er vandlega haldið við. Í eina umferð af málningu á gripinn fara um 5,5 tonn af appelsínugulri og svartri málningu.

Er nú stolt Big Brutus-safnsins

Big Brutus mokaði sig út úr sínum síðasta jarðvegspytti í West Mineral námunni í apríl 1974.



Stendur grafan enn á sama stað og ánafnaði P&M Big Brutus-safninu gripinn árið 1984, en safnið var opnað 1985. Þótti námufyrirtækinu þá of kostnaðarsamt að rífa vélina til að fjarlægja hana af staðnum. Er safnið nú tileinkað námuvinnslu á svæðinu. Það er staðsett rúmlega 11 km norður af Columbus. Ef einhver vill hafa samband við safnið er hægt að senda netpóst á bigbrutus@columbus-ks.com.

/HKr.

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Umpottunin sjálf tekur stutta stund þegar mold, pottar og plöntur eru á staðnum.

Umpottun á pottaplöntum

Vorverkin hjá ræktendum eru af fjölbreyttum toga og þegar ekki er hægt að athafna sig utanhúss vegna skafrennings og blindhríðar er um að gera að huga að pottaplöntum innanhúss.

Veturinn er dálítið erfiður tími fyrir margar tegundir pottaplantna, myrkrið hrekkir þær sumar og þær verða stundum rytjulegar útlits en um leið og sól hækkar á lofti glaðnar yfir plöntunum og þær fara að undirbúa vaxtarsprett sumarsins. Þá er líka tímabært hjá húsráðanda að gera úttekt á stöðu plantnanna, meðal annars hvort þær hafi rótarráðrúm til vaxtar á þessu ári.

Flestar pottaplöntur þola að standa nokkur ár í sama potti en þó getur verið gott ráð að bæta smá lagi af nýrri og næringarríkri mold ofan á í pottinum. Með tímanum brotnar lífræna efnið í moldinni niður og rúmmál þess minnkar og moldarviðbótin bætir þeim upp þessa rýrnun. Best er að nota mold sem er sérstaklega ætluð pottaplöntum, hún er blönduð áburði sem hentar plöntunum. Eftir sem áður er þó nauðsynlegt að vökva plönturnar reglulega með daufri áburðarblöndu á vaxtartímanum.

Potturinn þrengir að

Ef potturinn er orðinn of lítill fyrir plöntuna þarf að umpotta henni og koma henni í stærri pott eða minnka plöntuna og setja hluta hennar aftur í gamla pottinn, allt eftir því hvað maður hefur mikið pláss fyrir ræktunina. Við umpottun er gott að hafa það í huga að velja ekki allt of stóran pott fyrir plöntuna, litlar plöntur í mjög stórum pottum sýna oft vanþrif, það er eins og þær þurfi að fylla aðeins út í pottinn með rótakerfinu áður en þær fara af stað með yfirvöxtinn og þá er verra að potturinn sé allt of stór. Moldin á að vera hæfilega næringarrík, laus við illgresi og meindýr og hæfilega gróf að byggingu. Ekki er gott að moldin sé allt of fínt unnin, þá þjappast hún of mikið saman í pottinum þegar líður á ræktunartímann. Ef um er að ræða plöntur sem vilja ekki mjög rakaheldinn jarðveg er sniðugt að blanda dálitlum vikri saman við moldina, það tryggir gott frárennsli.

Umpottunin sjálf tekur stutta stund, þegar mold, pottar og plöntur eru á staðnum. Plantan er losuð varlega úr gamla pottinum. Ef hún er föst í pottinum er hægt að styðja við plöntuna og moldarköggulinn með annarri hendi, snúa pottinum á hvolf og slá honum varlega við borðbrúnina, þar til plantan losnar úr pottinum. Ef ætlunin er að umpotta plöntunni í stærri pott er rótakerfið losað aðeins í sundur að neðanverðu. Í botninn á nýja pottinum er ágætt að setja smá tuskubleðil yfir götin í botninum, þá verður umhverfið allt snyrtilegra við vökvun. Svo má setja vikur eða steina í botninn á pottinum ef vill, smá moldarlag og þá plöntuna. Svo þarf að fylla upp með mold allan hringinn í kringum plöntuna, passa að þjappa moldinni hæfilega niður með plöntunni svo ekki verði þar loftrými. Gott er að skilja eftir smá borð á pottinum, þ.e. ekki fylla hann alveg upp að börmum, til að skapa rými fyrir vatnið þegar maður vökvar.

Plöntu skipt

Ef ætlunin er að skipta plöntunni og setja hluta hennar aftur í sama pott þá er pottahnausnum skipt í tvo eða fleiri hluta með því að aðskilja mismunandi hvirfingar plöntunnar og rekja rótakerfi þeirra í sundur eða jafnvel með því að skera hnausinn í sundur, ef það á við. Einum plöntuhluta er þá pottað í pottinn aftur eins og lýst var hér að ofan og hinir plöntuhlutarnir ýmist settir í aðra potta eða í jarðgerð.

Að pottun lokinni er nauðsynlegt að vökva plöntuna vel næstu daga og eftir 1–2 vikur ætti plantan að vera komin af stað með nýjan vöxt. Þá er líka tímabært að fara að vökva inniblómin með.

Guðríður Helgadóttir
garðyrkjufræðingur





VÉLFANG

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is



Stóri-Bakki, Fljótsdalshéraði

Hrossarækt og blómstrandi ferðaþjónusta á 24,7 hektara jörð. 380,0 m² hesthús, byggt 2010 (fyrir a.m.k. 26 hesta). 122,3 m² íbúðarhús í fínu ástandi á einni hæð með fjórum svefnherbergjum og þrjú gestahús/sumarhús.
Jörðin er öll afgirt með nýlegri girðingu og vel útbúin með beitarhólfum.

TILBOÐ ÓSKAST.

INNI FASTEIGNASALA

Nánari upplýsingar veitir
Sigurður Magnússon
fasteignasali hjá INNI fasteignasölu
s.580 7905
sigurdur@inni.is

Sandblástur - Glerblástur - Sodablástur

Blástur og málun

Gerum gamalt eins og nýtt

Sérhæfum okkur í yfirborðshreinsun t.d. bílaboddý, báta, vinnuvélar, hús, húsgögn, pottofna, felgur og margt fleira.
Vönduð vinnubrögð.



dlb.is Rauðhellu 16. 221 Hfj. Sími 696-5756

CFMOTO ÁRGERÐ 2019



CFORCE 600
Verð 1.649.000,-
Án vsk. 1.389.839,-



CFORCE 1000
2.190.000,-
1.766.129,- án vsk.



CFORCE 520
1.349.000,-
1.087.903,- án vsk.

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

HESJA
Glerárgötu 36 / 600 Akureyri
Sími 415-6415 / hesja.is

AB VARAHLUTIR
Lyngás 13 / 700 Egilsstaðir
Sími 471-2299 / ab.is

Lely Center Ísland

STÍUGRINDUR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Vinnufatnaður



Hífilausnir



Kranar og talíur



Snjókeðjur



Pökkunarlausnir



Fallvarnarbúnaður



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krónum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt tæp 72 tonn af ferskum ætiþistlum árið 2018.

Ætiþistlar og þistilhjörtu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Ætiþistlar og grænmetið sem úr þeim er unnið, þistilhjörtu, eru upprunnir frá löndunum við Miðjarðarhaf. Æti hluti blómsins, sem flokkast sem grænmeti, er í raun óþroskað blóm og blómbotn sem kallast hjarta og nýtt áður en plantan blómgast.

Samkvæmt reiknikúnstum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var heimsframleiðsla á þistilhjörtum árið 2016 tæp 1,5 milljón tonn. Ítalía er stærsti framleiðandinn með tæplega 366 þúsund tonna ársframleiðslu. Egyptaland er í öðru sæti með framleiðslu á um 236 þúsund tonnum og Spánn í því þriðja með tæp 185 þúsund tonn. Þar á eftir er Perú með rúm 108 þúsund tonn og Argentína með rétt rúma 107 tonna ársframleiðslu. Í kjölfarið fylgja svo Alsír, Kína, Marokkó, Bandaríki Norður-Ameríku, Frakkland, Tyrkland og Túnis með ársframleiðslu sem er frá rúmum 97 þúsund tonnum og niður í um 26 þúsund tonn.

Ítalir eru sú þjóð sem sagt er að borði mest af þistilhjörtum en neysla hjartanna hefur verið að aukast um allan heim undanfarna áratugi.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt tæp 72 tonn af ferskum ætiþistlum árið 2018. Mestur er innflutningurinn frá Hollandi, rúm 53 tonn, og næstmestur frá Bretlandseyjum, 6,6 tonn, og síðan Frakklandi, 6,4 tonn. Þessar tölur segja samt ekkert um uppruna ætiþistlanna þar sem þeir eru hvorki ræktaðir í Hollandi né Danmörku og ræktun þeirra er takmörkuð í Frakklandi.

Ekki fundust tölur um innflutningsmagn á niðursoðnum ætiþistlum né ætiþistlum í olíu.



Ætiþistill sem búið er að fjarlægja hjartað úr.



Marilyn Monroe var kosinn þistilhjartadrottning Kaliforníuríkis árið 1949 og var það í fyrsta sinn sem sú merka fegurðarsamkeppni fór fram.

Ættkvíslin Cynara og tegundin cardunculus

Tegundir innan ættkvíslarinnar Cynara eru ellefu. Þær eru allar fjölærar og líkjast þistlum, Cirsium sp., í útliti en tilheyra annarri ættkvísl plantna sem á íslensku hafa verið kallaðir ætiþistlar.

Ættkvíslin Cynara er upprunninn í löndunum í kringum og við botn Miðjarðarhafsins, norðanverðri Afríku og á Kanaríeyjum.

Sú tegund sem við þekkjum sem ætiþistil er ræktunarafbrigði sem ekki þekkist í náttúrunni og kallast á latínu C. cardunculus og stundum er bætt aftan við heitið var. scolymus til að tengja plöntuna við villta forfeður sína. Óþroskuð blóm plöntunnar, blómbotninn og efsti hluti stöngulsins eru hin einu sönnu þistilhjörtu.

Ætiþistlar eru stórar og fyrirferðarmiklar plöntur með marggreinda forðarót og ná allt að tveggja metra hæð en eru yfirleitt um 1, 5 metrar að hæð. Blöðin gagnstæð, stór og gróskumikil, milli 50 og 90 sentímetrar að lengd og 8 til 30 að breidd, silfurgræn og með djúpum flipum. Blómin mörg saman og mynda þétta körfu sem er 8 til 15 sentímetrar að þvermáli, litablá á löngum og breiðum og hærðum stöngli. Blómhlífin samsett úr mörgum þykkum, oddhvössum og þríhyrningslaga reifablöðum.

Æti hluti blómsins, sem flokkast sem grænmeti, er í raun óþroskað blóm og blómbotn sem kallast hjarta og nýtt áður en plantan blómgast. Eftir blómgun trénar blómbotninn hratt og verður óætur.

Líkt og með aðrar plöntur sem lengi hafa verið í ræktun er til fjöldi ólíkra afbrigða og yrkja af ætiþistlum sem eru mismunandi að stærð, lit og bragði. Af þeim 140 yrkjum sem til eru á skrá eru um 40 þeirra talsvert mikið í ræktun.

Ólíkum yrkjum er annaðhvort fjölgað með skiptingu eða fræjum. Af yrkjum sem gefa af sér stór græn þistilhjörtu og fjölgað er með skiptingu má nefna 'Vert de Laon', 'Camus de Bretagne' og 'Castel' sem koma frá Frakklandi og 'Green Globe', sem er mest ræktaður í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Suður-Afríku. Yrkin 'Verde Palermo' frá Ítalíu, 'Blanca de Tudela' frá Spáni, 'Argentina' og 'Española' koma frá Síle, 'Blanc d'Oran' Alsíe en 'Sakiz', 'Bayrampasha' frá Tyrklandi eru öll miðlungsstór og græn. Frá Ítalíu koma líka stór og purpuralitu afbrigðin 'Romanesco' og 'C3'. Purpurarauð og miðlungsstór þistilhjörtu er 'Violet de Provence' frá Frakklandi, 'Brindisino', 'Catanese', 'Niscemese' sem mest eru ræktuð á

Sikiley, frá Alsír 'Violet d'Algerie' og 'Baladi' frá Egyptalandi, 'Ñato' frá Argentínu og 'Violetta di Chioggia' frá Ítalíu. Yrkin 'Spinoso Sardo e Ingauno' og 'Criolla' frá Ítalíu og Síle eru með oddhvassari reifablöðum en almennt gerist, auk þess sem sem til eru ætiþistlar sem gefa af sér hvít þistilhjörtu.

Dæmi um ætthrein ætiþistlayrki sem ræktuð eru af fræi eru 'Madrigal', 'Lorca', 'A-106' og 'Imperial Star' sem aðallega eru notuð til niðursuðu. Grænu yrkin 'Symphony' 'Harmony', 'Concerto', 'Opal' og 'Tempo' eru með purpurarauð hjörtu. Einnig eru til yrki af ætiþistlum sem ræktuð eru sem skrautjurtir í görðum.

Það ætti því að vera ljóst að hægt er að fá mikið fjölbreytt úrval af þistilhjörtum ef maður leggur sig eftir því og að þistilhjörtu eru meira og annað en bara þistilhjörtu.

Hlutfall andoxunarefna í þistilhjörtum er sagt mjög hátt.



Á Ítalíu er bruggaður líkjör úr þistilhjörtum sem kallast Cynar.

Uppruni og saga

Samkvæmt grískum goðsögnum bjó eitt sinn ung og falleg stúlka sem hét Cynara á eyjunni Zinari í Eyjahafinu. Í heimsókn sinni til bróður síns, sjávarguðsins Póseidon, sá Seifur yfirguð stúlkuna tilsýndar og lagðist á gægjur og þrátt fyrir að stúlkan vissi af návist Seifs hræddist hún hann ekki. Seifur nýtti sér ófeimni stúlkunnar til að koma fram vilja sínum við hana og vegna ánægju sinnar með hana bauðst hann til að gera hana guðlega og búa nærri sér á Olympushæð. Stúlkan þáði boðið og bauð Seifur henni oft heim til sín þegar eiginkona hans Hera var í burtu. Að nokkrum tíma liðnum fór stúlkan að þjást af heimþrá og sakna móður sinnar og læddist í stuttar heimsóknir til mannheima. Þegar Seifur komst að þessari mjög svo ógyðjulegu hegðun fylltist hann reiði og þeytti stúlkunni aftur til mannheima og breytti henni um leið í plöntu sem við köllum ætiþistil.

Þistilhjarta er getið sem garðplöntu í kviðum Hómers og hjá gríska ljóðskáldinu Hesiod sem uppi var á áttundu öld fyrir Krist. Plantan var vel þekkt meðal Grikkja og Rómverja og segir Rómverjinn Pliny eldri frá ræktun hennar í borgunum Kartagó í Túnis og Kordóba á Spáni í einum af ritum sínum.

Gríski náttúrufræðingurinn og heimspekingurinn Theophrastur sem var uppi á þriðju og annarri öld fyrir Krist segir ætiþistla hafa verið ræktaða á Ítalíu og á Sikiley. Grikkinn Pedanius Dioscorides, sem var allt í sem læknir, grasa- og lyfjafræðingur á fyrstu öld eftir Krist, nefnir ætiþistil í frásögn um ferðalag sitt sem læknir í her Nerós Rómarkeisara. Síðar tók Dioscorides saman rit, De Materia Medica, þar sem hann segir frá lækningamætti ýmissa plantna og var eins konar plöntulækningabiblía allt fram á sextándu öld.

Grikkir og Rómverjar töldu þistilhjörtu til ástarörva og að neysla þeirra yki líkur á að undir kæmu drengir og neytti aðallinn þeirra í ómældu magni með hunangi, ediki og kúmeni.

Fræ af ræktuðum ætiþistlum fundust við fornleifarannsóknir á rómverskum steinnámum við Mons Kládíanus í Egyptalandi auk þess sem minjar um ræktun ólíkra yrkja ætiþistla á tímum Grikkja og Rómverja hafa fundist á Sikiley.

Auk hjarta blómsins lögðu Grikkir og Rómverjar blöð villtra og ræktaðra ætiþistla sér til munns. Líkt og bækur og böð féllu þistilhjörtu í


Óþroskuð blóm plöntunnar, blómbotninn og efsti hluti stöngulsins eru hin einu sönnu þistilhjörtu.

ónáð um tíma eftir fall Rómaveldis.

Talsverðar framfarir í ræktun og kynbótum ætiþistla áttu sér stað á Spáni í þau tæplega átta hundruð ár sem Márar eða múslimar frá norðanverðri Afríku réðu ólíkum hlutum landsins frá 711 til 1492

Í bók sinni Les Paysans de Languedoc frá 1966 segir franski sagnfræðingurinn Le Roy Laudurie frá lífi alþýðufólks á Ítalíu og Suður-Frakklandi á fimmtándu og sextándu öld og um leið frá útbreiðslu og nýtingu ætiþistla á sama tíma.

Laudurie segir meðal annars að ætiþistlar sem hafi verið mikið kynbættir af Aröbum hafi borist frá Napólí til Feneyja með ítalska fjársýslumanninum Filippo Strozzi árið 1466. Fyrstu árin leit aðallinn í Feneyjum á þistilhjörtu sem forvitnilega viðbót við mataræðið. Þegar nálgast tók aldamótin 1500 er minnst á ræktum ætiþistils í beðum við borgina Avignon í Frakklandi og mun ræktun þeirra hafa breiðst út þaðan til nærliggjandi borga næstu áratugina. Hollendingar kynntu Englendingum fyrir þistilhjörtum og garðyrkjumenn Hinriks áttunda ræktuðu þau við höll hans í Newhall 1530.


Ætiþistill með oddhvassari reifablöðum en almennt gerist.

Framan af sextándu öld þótti ekki við hæfi að aðalskonur borðuðu þistilhjörtu þar sem þau voru sögð slæva siðferðiskennd kvennanna þegar kom að freistingum holdsins.

Árið 1533 giftist hin fjórtán ára Katarína de Medici jafnaldra sínum Hinriki II, krúnuerfingja í Frakklandi, sem varð kóngur 1547. Katarína, sem var af ítölskum ættum, var mikill aðdáandi þistilhjarta og sagt að hún hafi aukið vinsældir þeirra hjá franska háaðlinum til muna.

Í dagbók franska lögfræðingsins Pierre de L'Estoile frá 19. júní 1576 segir að drottningin Katarína de Medici hafi verið matgírug og borðað svo yfir sig í brúðkaupi markgreifans de Lomenie og ungfrú de Martigues að hún hafi fengið flautandi niðurgang. Of miklu af þistilhjörtum og kjúklingalifur var kennt um magakveisu drottningarinnar.

Í samtímalýsingum er sagt að þistilhjörtun hafi verið lúxusvara á stærð við hænuegg og að gott væri að geyma þau í sýrópi. Samkvæmt því sem segir í bók náttúrunnar frá 1576 og er eftir Dr. Bartolomeo Boldo espa þistilhjörtu Venusareðli beggja kynja og hjálpa til að auka myndugleika rislítilla karlmanna.

Sagt er að þýski rithöfundurinn Goethe hafi haft orð á því eftir ferðalag sitt um Ítalíu 1768 til 1788 að fátæklingar þar í landi borðuðu þistla. Eitthvað sem hann gæti aldrei lagt sér til munns

Það munu aftur á móti hafa verið franskir og spænskir innflytjendur sem fluttu með sér ætiþistla vestur yfir haf til Louisiana- og Kaliforníuríkis í Bandaríkjunum og hófu ræktun þeirra þar snemma á átjándu öld. Vitað er að bæði George Washington og Thomas Jefferson, fyrsti og þriðji forseti Bandaríkjanna, ræktuðu ætiþistla í görðum sínum og segir Jefferson frá árangri ræktunarinnar í garðyrkjubók sinni.


Uppskera á þistilhjörtum er nánast öll með höndum.


Þistilhjarta af stærri gerðinni tilbúið til skurðar.

Þistilhjörtu bönnuð í New York

Á öðrum áratug síðustu aldar hafði ítalski mafíósinn Ciro Terranova „Whitey" söðlað undir sig nánast öllum þistilhjartamarkaðinum í New York og fékk hann fyrir vikið viðurnefnið Þistilhjartakóngurinn. Ákafi Terranova, sem var yfirleitt eldrauður og sveittur í andlitinu og þrútinn af brennivínsdrykkju, var slíkur við yfirtöku markaðarins að hann sendi kóna sína til að höggva niður ætiþistla í skjóli nætur á ökrum þeirra sem ekki vildu lúta honum. Stríðið um þistilhjartamarkaðinn leiddi til þess að borgarstjórinn, Fiorello La Guardia, reyndi að banna útstillingar, sölu og að hafa þistilhjörtu undir höndum í borginni árið 1937. Banninu var aflétt eftir viku enda sagðist La Guardia var mikill aðdáandi þistilhjarta og ekki geta verið án þeirra lengur.

Marilyn Monroe var kosin þistilhjartadrottning Kalifornúríkis árið 1949 og var það í fyrsta sinn sem sú merka fegurðarsamkeppni fór fram. Tveimur árum síðar hlaut hún titilinn ungfrú ostakaka en það er önnur saga.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið Cynars þýðir að planta sé með þyrnum en tegundarheitið cardunculus að plantan líkist þisli. Enska heitið artichoke er komið úr andalúsískri arabísku الخرشوف al-ḫaršūf. Á ensku er talað um bæði frönsk eða græn þistilhjörtu eftir því hvort þau eru ræktuð í Evrópu eða suðurríkjum Norður-Ameríku.

Á ítölsku kallast þistilhjörtu articiocco eða articoclos og heitin sögð dregin af orðinu cocali, eða furuköngull á ítalskri mállýsku sem töluð var í Lígúríu eða ítölsku Rívíerunni. Grikkir kalla þistilhjörtu kynara, Frakkar artichaut commun, Þjóðverjar, artischocke, gemüseartischocke eða kardone, Portúgalar alcachofra, Spánverjar alcachofa, alcaucil, cardo eða cardo de comer og Svíar kardon.

Auk þistilhjarta þekkjast heitin salatþistill og kambabolla á íslensku.

Ræktun, nytjar og neysla

Ætiþistla er hægt að rækta upp með því að skipta rótinni eða af fræi og yfirleitt er plöntum til framleiðslu á þistilhjörtum skipt út á nokkurra ára fresti. Plantan kýs næringarríkan jarðveg og reglulega vökvun og áburðargjöf yfir vaxtartímann. Plönturnar þola ekki að hiti fari niður fyrir frostmark.

Þistilhjörtu geymast fersk í tvær til þrjár vikur eftir skurð en endast illa og skemmast fljótt eftir matreiðslu.

Þistilhjörtu hafa talsvert verið notuð sem mótíf fyrir skrautmuni.

Í bók sinni Acetaria, A Discourse of Sallets frá 1699 fjallar Englendingurinn John Everlyn um neyslu á grænmeti og segir meðal annars um þistilhjörtu að þau séu skorin í fjóra hluta og borðuð hrá með ediki og pipar og séu þannig góð með vínglasi. Everlyn segir einnig gott að steikja þau í smjöri með steinselju.

Annars staðar segir að gott sé að borða fersk þistilhjörtu með hollandaise-sósu, mæjónesi, alíólósósu eða kreista yfir þau sítrónusafa. Þistilhjörtu eru niðursoðin í olíu og ómissandi á pítsur eða með hvítlauksbrauði.

Krónublöð blómstrandi ætiþistla eru víða notuð í te og á Ítalíu er bruggaður líkjör sem kallast Cynar í þistilhjörtum. Drykkurinn er bitur og oft blandaður með appelsínusafa.

Ætiþistill og þistilhjörtu á Íslandi

Það er ekki fyrr en á síðasta áratug síðustu aldar sem farið er að fjalla um ætiþistla og þistilhjörtu til matargerðar að einhverju ráði í íslensku blöðum. Eftir það eru þeir nokkuð reglulega nefndir og þá helst í tengslum við ítalska matargerð.

Í pistli Álfheiðar Hönnu Friðriksdóttur, Þistilhjörtun næra og græða!, í Morgunblaðinu 24. nóvember 1996, segir að mikið sé til af þistilhjartaheimildum „frá miðöldum þar sem talað er bæði um ætiþistilinn sem mat- og lækningajurt. Vísindamaður einn að nafni Amatus Lusitanus skrifaði um lækningamátt þistilhjarta í einu af ritum sínum. Þar mælir hann með ætiþistlarótum vegna þvagörvandi eiginleika þeirra og segir því ætiþistilinn vera árangursríkan í meðferð gegn svima, mígreni, bjúg og ófrjósemi. Á 18. öld hélt munkurinn Alessandro Nicolas því fram að blöð ætiþistils böðuð í Madeiravíni væru áhrifarík gegn gulu. Vísindalegar rannsóknir hafa staðfest hin góðu áhrif ýmiss konar ætiþistlameðferða, m.a. gegn of háu kólesteróli í blóði og einnig telja menn hann lifrarstyrkjandi og blóðhreinsandi svo eitthvað sé nefnt."

LESENDABÁS

Drög að matvælastefnu



Ari Trausti Guðmundsson.

Sú stefna markaðssamfélagsins að viðskipti séu eingöngu hagræn og eigi sjálfkrafa að vera sem mest er dregin í efa. Við myndina bætist misjafnt vistspor matvöru, lyfjanotkun í matvælaframleiðslu, fyrirhyggjulaus verksmiðjuframleiðsla og jafnvel rányrkja. Grænum gildum er haldið fram og kröfur um matvælaöryggi verða háværar þegar loftslagsváin eykst og samkeppni stórvelda um áhrifasvæði harðnar.

Eyjan Ísland fer ekki varhluta af þessari þróun. Kröfur koma fram um breytta stefnu í matvælaframleiðslu og innflutningi. Endurbætt matvælastefna í hnotskurn felur í sér sjálfbærni, lágt vistspor, hollustu, hreinleika, framleiðslu- og dreifingaröryggi og verðlag í samræmi við jafnt kaupmátt sem þessi lykilatriði er megininntak matvælastefnu sem hentar hér á landi.

Vor innri markaður

Við getum framleitt mikið af fiskmeti, kjötvöru, mjólkurvöru og grænmeti. Einnig töluvert af mat sem hefur lengi verið dæmigerð innflutningsvara; sumpart með nýtingu jarðvarma. Hlýnun loftslags bætir ræktunarskilyrði, t.d. í korn- og grænmetisræktun. Framleiðsla matvæla er nú að sumu leyti héraðsbundin og verður það ávallt. Engu að síður er mikilvægt að minnka þá bindingu og tryggja að fjölbreytt matvæli verði framleidd í öllum landsfjórðungum. Þar koma ekki aðeins við sögu loftslagsbreytingar heldur einnig hættan á að öflug eldgos, eða önnur vá, geti tímabundið hamlað fæðuöflun eða dreifingu matvæla.

Samhliða skynsamlegu skipulagi matvælaframleiðslu er afmiðjun hennar mikilvæg. Fleira kemur nefnilega til en fjárhagsleg hagræðing þegar horft er til vinnslu, framleiðslu og dreifingu matvæla. Sláturhús, fiskveiðar, afurðastöðvar, verslun og stöðvar með endurnýtingu lífrænna leifa verða að taka mið af vistspori matvöru, kominni til neytandans. Af þeim sökum þarf, að hluta, til að vinda ofan af samþjöppun í öllum þessum greinum. Fjölga og dreifa fyrirtækjunum. Gera á fólki kleift að kaupa matvöru eftir vigt og í vistvænum umbúðum, með lágu kolefnis- og vistspori og sem allra ferskasta. Samtímis minnkar matarsóun og dýravernd er betur tryggð.

Upprunamerking og fjölbreytni

Sú afmiðjun matvælaframleiðslu og vörudreifingu sem ýtir undir sjálfbærni og visthæfni hefur á sér aðrar hliðar. Aukin umverfisvitund neytenda leiðir til meiri áhuga á því að vita hvaðan matvara kemur og við hvaða aðstæður hún er framleidd. Áhugi fólks á að kaupa matvöru beint af framleiðanda hefur líka aukist. Með nýjum ferðamönnum, sem hafa reynslu af staðbundnum matvörum, vex áhuginn á uppruna matvara. Í upprunamerkingu felst líka hvati til framleiðenda um að stunda nýsköpun í sínum geirum. Alkunna er að staðbundin, jafnvel sérhæfð, matvælaframleiðsla gerir að verkum að neytendur horfa til sérkenna svæða og vinnsluaðferða. Það hvetur til að neyta matar, t.d. vegna bragðs og gæða, og leita uppi fjölbreytni í landshluta eða á milli landshluta. Ávinningur alls þessa er meiri en eintóm fjárhagsleg hagræðing eða stöðug samþjöppun skilar neytendum og samfélaginu.

Vistspor innflutnings

Sjálfbærni matvælaöflunar á Íslandi miðar nú (og mun miðast) við einstakar greinar en ekki matvælageirann í heild. Lega landsins er mjög fjölbreyttri matvælaframleiðslu of erfið. Í öllum tilvikum verða þrír þættir sjálfbærni að vera uppfylltir; sá sem snýr að náttúru, sá samfélagslegi og efnahagsþátturinn. Ákveða verður hvort viðmið sjálfbærni skuli taka til heildarferlis vöru frá uppruna til neytandans eða aðeins til ólíkra þátta ferlisins, hvers fyrir sig. Jafnvel til þess hvort lífsferlisgreining (LCA) eigi við. Hún greinir allt ferli vörunar frá ræktun/framleiðslu til eyðingar þess sem eftir verður og gerir okkur kleift að meta vistsporin. Þar skiptir lífræn ræktun miklu máli. Vistspor lífrænna innlendra vara er lægra en sambærilegra vara úr hefðbundinni ræktun.

Ljóst er að sjálfbært og kolefnishlutlaust Ísland mun styðjast við innflutning matvæla í verulegu magni. Fjárhagsleg hagkvæmni er ekki mikilvægasta mælistikan á hvað skuli flutt inn og hvernig, og hvað ekki. Fyrsta mælistika á einfaldlega að vera vistspor vöru. Það leiðbeinir hennar; heima fyrir eða erlendis. Auk þess er sjálfsagt að gæta að árstíðum og haga snjöllum innflutningi eftir þeim. Með því má lágmarka langar flutningsleiðir með matvæli af suðurhveli jarðar og miðbaugssvæðum. Sannarlega er verð til neytandans mikilvægt í reiknidæminu. Í því skyni verðum við að samþætta verð og vistspor og viðurkenna að verðlag skuli taka mið af viðbrögðum við loftslagsvá, ekki bara innflutningsverðinu. Um leið ber að tryggja holl matvæli og sem hreinust. Einfaldar lausnir í matvælastefnu á borð við innflutning matvöru vegna lágs verðs eingöngu, eða ofuráhersla á samkeppni, geta hvorki tryggt okkur vistvænar vörur né hollustu. Sú úrelta markaðshagfræði stenst ekki hækkandi hitastig um alla jörð.

Hollusta í fyrirrúmi

Af hverju horfa æ fleiri til hollustu þess sem þeir leggja sér til munns? Ein ástæðan er aukin vitneskja um áhrif fæðu á heilsufar manna. Önnur er vaxandi óþol fólks gagnvart stórbúskap með eins konar verksmiðjuyfirbragði sem nýtir lyf og plöntuvarnarefni í miklum mæli. Enn önnur ástæða er fráhvarf í ýmiss konar ræktun frá gróðurmold (önnur efni notuð í staðinn) og frá hollri fóðri dýra í ræktun eða eðlilegum aðbúnaði þeirra. Nú orðið hafa æ fleiri neytendur áhuga á ferskum matvælum í stað vöru sem er fryst, íblönduð eða forelduð, hvað þá geymd í málmdósum eða plastumbúðum. Sum efni í plasti sýna sig að vera skaðleg.

Viðhorfin ýta undir innlenda framleiðslu og gæðakröfur til innfluttra matvæla. Hér á landi er lyfjanotkun í lágmarki og hreinleiki mikill vegna prýðilegs vatns og jarðvegs, að mestu án mengunar. Íslensk húsdýr eru við góða heilsu jafnt yfir. Ástandið er breytilegt eftir viðskiptalöndum okkar en tvær staðreyndir þó ljósar: Sýklar og veirur eru mun algengari í matvælum í allmörgum viðskiptalandanna en hér og lyfjanotkun, einkum sýklalyfja, algeng. Plöntuverndarvörur eru nýttar á Íslandi en í minna mæli en í viðskiptalöndunum, og nánast ekkert í ylræktinni. Þetta kann þó að breytast með hlýnun loftslagsins og aðkomu fleiri skaðlegra lífvera en áður.

Breyttar áherslur

Flestir sérfræðingar eru sammála um að landræktun dýra til matar, t.d. jórturdýra, hefur nú þegar valdið of miklu álagi á jarðveg, lággróður, skóga og vatnsbirgðir heimsins. Rétt er að minnka heildarneyslu dýraafurða af landi. Þó er það staðbundið hvað hentar best, í samræmi við ræktunarskilyrði, landrými og fleira. Mörgum húsdýrum fylgir mikill úrgangur og einnig framleiðsla metans sem er erfið gróðurhúsalofttegund.

Manneldismarkmið eru ólík frá einum heimshluta til annars. Engu að síður er mikilvægt að minnka kjötneyslu umtalsvert á heimsvísu og auka jurtaneyslu að ákveðnu marki sem aldrei verður fullsett. Slíkt ýtir undir heilnæma lífshætti sem fylgja fjölbreyttri fæðu. Mikil tækifæri bíða hérlendis í ræktun grænmetis og berja utandyra, í gróðurhúsum og í jarðvegi upphituðum með affallsvatni. Þar kemur við sögu hreinleiki og engin notkun plöntuverndarefna í gróðurhúsum en fremur lítil í utanhússræktun. Sum störf er unnt að vélvæða og stunda innræktun í mjög stórum einingum. Hér verður ekki fjallað um útflutning matvöru af landi en þar liggja þó miklir hagsmunir, einkum í ylræktinni; að töluverðu leyti ný stóriðja, ef vistvænir flutningar eru tryggðir.

Nýsköpun

Hér á landi er verið að þróa fæðubótarefni úr sjávarfangi, sem kann að minnka losun metans frá húsdýrum svo um munar, og bæta fóðrun dýra í sama markmiði. Matvælastefna verður að ríma vel við fjölbreytta nýsköpun. Hún getur snúist um fjölbreyttari og hollari matvöru, nýtingu hráefnis sem hefur verið sniðgengið og bættar geymsluaðferðir. Lykilatriðin eru bætt nýting hráefnis og endurnýting úrgangs úr alls konar framleiðsluferlum, hvort sem er t.d. mysu, blóðs eða afskurðar; jurtaleifa eða lífræns áburðar úr jarðgerð. Nýsköpun hlýtur líka að beinast að því að lágmarka kolefnisspor í matvælaframleiðsu og dreifingu matvöru.

Byggðastefna er forsenda matvælaöryggis

Matvælaframleiðsla í borgum og bæjum er hreint ekki útilokuð en hún verður ekki meginþáttur í tryggri matvælastefnu. Til hennar þarf öfluga, innlenda öflun matvæla, hvort sem er í dreifbýli eða úti á sjó og í ferskvatni. Innfluttar og mikilvægar viðbætur í vöruúrvali hér á landi verða heldur ekki meginþáttur í matvælastefnunni.

Nægur fjöldi býla, fleytur til sjósóknar, heilbrigðir stofnar dýra, hvort sem er í landbúnaði eða úti á mörkinni og í sjó, ásamt verkkunnáttu fólks eru forsendur matvælaöryggis. Þess vegna er matvælastefna líka byggðastefna og raunar flest önnur stefnumótun sömuleiðis, allt frá ferðamennsku til velferðaþjónustunnar. Matvælastefna sem hluti byggðastefnu (og öfugt!) nýtir ólíkar aðstæður og sérkenni landshluta til að verða aðlaðandi í augum þorra kaupenda. Gildir einu til hvaða landshluta er horft. Hófleg dreifing matvælaframleiðslu um landið allt í byggð eykur öryggi og minnkar öll helstu vistspor.

Ari Trausti Guðmundsson
Höfundur er þingmaður VG í Suðurkjördæmi

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 3. apríl 2019, kl. 19:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá:
1. Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykkta félagsins.
2. Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Þróunarmál - Aukin söluverðmæti ullar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.
Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ á fundardag.

Mosfellsbæ, mars 2019.
Stjórn ÍSTEX hf.



Göngum til liðs við gróðurinn

Með straumum vinds og sjávar nam melgresisfræ land og tók að vaxa hér rétt eftir síðustu ísöld eða þegar jöklar hófu að hopa. Því má segja að melgresi sé ein af landnámsplöntum íslensku flórunnar.

Fyrr á tímum var melgresi nýtt frá rót til fræja. Nytjahlutir voru ofnir úr löngu rótarkerfinu, stráin voru nýtt til einangrunar og fullþroska korn nýtt í matseld. Því má halda því fram að melgresi og nýting þess sé hluti af íslenskum menningararfi sem vert væri að halda til haga og jafnvel endurvekja. Nú til dags er melgresi nánast eingöngu nýtt til landgræðslu en það vex og dafnar á sandauðnum og er mikilvæg brú á milli svartra sanda og samfelldrar gróðurþekju.

Ísland er að stórum hluta þakið svörtum sandi þar sem lítill sem enginn gróður vex, en þegar við mannfólkið settumst að hér á þessari eyju úti í ballarhafi var Ísland þakið gróðri. Með ágangi okkar manna hafa vistkerfin hrunið vegna ósjálfbærrar landnýtingar, hamfara svo sem eldvirkni og veðurfars eða samblands allra þessara þátta og gróðurþekjan hefur því snarminnkað. Nú þegar höfum við glatað heilu landsvæðunum en til þess að ekki fari verr þurfum við að grípa inn í af enn meiri krafti svo að landið okkar og jarðvegur spænist ekki upp á komandi árum.

Til þess að vindurinn feyki ekki sandinum/jarðveginum út í buskann þarf hann bindingu og þar kemur gróðurinn til skjalanna, hann bindur jarðveg. Gróður er afar takmarkaður á sandauðnum landsins og þær eru því vindinum auðveld bráð. Aðgerðir til að hefta sandfok og binda jarðveg eru því afar brýnar. Jarðvegur er okkur lífverum hér á jörðinni einstaklega mikilvægur. Hann sér okkur fyrir næringu og veitir okkur skjól. Jarðvegur geymir sögu og býður okkur upp á útivist, afþreyingu og miðlar vatni. Jarðvegur vinnur fyrir okkur það mikilvæga verk að varðveita næringarefni og




binda niður kolefni sem finnst í andrúmsloftinu. Þegar sandur eða önnur jarðefni takast á loft og fjúka getur mikil eyðilegging átt sér stað. Sandurinn eyðir grónu landi í kring og smátt og smátt kæfir hann gróðurinn og sandauðnirnar stækka. Það er því nokkuð ljóst að við þurfum að bretta upp ermar og koma í veg fyrir fekari skaða en þann sem þegar er orðinn. Þó að sandauðnirnar færi okkur sérstæða náttúrufegurð og víðáttumikla auðn sem heillar marga þá eru þær okkur frekar til ama en hitt. Þær takmarka meðal annars fjölbreytt dýra- og gróðurlíf, eyða öðrum gróðri og minnka loftgæðin.

Kjöraðstæður fyrir vöxt og viðgang melgresis er sandur. Þegar melgresi sest þar að lifir það þar um nokkurt skeið þar til aðrar plöntur nema þar land og þegar fram í sækir víkur melgresið fyrir öðrum gróðri. Gróðurinn bindur jarðveginn og smátt og smátt byggist upp jarðvegur þar til gróðurþekja hylur landið. Það hefur í för með sér að jarðvegur hefst síður á loft, mengar síður og eyðir ekki öðrum gróðri. Dýralíf dafnar bæði ofan jarðar og neðan. Fuglalíf verður fjölbreyttara og ýmiss konar skordýr og örverur setjast þar að. Landgræðslan hefur nýtt melgresi til uppgræðslu í meira en hundrað ár með góðum árangri. Hún hefur samt ekki undan.

Nú er kominn tími til að við endurgjöldum móður jörð og bætum fyrir áganginn með því að komast í snertingu við okkar eigið land. Hvað með að safnast saman á sandinum með fræ í skjóðu sem skjóta rótum með hækkandi sól? Göngum til liðs við gróðurinn og hjálpum jarðveginum að græða sín sár sjálfur með hjálp melgresis. Hugum að sjálfbærri framtíð með það að leiðarljósi að endurheimta jörð og jarðveg.

Signý Jónsdóttir,
nemandi við vöruhönnunardeild Listaháskóla Íslands

BÍLSKÚRSHURÐIR



✔ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
✔ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
✔ HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR
✔ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
✔ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



IS HURÐIR

IS Hurðir ehf. | Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
564 0013 / 865 1237 | logi@ishurdir.is | **www.ishurdir.is**

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Ford, Zetor, Fiat, Case IH, New Holland, McCormick, Deutz-Fahr, Steyr, Massey Ferguson, Claas

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

NBÍ

Dýralæknir óskast til starfa

Nautastöð Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða dýralækni til starfa. Mögulegt er að um hlutastarf verði að ræða.

Starfið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:

1. gæðaeftirliti á stöðinni.
2. rannsóknum og skimun á sæði.
3. alhliða frjósemisleiðbeiningum fyrir frjótækna og bændur.
4. námskeiðum fyrir nýja frjótækna.
5. umsjón með heilbrigði og velferð nauta á stöðinni.
6. öðrum verkefnum sem honum eru falin.

Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- sérmenntun í frjósemi jórturdýra.
- reynslu í kúasæðingum.
- reynslu af starfi við sæðingastöð.
- reynslu af frjósemisleiðbeiningum til bænda.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Umsóknum, ásamt fylgiskjölum, skal skila til Sveinbjörns Eyjólfssonar á Nautastöð BÍ fyrir 15. apríl nk. Nánari upplýsingar um starfið gefur Sveinbjörn Eyjólfsson í gegnum netfangið bull@emax.is

Á FERÐ & FLUGI

Þar sem kommúnisminn er enn við völd og ríkið er yfir og allt um kring

Kúba er mörgum enn þá býsna fjarlægt land og vitneskja þeirra sem ekki hafa heimsótt það mikið til bundin við ímyndir, s.s. Castró, vindla, romm og mögulega gamla bíla. Sjálfsagt var svo um flest okkar sem slógumst í för með ferðaskrifstofunni 2Go Iceland Travel/Kúbuferðum undir styrkri stjórn eigendanna og fararstjóranna Guðna Kristinssonar frá Skarði í Landsveit og heimamannsins Carlosar Suarez nú í byrjun mars.

Kúba er eyja ögn stærri en Ísland og hana byggja um 11 milljónir manna. Við fyrstu sýn er sem tíminn hafið staðið í stað sl. 40–50 ár. Gamlir bílar og hestvagnar hlið við hlið á vegum sem eru mis vel haldnir. Hús hrörleg, vélvæðing gamaldags, vöruframboð takmarkað, tölvur fágætar og internetið aðeins aðgengilegt á fáeinum torgum og þá skamma stund í senn. Landið sjálft býr yfir hlunnindum, s.s. nikkel og olíu og ágætum aðstæðum til landbúnaðar, enda sykur og tóbak þar veigamiklir þættir. Samt þarf að flytja mikið inn af matvælum og þar sem viðskiptahöft hafa verið við Bandaríkin hafa Kanada, Suður-Ameríkuríki og Kína verið helstu viðskiptalönd.



Tvenn þingeysk bændahjón voru í hópnum, þau Þórey og Bjarni á Hvoli og nágrannar þeirra, Sigrún og Árni í Brúnahlíð. Bjarna og Árn,a sem höfðu gripið með sér málgagn bænda, fannst viðeigandi að afhenda kollega sínum eintak af Bændablaðinu ásamt orðabók sem Adrian fær í næstu ferð.




Á byltingartorginu.



Á hverjum virkum morgni var götunni framan við hótelið í Havana lokað og fullorðinn maður leiddi eldri borgarana í Chi gong. Íslendingar slógust í hópinn. Síðan breyttist hún í leikvöll skólabarnanna.





Guðni fararstjóri messar yfir hópnum í Trinidat, bæ sem er á heimsminjaskrá UNESCO.



Lifandi tónlist, einkenni kúbverskrar götumyndar.

Kommúnisminn enn við völd

Kommúnisminn er enn við völd og ríkið er yfir og allt um kring, á landið, mest af húsnæði og skaffar flestum atvinnu, en sér um leið þegnum sínum fyrir ókeypis menntun og velferðarþjónustu. Öll fyrirtæki eru því í meirihlutaeigu ríkisins og gildir það einnig með erlenda fjárfesta, ríkið á alltaf 51%.

Einn af hápunktum ferðarinnar var heimsókn í Viniales þjóðgarðinn sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar í hömrum girtum sigdalnum heimsóttum við Adrian, ungan bónda á býlinu Finca Macondo, sem ræktar tóbak og framleiðir sína eigin vindla ásamt því að taka á móti ferðamönnum, en ferðaþjónusta fer stigvaxandi á Kúbu, þó með miklum afskiptum stjórnvalda. Þetta er dæmigert fjölskyldubýli þar sem tóbak er ræktað á 2,5 hekturum. Á uppskerutímanum starfa um 20 manns á bænum og 5 við leiðsögn. Um lífræna framleiðslu er að ræða, byggða á gömlum hefðum í ferlinu öllu.

Það sem greinir vindla-framleiðsluna að er nýting plöntunnar. Adrian nýtir hana alla nema stilki blaðanna, sem innihalda mikið nikótín, og handvefur hvern vindil sem er tímafrekt. Til dæmis þarf að velta þeim í 5 mínútur til að jafna lögunina áður en þeir eru límdir aftur með hunangi, pakka þeim inn í bréf yfir nótt til varðveislu raka og þess háttar. Fyrir alla þessa vinnu fær bóndinn aðeins að halda eftir 10% framleiðslunnar fyrir sig til framfærslu þar sem ríkið krefur hann um 90%.

Andstæður og nægjusemi

Fyrstu orðin sem koma upp í hugann eftir nokkurra daga dvöl eru því andstæður og nægjusemi. Með 3.000 króna meðallaun á mánuði er nokkuð ljóst að slíkt gengur ekki upp í huga okkar allsnægtarfólksins. Því er erfitt að skilja hvernig endar ná saman og í rauninni ógerlegt.

Flestir reyna að drýgja tekjurnar með einhvers konar aukavinnu eða braski og sennilega má kalla hagkerfið margfalt. Sé spurt er svarið yfirleitt: „... svona er Kúba“.

Mannlífið er stórkostlegt, fjölbreytt og fjörugt. Gleði skein úr hverju andliti og ekki beinlínis hægt að tala um augljósa fátækt þrátt fyrir takmarkað aðgengi að ýmsu. Og tónlistin ... – Hvarvetna á veitingastöðum á götum og torgum seiðandi salsa, söngur og framúrskarandi vel leikið á hljóðfæri sem sum hver eru komin vel til ára sinna. Gamla ameríska bíla í ótrúlega góðu ástandi bar alls staðar fyrir augu, en takturinn í gangverkinu truflaði nokkuð glögga bílaáhugamenn þar sem búið var að skipta því út fyrir díselrokka og tapa þar með sjarmanum.

Ferðin var í alla staði stórkostlegt ævintýri. Vel upp byggð, vel skipulögð og ákaflega fræðandi. Gist var mestmegnis í heimagistingum sem gaf mikla nánd við heimafólk og lífsmáta þess. Ferðafélagarnir komu víðs vegar að af landinu, samstilltur hópur sem naut lands og þjóðar. Þeir félagar Guðni og Carlos skipuleggja nokkrar ferðir á ári til Kúbu og nú eru þeir með í kortunum bændaferð þar sem búháttum á Kúbu verða gerð enn betri skil.

Við kveðjum með virktum Kúbu og þjóð
Carlos, Guðna og hina.
Snúum til baka röndótt, rjóð
með reynsluna í digrum sjóð.
Og hefur orðið býsna vel til vina.

Gunnar Rögnvaldsson
Löngumýri



Sorphirðing í Casildas.




Afinn Eduardo plægir tóbaksakurinn fyrir næstu sáningu.

LESENDABÁS

Ísland ljóstengt



Haraldur Benediktsson.



Hringtenging Vestfjarða og Snæfellsness voru fyrstu málin sem fengu fjárveitingu í átakinu.

Á vettvangi bænda hafði á árunum frá 2011 aukist mjög áhugi á uppbyggingu öflugra fjarskipta í sveitum. Bændasamtökin hafa lengi látið sig fjarskipti varða, enda þau mikilvæg fyrir líf og atvinnulíf sveitanna. Margar lausnir hafa þar verið ræddar og markvisst var fylgst með framgangi þeirra mála í nágrannalöndum okkar. M.a. hafði vakið athygli frumkvæði bænda í lagningu ljósleiðara um sveitir og framgangur þess.

Hér á landi var merkilegt frumkvæði bænda og íbúa í Öræfasveit, sem lögðu þar framtíðar ljósleiðarakerfi. Fleiri sveitarfélög höfðu fylgt í kjölfarið og nýtt samleið með hitaveituframkvæmdum, og lagt annaðhvort rör fyrir ljósleiðara og eða þráð og byggt þannig upp ljósleiðarakerfi fyrir íbúa sinna.

Hugmynd að átaki í lagningu ljósleiðara kynnt 2012

Snemma árs 2012 átti ég fund með Páli Jónssyni og Evu Magnúsdóttur hjá Mílu um framtíðarskipulag fjarskipta í sveitum. Míla, sem allir þekkja, hélt á grunnkerfi fjarskipta í sveitum. Undir lok ársins 2012 kynntu Páll og Eva hugmynd að átaki í lagningu ljósleiðara. Páll og Eva lögðu í raun fyrst grunn að þeirri hugsun að mögulegt væri fjárhagslega að kljúfa þann kostnað – en þá með aðkomu hins opinbera.

Þann fund sátu nokkrir alþingismenn sem hóað var í með stuttum fyrirvara. Lausn þeirra opnaði augu okkar margra fyrir því tækifæri sem gæti verið í átaki um lagningu ljósleiðara um sveitir. Míla kynnti síðan ráðherra fjarskiptahugmyndir sínar.

Nú háttaði þannig til að sá sem þetta ritar var á þeim tímamótum að hverfa frá formennsku fyrir samtök bænda og í framboði til Alþingis. Var raunar kjörinn alþingismaður vorið 2013.

Það var þessi hugmynd Mílu og nálgun sem var grunnur að þeirri baráttu sem ég hóf strax sumarið 2013, fyrir aðkomu stjórnvalda að því að leggja málinu lið.

Starfshópur lét vinna kostnaðargreiningu

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, tók strax frumkvæði í málinu og skipaði starfshóp um fjarskipti. Í þeim hópi var ég skipaður formaður og félagi minn Páll Jóhann Pálsson þingmaður var einnig skipaður í hópinn, ásamt fulltrúum m.a. úr atvinnulífinu.

Starfshópur minn lét vinna vandaða kostnaðargreiningu á lagningu ljósleiðara um sveitir landsins. Niðurstaða þeirrar könnunar var grunnur að þeim tillögum sem hópurinn skilaði af sér og lagði til átak í fjarskiptum. Niðurstaða var að kostnaður við að ná 99,9% útbreiðslu á a.m.k. 100 mbs tengingum væri um 6 milljarðar.

Aukinn og vaxandi þrýstingur sveitarfélaga um endurbætur á fjarskiptum

Á sama tíma starfaði ég í fjárlaganefnd Alþingis. Á þeim vettvangi kom vel fram aukinn og vaxandi þrýstingur sveitarfélaga um aðkomu stjórnvalda að endurbótum á fjarskiptum. Fyrir fjárlagagerðina 2014 og aftur 2015 var málið eitt af aðalmálum sveitarfélaganna að vinna að úrbótum í fjarskiptum.

Hringtenging um Vestfirði

Við fjárlagagerðina 2015 gerði meirihluti fjárlaganefndar breytingartillögu um fjármagn til að tryggja að hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og Snæfellsnes voru tryggðir. Var það fyrst fjármagnið sem veitt var til átaksins. Tillagan okkar til breytinga á fjárlagafrumvarpinu hlaut stuðning allra flokka á Alþingi.

Ólöf Nordal hafði þá tekið við ráðuneyti fjarskipta. Hún var ekki síður en Hanna Birna áfram um að leita leiða til úrbóta. Ólöf Nordal skipaði okkur Pál Jóhann ásamt núverandi iðnaðaráðherra í verkefnishóp um að vinna að útfærslum á tillögum fyrri starfshóps. Ætlun Ólafar var mjög skýr – að vinna að framgangi þess að tryggja að sú áætlun næði fram að ganga.

500 milljónir í átakið við fjárlagagerð 2016

Við fjárlagagerðina 2016 tók meirihluti fjárlaganefndar, undir forustu Vigdísar Hauksdóttur og Guðlaugs Þór Þórðarsonar aftur til óspilltra mála. Breytingartillaga við fjárlagafrumvarp – um að veita 500 milljónum til átaks í lagningu ljósleiðara. Aftur var það samþykkt á Alþingi.

Með þá fjármuni hafði verkefnishópurinn í fyrsta sinn tækifæri til að hrinda af stað þessu mikilvæga og merkilega átaki Ísland ljóstengt.

Hugmyndin að fá sem flestar tengingar fyrir sem minnst fjármagn

Aftur tókum við Páll Jóhann, ásamt starfsmönnum ráðuneytis Ólafar Nordal, til við að útfæra átakið. Það verður ekki rakið hér hvernig að því var staðið – en megin hugmyndin var sú að fá sem flestar tengingar fyrir sem minnst fjármagn. Sveitarfélögin og kraftur heimamanna var því virkjaður. Að vinna að þessum grunninnvið samfélagsins.

Virkjun heimamanna var lykillinn að farsæld verkefnisins

Það er lykillinn að farsæld og framgangi Ísland ljóstengt að hafa leitað til heimamanna um að takast á við verkefnið. Það hefur tryggt þann árangur sem nú er að koma í ljós.

100 milljónir til viðbótar 2016

Vatnaskil verða aftur við ný lög um opinber fjármál. Fjármálaáætlun í raun tryggði til lengri tíma að hægt væri að ljúka átakinu. Jón Gunnarsson, ráðherra byggða- og samgöngumála, lagði til 100 milljónir til viðbótar árið 2016 til að efla enn frekar stöðu veikari byggðarlaga. Sú ákvörðun Jóns var mjög mikilvæg og tryggði í raun að hægt var að ljúka því.

Bæði fjármálaáætlun ríkisstjórnar Bjarna Benedikssonar og Katrínar Jakobsdóttur hafa síðan staðfest mikilvægi átaksins.

Skipaður formaður Fjarskiptasjóðs 2016

Ólöf Nordal skipar mig formann stjórnar Fjarskiptasjóðs frá 1. janúar 2016 til að tryggja framgang verksins. Það hefur bæði verið flókið og krefjandi að láta slíkt ganga upp.

Frá haustdögum 2018 hefur verið unnið að útfærslu á breyttri nálgun við að tryggja að endalok átaksins verði. Góð mynd var komin á það verk um áramót, þegar núverandi samgönguráðherra ákvað að skipa mig ekki formann Fjarskiptasjóðs áfram. En til leiks var kallaður Páll Jóhann Pálsson, sem allan tímann hefur fylgt þessu átaki með mér. Ég hef setið með Páli í stjórn fjarskiptasjóðs frá áramótum ásamt Margréti Gauju Magnúdóttur.

Það var aldrei í mínum huga kostur að hverfa frá þessu verki – án þess að sjá fyrir endann á þessu mikilvæga verki – sem ég hef barist svo lengi fyrir.

Núna hefur Fjarskiptasjóður birt tilboð til sveitarfélaga, á grundvelli fjármálaáætlunar til 2021.

Átakið hefur skilað Íslandi í fremstu röð

Þegar horft er til baka, og eftir að hafa fylgt þessu mikla innviðaátaki frá frumbernsku þess – er ekki úr vegi að líta til baka og meta árangur. Átakið hefur m.a. skilað Íslandi í fremstu röð allra þjóða í fjarskiptum. Þegar staða mála er greind í nágrannalöndum okkar sést að okkur hefur tekist hið ómögulega. Að fámennri þjóð í stóru landi hefur tekist að byggja upp grunnkerfi framtíðar fjarskipta.

Þessum áfanga hefðum við ekki náð nema vegna framsýni ráðherranna Hönnu Birnu, Ólafar Nordal og Jóns Gunnarssonar. Eða meirihluta fjárlaganefndar árin 2013–2016. Þetta fólk gerði þetta mögulegt, ásamt góðum stuðningi allra flokka á Alþingi.

Aðferðafræðinni mætti beita við aðra inviðauppbyggingu

Okkur getur greint á um leiðir og aðferð. Ég segi hins vegar hiklaust að sú aðferð sem okkur lánaðist að vinna með og mótuð var af góðu fólki og ráðgjöfum í samgönguráðuneytinu er til eftirbreytni. Þeirri hugsun og aðferð má vel beita til framfara og sóknar við aðra innviði – eins og rafmagn og tengivegi.

Ég skal vel viðurkenna að margar vinnustundir, ferðalög og margir fundir hafa skilað þessu verki áfram. Árangurinn er miklu meiri og betri en ég þorði að vona.

Haraldur Benediktsson
alþingismaður



UTAN ÚR HEIMI

Aukin matvælaframleiðsla á heimsvísu næstu árin

Framleiðsla á landbúnaðarvörum og fiski mun aukast um 16 prósent frá árunum 2018 til 2027 samkvæmt áætlunum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sé rýnt í skýrslu sem norska landbúnaðarráðuneytið sendi frá sér á dögunum um matvælaframleiðslu í heiminum má sjá að Kínverjar, sem eru vaxandi markaður, eru öflugir á mörgum sviðum þegar kemur að landbúnaði.

Kínverjar eru stærstu framleiðendur af fersku grænmeti í heiminum þar sem tómatar og kálframleiðsla eru mikilvægustu vörurnar. Þriðja stærsta útflutningsþjóð á grænmeti er Holland en fjórði stærsti framleiðandi á fersku grænmeti í heiminum er Tyrkland. Stærstu mjólkurframleiðendur í heiminum eru Indverjar en þeir nota langmestan hluta sjálfir og aðeins brotabrot af framleiðslunni er flutt út til nálægra landa. Á Nýja-Sjálandi er allt annað upp á teningnum þar sem 95 prósent af mjólkurframleiðslunni er flutt úr landi. Indland, Evrópusambandið og Bandaríkin framleiddu yfir helmingi heildarframleiðslu mjólkur árið 2017, eða rúmlega 820 milljónir tonna. Þrátt fyrir það var það Nýja-Sjáland sem átti hlutdeild í nærri 30 prósenta útflutningi á mjólkurvörum það sama ár.

Nautakjötsframleiðsla í Brasilíu

Kínverjar framleiddu yfir 54 milljónir tonna af svínakjöti árið 2017, eða um 46 prósent af öllu svínakjöti sem framleitt er í heiminum. Samt sem áður voru þeir á sama tíma stærsti innflytjandi svínakjöts í heiminum. Á síðasta ári braust út afríkönsk svínapest í Kína sem varð til þess að á ákveðnum svæðum í landinu var öllum svínum slátrað og fargað en það virðist ekki enn sem komið er hafa áhrif á neyslu eða innflutning þar í landi.


Framleiðsla á nautgripakjöti jókst milli áranna 2017 og 2018. Það gerðist einnig í Brasilíu og aukningin þar var fjórfalt meiri en til dæmis öll framleiðsla Norðmanna árið 2018. Brasilíumenn hafa undanfarin ár haft ákveðnar áskoranir með framleiðsluna hjá sér, árið 2017 var hulunni svipt af spillingar- og mataröryggishneyksli sem tengdist kjötiðnaði þar í landi. Í framhaldinu komu mörg lönd á innflutningshöftum frá landinu og sum þeirra gilda enn þá. Útflutningsmarkaður Brasilíumanna heldur áfram að aukast þegar kemur að nautgripakjöti og þannig eru Kína, Egyptaland og Chile orðnir stórir kaupendur.

Kínverjar sterkir í svína- og lambakjöti

Kínverjar eru ekki eingöngu stórir í framleiðslu á svínakjöti því árið 2017 framleiddu þeir rúm 30 prósent af öllu lambakjöti í heiminum. Á sama tíma fluttu þeir inn um 30 prósent af heildarinnflutningi lambakjöts í heiminum. Stærstu útflutningsaðilarnir eru Ástralir og Nýja-Sjáland sem eru með tæp 90 prósent af heimsmarkaðnum.

Síðustu 50 ár hefur framleiðsla á alifuglakjöti aukist til muna en upp úr 1960 framleiddi hver heimshluti á bilinu núll til fjórar milljónir tonna af alifuglakjöti. Í dag framleiða löndin í Asíu um 40 milljónir tonna á ári og Suður- og Mið-Ameríka framleiða yfir 25 milljónir tonna. Vöxturinn í Bandaríkjunum árið 2017 var yfir ein milljón tonn af alifuglakjöti.

/Bondebladet-ehg



Rauð svæði eru þar sem flest dýr í útrýmingarhættu er enn að finna.

Heimur á helvegi:

Tólf hundruð dýrategundir nánast útdauðar

Samkvæmt kortlagningu vísindamanna við Háskólann í Queensland í Ástralíu eru rúmlega 1.200 dýrategundir í heiminum svo gott sem útdauðar, ef þannig má að orði komast. Á það jafnt við um fugla, froska og spendýr. Yfir 90% þessara dýra eru í hættu vegna rasks á kjörlendi þeirra.

Kortlagningin náði alls til 5.457 dýra sem á einn eða annan hátt eru talin í hættu vegna mannlegra athafna á kjörlendi dýranna. Meðal þátta sem taldir eru valda mestri hættu fyrir dýrin er aukin landnotkun vegna landbúnaðar og útþenslu borga, samgöngumannvirki, námugröftur, skógareyðing, ljósmengun, og mengun.

Niðurstaða kortlagningarinnar sýndi að 1.237 dýrategundir eru í svo alvarlegri hættu að nánast er annað útilokað en að þær muni deyja út á næstu árum verði ekkert að gert til að vernda kjörlendi þeirra og það strax. Allra verst er ástandið sagt vera hjá 395 tegundum. Spendýr eru sögð vera 52% þeirra dýra sem eru í mestri hættu.

Lönd þar sem ástandið er verst og flest dýr eru sögð vera í hættu eru Brasilía, Malasía, Indónesía, Indland, Mían mar og Taíland. */VH*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Á FAGLEGUM NÓTUM



Kvægkongres 2019. Bóndin og stjórnarformaður Landssamband kúabænda í Danmörku, Christian Lund.
Myndir / Landbrugsavisen

Kvægkongres 2019



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Landssamband kúabænda í Danmörku hefur sett það sem markmið að draga úr notkun á sýklalyfjum í bæði mjólkur- og kjötframleiðslu.

Hið árlega og þekkta Kvægkongres var haldið á dögunum í Herning í Danmörku og venju samkvæmt var um blandaða ráðstefnu að ræða, þ.e. bæði aðalfund þarlendra kúabænda og svo fagþing dönsku nautgriparæktarinnar.

Það er alltaf jafn áhugavert að fylgjast með því sem er að gerast í Danmörku á sviði mjólkurframleiðslu og nautgriparæktar, enda leiða danskir kúabændur aðra evrópska kúabændur þegar horft er til ýmissa atriða sem lúta að búskapnum s.s. varðandi bústærð, afurðasemi kúa, lágt sótspor (kolefnisfótspor) framleiðslunnar og svo mætti lengi telja.

Setja sér skýr markmið

Rétt eins og Landssamband kúabænda hefur gert hér á landi þá hafa danskir kúabændur markað sér skýra stefnu sem er bæði ætluð til skemmri og lengri tíma. Þetta kom m.a. fram í máli stjórnarformannsins og kúabóndans Christian Lund og framkvæmdastjóra sambandsins, hennar Idu Storm. Þau fóru yfir markmið samtakanna en sum þeirra eru skammtímamarkmið þ.e. eiga að vera komin til framkvæmda innan tveggja ára, en önnur eru markmið sem tekur lengri tíma að ná.

Stefna á 12 tonn eftir kúna

Til skemmri tíma litið hefur stefnan verið sett á að meðalafurðir danskra kúa verði enn meiri en nú, en Holstein kýr í hefðbundinni mjólkurframleiðslu skila í dag um 11.400 kílóum af mjólk á ári. Markmiðið er að ná 12 tonna meðalnyt innan fárra ára en aðalhvatinn að því að auka nytina er lægra sótspor framleiðslunnar en því hærri sem meðalnytin er, því lægra er fótsporið á hvert framleitt kíló mjólkur. Sömu rök gilda um nautakjötsframleiðsluna en þar er stefnan sett á enn meiri daglegan vöxt gripa en nú er. Af öðrum markmiðum sem kalla má skammtímamarkmið er að berjast fyrir aukinni þátttöku ungs fólks í landbúnaði með því að gera kúabúskap áhugaverðari fyrir yngri kynslóðina.

Ætla að draga úr sýklalyfjanotkun

Sambandið hefur sett það sem markmið að draga úr notkun á sýklalyfjum í bæði mjólkur- og kjötframleiðslu. Reyndar hefur sýklalyfjanotkun í mjólkurframleiðslu dregist saman um rúm 12% á síðustu tveimur árum í kjölfar átaks þar að lútandi í Danmörku en á sama tíma hefur sýklalyfjanotkun í nautakjötsframleiðslu aukist. Nú ætla þarlendir kúabændur að setja notkun sýklalyfja sérstaklega á oddinn og stefna að því að draga verulega úr notkuninni þó svo að notkun danskra kúabænda sé langtum minni en t.d. kúabænda sunnar í Evrópu, svo ekki sé nú talað um Asíu.

„Aukin afköst er lausnin“

Í setningarræðu sinni lagði Christian Lund sérstaka áherslu á að danskir kúabændur yrðu að auka afköst sín enn frekar en nú er! Það er áhugavert að heyra enda eru engir bændur í heiminum í dag jafn afkastamiklir og hinir dönsku kúabændur, þegar horft er til framleiðslu á mjólk á hverja vinnustund.

Uppgjör ráðgjafamiðstöðvarinnar SEGES sýnir hins vegar að því meiri sem afköstin eru, því betri er efnahagur búanna og því eru bændurnir hvattir til þess að gera sitt til þess að auka meðalafurðir kúnna enn frekar og skoða allar færar leiðir til þess að draga úr vinnuþörf á búunum.

Hann nefndi sem dæmi að með því að auka afköstin um 2% á hefðbundnum kúabúum í mjólkurframleiðslu þá myndu bændurnir ná betri afkomu en ef t.d. allur eignaskattur á land í Danmörku og skattar og gjöld á plöntuvarnarefni yrðu afnumin. Staðan væri þó þannig að margir bændur horfðu hins vegar mikið á skattana og kostnaðinn við plöntuvarnarefnin, en spáðu etv. ekki nógu mikið í því hvernig þeir standa að framleiðslunni á búum sínum. Áhugaverð nálgun hjá formanninum. Hann tók þó skýrt fram að samtökin ætla áfram að berjast fyrir því að fella niður eignaskattinn á land og losa um álögur á plöntu-varnarefni, enda væri Danmörk með hærri álögur hvað þetta snertir en flest lönd í Evrópu.

„Of mikið listrænt frelsi“

Christian benti á að í dag væri

staðan þannig í Danmörku að kúabændur hefðu allt of mikið „listrænt frelsi“ eins og hann orðaði það og útskýrði með því að t.d. væri fóðrun geldkúa ótrúlega breytileg á milli kúabúa, sem og hvernig staðið væri að uppeldi á kálfum og fleira mætti nefna. Fyrir lægju upplýsingar og rannsóknir sem sýna nokkuð ítarlega hvernig best sé að standa að þessu til að ná hámarks árangri en fyrst bændur geti leyft sér að gera þetta með afar ólíkum hætti segi það eingöngu að það sé töluvert svigrúm til að bæta reksturinn og afkomuna.

Umhverfisvænni framleiðsla

Dönsku samtökin hafa ákveðið að stefna á mun umhverfisvænni framleiðslu en nú er og raunar að leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og með því að verða leiðandi í Evrópu á þessu sviði. Þetta endurspeglast m.a. í áherslum afurðafyrirtækjanna Danish Crown, sem er í slátrun og vinnslu, og Arla Foods Amba, sem er í mjólkurframleiðslu. Bæði þessi félög, sem eru í eigu bænda, hafa ákveðið að í síðasta lagi árið 2050 verði ekkert sótspor af starfsemi félaganna hvort heldur sem er við frumframleiðslu, vinnslu eða sölu. Afar metnaðarfullt skref sem mun krefjast bæði mikillar vinnu við rannsóknir, þróun, kynbætur og meira mætti taka til.

Athygli vekur að þessi ákvörðun er tekin af búgreininni sjálfri og afurðafélögum bænda en ekki af stjórnvöldum eða opinberum aðilum. Sýnir á margan hátt metnaðinn sem að baki býr. Nú þegar státa Danir af því að vera með umhverfisvænstu mjólkurframleiðslu og næst umhverfisvænstu nautakjötsframleiðslu Evrópu svo e.t.v. verður þeirra vinna heldur minni en annarra þjóða sem e.t.v. ákveða að taka sömu ákvörðun.

Of mikið um slys

Í yfirliti þeirra Christian og Idu kom einnig fram að þar í landi hafa menn áhyggjur af of tíðum alvarlegum slysum í landbúnaði, en á liðnum árum má rekja 42% alvarlegra slysa í landbúnaði til meðhöndlunar á nautgripum og ekki nema 19% slysa megi rekja til vinnu við vélar og 13% vegna falls með einhverjum hætti.

Danskir kúabændur voru því á fundinum hvattir til þess að setja forvarnir á dagskrána enda þykir víst að koma megi í veg fyrir mörg hinna alvarlegu slysa með fræðslu einni saman.

Engin aflílfun ungkálfa eftir 2021!

Ein af áhugaverðari markmiðssetningum hinna dönsku samtaka nautgripabænda er að frá og með áramótunum 2022 verði enginn kálfur aflífaður nema vegna dýravelferðar. Þetta kann að hljóma einkennilegt markmið en tilfellið er að meðal kúabænda með Jersey kýr er það í dag frekar algengt að nautkálfar eru aflífaðir í stað þess að setja þá á til kjötframleiðslu vegna slakrar vaxtargetu. Notkun á Jersey er nokkuð algeng í Danmörku og skýrir það þetta markmið. Þess má geta í þessu sambandi að svokölluð ungkálfaslátrun er næsta óþekkt fyrirbæri í Danmörku.

Hagnaður en þurrkurinn hafði áhrif

Í erindi sínu komu þau Ida og Christian að sjálfsögðu inn á rekstrartölur úr danskri nautgriparækt en nú liggur fyrir uppgjör síðasta árs og kom fram að þurrkasumarið mikla síðasta sumar hafi veruleg áhrif á rekstur margra kúabúa vegna minni og lélegri


Ida Storm, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda í Danmörku.

uppskeru. Utan Danmerkur er oft talað um erfiða stöðu þarlendra kúabúa og að mörg dönsk kúabú séu afar skuldsett og það er rétt. Hins vegar er ekki oft talað um rekstur búanna en tilfellið er að þrátt fyrir skuldsetningu margra búa þá hefur rekstur þeirra að jafnaði gengið afar vel og það þrátt fyrir lágt afurðastöðvaverð á köflum. Skýringin felst fyrst og fremst í miklum meðalafurðum kúnna og bústærðinni en dönsku kúabúin eru að jafnaði með um 210 árskýr núna.

Samkvæmt rekstraruppgjöri frá 148 kúabúum í Danmörku vegna ársins 2018, sem þau Christian og Ida greindu frá, dróst meðalhagnaður búanna saman á milli ára en árið 2017 var hann 1,5 milljónir danskra króna eða um 27 milljónir íslenskra króna. Í fyrra var hagnaðurinn mun minni, eða um 14 milljónir íslenskra króna. Þess ber að geta að danska uppgjörið tekur ekki tillit til launa eigenda þannig að þeirra laun eru hluti af framangreindum hagnaði.

Að loknum aðalfundi samtakanna var fagþingið sjálft sett en alls var flutt 71 erindi í níu mismunandi málstofum á þessu tveggja daga fagþingi. Erindin náðu yfir afar fjölbreytt efni og voru mörg þeirra einkar fróðleg. Í næstu tveimur Bændablöðum verður gerð nánari grein fyrir mörgum af þeim erindum sem flutt voru á því fagþingi.

YARA
Knowledge grows

Ætlar þú að rækta bygg í sumar?

Byggrækt getur verið vandasöm og krefst þess að hugað sé að öllum áhrifaþáttum. Mikilvægt er að vanda vel til jarðvinnslu og tryggja hæfilega sáðdýpt. Val á hæfilegum áburðarskammti er líklega mikilvægasta ákvörðunin í byggrækt. Bygg gerir miklar kröfur til sýrustigs jarðvegs. Æskilegt er að sýrustig sé á bilinu pH 5,3-6,8, en kjörsýrustig byggs er pH 6,0-6,3 .



Köfnunarefni
Of hár skammtur af köfnunarefni eykur blaðvöxt, seinkar þroska og gerir kornið viðkvæmt fyrir því að fara í legu sem getur gert þreskingu vandasama og leitt til uppskerutaps. Of lítill skammtur af köfnunarefni getur hins vegar dregið verulega úr uppskeru.

Æskilegt áburðarmagn:
Mjög frjósamt land: 20-40 kg N/ha
Mólendi: 60-80 kg N/ha
Í rýru landi: 100-120 kg N/ha

Fosfór
Fosfór er það næringarefni sem, næst á eftir köfnunarefni, hefur afgerandi áhrif á vöxt og þroska plantna. Aðgengi að fosfór er háð fjölmörgum ytri þáttum eins og aðgengi að öðrum næringarefnum, sýru- og rakastigi jarðvegs og hita. Byggplöntur taka upp fosfór snemma á vaxtarskeiðinu. Þess vegna gefur það oft góða raun að fella niður fosfóráburð með bygginu, þannig að ekki þurfi að treysta á aðgengi fosfórs úr forða jarðvegs við upphaf vaxtarskeiðsins.

Æskilegt áburðarmagn: 20-30 kg P/ha



Brennisteinn
Ekki má vanmeta þörf plantna fyrir brennistein. Hann er mikilvægt byggingarefni í próteini og getur skortur takmarkað vöxt og þroska plantna, þó svo nægilegt magn sé af öðrum næringarefnum.

Æskilegt áburðarmagn: 10-15 kg K/ha

Kalí
Upptaka á kalí fer fram snemma á vaxtarferlinum. Það getur flust til innan plöntunnar, frá eldri til yngri plöntuhluta. Kalí er sérstaklega mikilvægt með tilliti til vatnsbúskap plöntunnar.

Æskilegt áburðarmagn: 40-60 kg K/ha

Mikilvægt er að tryggja byggplöntum hæfilegt aðgengi að næringarefnum á réttum tímum vaxtarskeiðsins. Taka verður tillit til frjósemi jarðvegs og stilla af áburðargjöf í samræmi við væntingar um uppskeru. Fyrir hvert tonn af uppskeru eru fjarlægð um 20 kg N, 4 kg P og 13 kg K (1).

Heimild: (1) Hermannsson J. 2017. Upplýsingar um kornrækt (på islandsk) (eng. A Farmer´s Handbook for Cereal Cultivation in the Northern Periphery and Arctic region), Northern Periphery and Arctic Programme (NPA) CAV Diary Number 304-8673-2014.



SS Síðan 1907

Sláturfélag Suðurlands svf. | Sími 575 6000 | yara@yara.is | www.yara.is

HROSS & HESTAMENNSKA



Frá fundi Félags hrossabænda á Hellu.

Félag hrossabænda:

Umræður um málefni hrossaræktar og hrossabúskapar á átta fundum

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda og Þorvaldur Kristjánsson hrossaræktarráðunautur fóru í fundaferð um landið nú nýverið en alls voru haldnir átta fundir; þrír á Norðurlandi, í Borgarnesi, Reykjavík, Höfn í Hornafirði og Egilsstöðum en síðasti fundurinn var haldinn á Hellu.



Frá fundinum á Sauðárkróki.

Á fundunum var farið yfir það helsta í málefnum hrossaræktar og hrossabúskapar. Fundirnir voru sérlega mikilvægir þar sem kynnt voru drög að nýjum ræktunarmarkmiðum, dómskala og vægisstuðlum eiginleika í kynbótadómum. Hugmyndir að breytingum voru kynntar núna og mun þetta ár nýtast til að betrumbæta tillögurnar, taka við góðum tillögum að breytingum og er stefnan að geta unnið eftir nýjum dómskala og breyttri framkvæmd dóma vorið 2020. Góð fundarsókn var á flestum fundunum og umræður góðar og verðmætar. Fagráð mun nú í framhaldinu funda og fjalla um þær umræður sem urðu á fundunum, en þær munu klárlega nýtast þeirri vinnu sem fram undan er við gerð endanlegra tillagna að ræktunarmarkmiðum, dómskala og vægistuðlum eiginleikanna.

Einnig var farið yfir málefni Félags hrossabænda á fundunum en félagið er að vinna að mörgum hagsmunamálum hrossabænda og er sviðið vítt sem er undir. Má þar helst nefna markaðsmál en félagið hefur unnið ötullega að framgangi Horses of Iceland verkefnisins sem er að kynna og móta ímynd íslenska hestsins um heim allan. Þá hillir undir lokakafla sumarexems verkefnisins en næsta skref í því verðmæta verkefni er að flytja bólusett hross út á svæði í Evrópu sem hafa háa tíðni sumarexems og kanna hvort bóluefni sem hefur verið í þróun og skilar afar efnilegum niðurstöðum virki við raunaðstæður. Hefur Félag hrossabænda ákveðið að útvega hross í þennan fasa verkefnisins og mun leita til sinna félagsmanna á næstunni með þetta í huga. Meira að því síðar.

Það eru því mörg skemmtileg og verðmæt verkefni sem eru á döfinni og ekkert annað hægt en að halda ótrauð áfram á þeirri ævintýravegferð sem er ræktun íslenska hestsins.

Þökkum öllum þeim sem komu á fundina,
Sveinn Steinarsson og Þorvaldur Kristjánsson



Sveinn Steinarsson.



Þorvaldur Kristjánsson.

LESENDABÁS



Hellisheiði. Mynd / HKr.

Ríkisstjórnarflokkarnir VERÐA AÐ SVARA!

Komin er upp sérkennileg staða á Íslandi varðandi framtíðarskipulag orkubúskaparins. Af hálfu ríkisstjórnar landsins stendur til að keyra í gegnum Alþingi nokkuð sem kallast orkupakki þrjú en hann er þriðja varðan á leið Evrópusambandsins til markaðsvæðingar orkuauðlindarinnar.

Orkupakki eitt var lögleiddur á Íslandi 2003 og orkupakki tvö árið 2007, í bæði skiptin gegn mótmælum og það sem meira er, síðar kom fram eftirsjá hjá ýmsum þeirra sem knúðu þetta í gegn, enda alltaf að koma betur og betur í ljós hvert þetta raunverulega leiðir: Orkan á leið í hendur fjárfesta á markaði.


Varða fjögur hefur þegar verið hlaðin og á sá pakki eftir að koma inn á borð löggjafans fyrr en síðar ef þetta ferðalag verður ekki stöðvað. Í fjórða pakka er gert ráð fyrir að ekki verði lengur horft til þjóðríkisins heldur landafræðinnar, óháð ríkjaskipan, þegar hin nýja miðstýrða orkustofnun deilir niður áhrifasvæðum sínum.

Ekkert annað en markaðsvæðing orkunnar

Þegar hér verður komið sögu mun endanlega vera búið að klippa á naflastrenginn á milli markaðar og lýðræðis. Þegar eru menn komnir vel áleiðis í að sarga í þann streng sem kunnugt er, eins og iðnaðarráðherra áréttaði á aðalfundi Landsvirkjunar nýlega þegar hún sagði að orkupakkarnir væru að sjálfsögðu „ekkert annað en makaðspakkar og sá þriðji er það líka“. Það sem hér er átt við er það stefnumarkmið Evrópusambandsins frá því um miðjan tíunda áratuginn að gera orku að markaðsvöru sem heyrði undir samkeppnislög og þar sem lýðræðislegt inngrip væri ekki heimilað. Dæmi um þetta gæti verið niðurgreidd orka til innlendrar garðyrkju, sem þá yrði túlkað sem markaðsmismunun og brot á samkeppnislögum.

Og hættið að tala um samfélag!

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir iðnaðarráðherra gekk reyndar lengra í framangreindri ræðu sinni hjá Landsvirkjun. Hún notaði tækifærið til að tala niður til áhugamannahóps sem kennir sig við „Orkuna okkar“. Kvaðst hún túlka þá nafngift svo að hópurinn liti á orkuna sem sameign þjóðarinnar „af sama meiði og fiskinn í sjónum“. Það væri mikill misskilningur því að „vatnsafl og jarðvarmi og nýtingarréttur af þeirri auðlind“ heyrði undir einkaeignarrétt og væri því ekki í sameign þjóðarinnar.



Ögmundur Jónasson.

Þetta er vissulega rétt eins langt og það nær en jafnframt er þetta framtíðarsýn sem ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir að er ekki í samræmi við almennan vilja í landinu.

Sú krafa hefur ítrekað komið fram, meðal annars frá öðrum baráttuhópi, Seljum ekki Ísland, að íslensk lagaumgjörð verði bætt og löguð til að tryggja þjóðareign á orkunni til frambúðar. Annars verður framtíðarsýn ráðherrans vissulega að veruleika.

Er þá komið að tilefni þessarar greinar

En til hvers er ríkisstjórnin að innleiða þessa orkupakka? Hún hlýtur að verða að gera okkur grein fyrir því hver ávinningur okkar er af því að undirgangast þessa „markaðspakka“ sem ráðherra kallar réttilega svo.

Athygli vekur að fram til þessa hafa meintir sigrar ríkisstjórnarinnar í þessu markaðspakkamáli verið fólgnir í því að forða okkur – að hennar sögn – frá ýmsu því versta sem fylgt gætu þriðja pakkanum. Í því skyni hafi verið settir fyrirvarar og slegnir varnaglar. Það gerðu Norðmenn líka af sama tilefni en uppgötvuðu síðar að fyrirvararnir og varnaglarnir voru til lítils nýtir, fyrst og fremst til að sýnast, til að þykjast, rétt á meðan verið var að kaupa frið um málið.

Ráðherrar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og VG svari

Sú sönnunarbyrði hlýtur að hvíla á ríkisstjórninni að sannfæra okkur um að þessi vegferð sé okkur yfirleitt til góðs. – Hvað segja ráðherrar Sjálfstæðisflokksins um það? – Hvað segja ráðherrar Framsóknarflokksins um það? – Hvað segja ráðherrar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um það?
Það dugar ekki að segja að tekist hafi að forða okkur frá allra verstu fylgikvillum pakkans, þið verðið að hugsa stærra fyrir okkar hönd.

Sönnunarbyrðin hvílir á ykkur

Hvers vegna eruð þið að þessu yfirhöfuð? Þessu verðið þið að svara! Spurningu minni beini ég til ráðherra ríkisstjórnarinnar og alþingismanna. Það er ekkert í EES-samningnum sem knýr ykkur til að gera þetta, **ekkert!**

Þetta er því algjörlega á ykkar ábyrgð. Þess vegna verðið þið að sýna fram á að ákvarðanir ykkar séu til framfara og til góðs. Það er lágmarkskrafa að þið sýnið okkur fram á þetta með rökum!

Það er of ódýrt að segja okkur að þetta hefði getað orðið enn verra!

Ögmundur Jónasson

Minni Inga Tryggvasonar skógarbónda 1921–2018



Skaparans iðja, list og leikur,
lætur undrin ske.
Af fræjum smáum uxu eikur,
yfrin skógartré.
Hver stofn með greinum stendur keikur,
storma og kulda hlé.

Og hver sú gjörð er skógar skreyta
skapar lífi mátt.
Slíku má ei bylta og breyta
á bervangstómið grátt.
Enn er skógum lands að leita,
líta í sólarátt.

Auðkenni Inga Tryggvasonar
var afburðafærnin hrein
að samhæfa þætti vits og vonar
og viðhorfin sönn og ein.
Þótt ævinnar störf væru ýmiss konar
ein var hans forláta grein.

Ingvar Gíslason

LESENDABÁS

Fiskeldi – áhætta eða ágóði?

Þau samfélög sem aðhyllast sjálfbærni horfa til þess að athafnir okkar skili auðlindum jarðar til komandi kynslóða í líku ástandi og við njótum nú. Samkvæmt skilgreiningu verður ákveðin athöfn að uppfylla þrjá þætti til að teljast sjálfbær félagslega, umhverfislega og efnahagslega. Ellefta markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun snýr að sjálfbærni borga og samfélaga. Þar segir m.a. að stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.


Halla Signý Kristjánsdóttir.

Þegar fjallað er um uppbyggingu fiskeldis hér á landi eigum við að ganga út frá markmiðinu um sjálfbæra nýtingu. Þegar áform um uppbyggingu fiskeldis hér á landi hófust á ný á nýrri öld horfðu Íslendingar strax til þess að fara varlega enda brenndir af óvarfærni fyrri tilrauna. Ákveðið var að loka rúmlega hálfri strandlengjunni fyrir sjókvíaeldi. Áður en eldi hefst svo á þessu afmarkaða svæði þarf að fara í gegnum langt ferli, firðirnir eru burðarþolsmetnir til þess að meta lífræna álagið, framkvæmdirnar fara í ítarlegt umhverfismat og fyrirtækin þurfa að uppfylla ýmiss konar skilyrði til dæmis um búnað, gæðakerfi, vaktanir og fleira. Sem dæmi má nefna að allur lax sem er í eldi á Vestfjörðum er ASC vottaður sem er ein strangasta umhverfisvottun sem til er þegar kemur að fiskeldi og var m.a. þróuð af umhverfisverndarsamtökunum World Wildlife Fund.

Fiskeldi hefur verið stundað í Noregi í að verða fimm áratugi. Norðmenn hafa náð að komast á beinu brautina eftir margvíslegar áskoranir og telja sig hafa náð jafnvægi í sjálfbærni fiskeldis með því að byggja á reynslu og nýta sér tækni og þróun í þessum efnum. Þessa dýrmætu reynslu eigum við Íslendingar að horfa til og nýta okkur.

Unnið að stefnumótun

Atvinnuveganefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp um fiskeldi. Vonandi tekst í þeirri vinnu að móta nýja og endurbætta stefnu í þessari mikilvægu atvinnugrein til framtíðar en til þess að svo sé unnt verða umhverfið og umhverfismál að vera útgangspunktur.

Allir geta verið sammála um að við eigum að vernda villta laxastofna hér við land. Þeir hafa sjálfstæðan tilverurétt burtséð frá mismunandi hagsmunum veiðiréttarhafa eða fiskeldismanna. Við eigum að passa uppá laxastofninn með markvissum aðgerðum sem minnka líkur á að fiskur geti sloppið úr kvíum og ef upp koma slys séu til markviss viðbrögð og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir möguleg umhverfisáhrif. Slíkar aðgerðir getum við kallað mótvægisaðgerðir. Hafrannsóknastofnun hefur reiknað áhættumat sem spáir fyrir fjölda laxa sem sleppa úr eldinu við strendur Íslands. Mikilvægt er að hnýta fyrrnefndum mótvægisaðgerðum til að lágmarka og koma í veg fyrir mögulega erfðablöndun við villta fiskinn. Norðmenn hafa náð miklum árangri í að minnka fjölda eldislaxa í ám með því að binda í lög og reglur aðferðir sem hafa gefist vel og hefur skilað sér í að villti laxastofninn er að ná sér á strik þrátt fyrir aukið eldi, vöktun áa og fjarlæging á eldisfiski eru þar lykilatriði. Lög um fiskeldi verður að kveða skýrt á um beitingu mótvægisaðgerða sem forsendu þess að vernda villta laxastofna hér við land.

Í stefnumótunarvinnunni verðum við enn fremur að horfa til allra þátta sem fylgja uppbyggingu greinarinnar t.d. skipulagningu strandsvæða, tryggja að heilbrigðiskröfur séu strangar, hvernig eftirliti með greininni sé háttað og tryggja að nærsamfélagið og sveitarfélögin fái réttlátan skerf af uppbyggingunni.

Sjálfbær samfélög

Þegar sjáum við jákvæð áhrif uppbyggingar fiskeldis á samfélögin fyrir vestan og austan. Þegar við höfum náð uppbyggingarmarkmiðum fiskeldis erum við að horfa til stórrar atvinnugreinar sem á eftir að skila milljörðum í þjóðarbúið.

Með því að halda rétt á spöðunum, með sterkri umgjörð og öflugu eftirliti með fiskeldi hér við land, getum við viðhaldið heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og byggt upp nýja og stönduga atvinnugrein til hagsbóta fyrir okkur öll.

Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins.

HEYRNARHLÍFAR & SAMSKIPTATÆKI
Góð samskipti - þá gengur betur!
Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg!
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.







65 1954-2019 DYNJANDI allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 11. apríl

Komdu og prófaðu MultiOne liðlétting á Sauðárkróki og Akureyri

Ívar Atli, sölufulltrúi MultiOne verður í **Kjarnanum á Sauðárkróki** við Hesteyri þann **2. apríl** og í **Kletti á Akureyri** við Hjalteyrargötu þann **3. apríl** til að kynna MultiOne liðléttinga.

Endilega kíktu við og fáðu að prufukeyra þessar frábæru fjölnotavélar sem henta einstaklega vel til að leysa hin ýmsu verkefni.

Fyrir nánari upplýsingar hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **825 5720** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.



KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

VÉLABÁSINN

Framdrifinn nýr Citroën C5



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Brimborg afhjúpaði nýjan Citroën C5 Aircross 23. febrúar síðastliðinn, í kynningu fyrir frumsýninguna var talað um að þetta væri jeppi.

Það að Citroën væri að koma með jeppa vakti forvitni mína á bílnum þar sem að mér er minnisstætt þegar finnski rallíkappinn Ari Vatanen vann sinn fjórða sigur í röð, þá á nýjum framúrstefnulegum og fjórhjóladrifnum Citroën í Paris-Dakarrallíinu 1991.

Alltaf fundist framsætin í Citroën-bílnum þægileg, en í þessum eru þau æði

Ég skoðaði bílinn nokkrum dögum eftir frumsýninguna og varð fyrir smá vonbrigðum því að bíllinn var alls ekki fjórhjóladrifinn, ekki í fyrsta sinn sem ég hef lesið eitthvað sem var ekki alveg heilagur sannleikur við lestur á DV.

Ég fékk bílinn til prufuaksturs helgina 16. til 17. mars og tók góðan bíltúr á bílnum. Marga bíla hef ég prófað í gegnum árin og bílarnir misgóðir, eitt af því sem þarf að vera sérstaklega gott er ökumannssætið, í Citroën C5 eru einhver albestu framsæti í bíl sem ég hef prófað um ævina. Að keyra bíl og láta nudda á sér bakið í leiðinni er bara til þess að bíltúrinn verður aðeins lengri. Séu sæti góð í bílum er sá sem bílinn keyrir ánægður jafnvel þó að bíllinn sé algjört flak.

Síðastliðin 30 ár hefur einn fjölskyldumeðlimur næstum alltaf átt góða Citroën-bíla og í þeim öllum hefur mér fundist framsætin það besta við Citroën.

Nokkrar misdýrar útgáfur af C5

Bíllinn sem var prófaður er sá næstdýrasti, nefnist Shine og kostar 5.630.000, með 180 hestafla bensínvél, sjálfskiptur með átta þrepa sjálfskiptingu.

Uppgefin eyðsla í prufubílnum er 5,7 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri, en ég var töluvert fyrir ofan það því að ég var ekkert að spara hægri fótinn, enda skemmtileg snerpa og viðbragð í 180 hestafla mótornum.

Ódýrasti C5 nefnist Live og kostar beinskiptur frá 3.890.000, en miðbíllinn nefnist Feel og er á verði frá 4.190.000.

Live kemur á 17 tommu felgum og er með varadekk. Feel kemur á 18 tommu felgum og er líka með varadekk, en Shine-bílarnir eru á 19 tommu felgum og hafa ekkert varadekk. Svolítið undarlegt að maður borgar mikið og fær minna með dýrasta bílnum.

Nítján tommu felgurnar eru ekki skemmtilegar á malarvegi og á hraðahindrunum sem kallast „hattar“. Hins vegar skemmtilega mjúkur á hefðbundnum hraða-hindrunum. Á móti kemur að 19 tommu felgurnar eru æðislegar á góðu malbiki, sérstaklega í beygjum.

Prufuaksturinn

Fyrst var bíllinn prófaður í innanbæjarakstri og var lipur við þröngar aðstæður, snöggur af stað og þægilegur sem „borgarbíll“.

Næst var það hringur í kringum Hafravatn þar sem er holóttur malarvegur. Hörð 19 tommu dekkin gefa litla sem enga fjöðrun á holóttum malarveginum og bíllinn jós drullunni full mikið upp á afturhlerann. Þá var bíllinn að höggva leiðinlega mikið í dæmigerðum holum á malarveginum. Í þessu tilfelli hefði ég frekar viljað vera á ódýrasta C5 bílnum sem að mínu mati hentar betur á malarvegum þar sem hann er á 17 tommu felgum með dekk með hærri prófíl sem gefa betur eftir á malarvegi. Sennilega er það að hluta til vegna harðra dekkjanna að bíllinn var aðeins laus að aftan á malarveginum, en að öðru leyti virkaði fjöðrunin vel á möl.

Margir góðir punktar og fáir mínusar

Af því góða í bílnum eru framsætin númer 1, einfaldlega slá öllum öðrum framsætum við. Mikið vildi ég að vinnubíllinn minn væri með svona sæti.

Hægt er að stilla sjálfskiptinguna á fjóra mismunandi vegu, venjulegan akstur, snjó, sand og drullu. Eina stillingin sem ég fann mun á var snjóstillingin þar sem að bíllinn tók mýkra á í snjónum með þá stillingu.

Blindhornsvarinn í speglunum er með rautt ljós þegar bíll er á blinda horninu sem mér finnst betra heldur en guli liturinn sem er í flestum öðrum bílum.

Akreinalesarinn les ótrúlega ógreinilegar línur í vegköntunum og ef maður er að nálgast aðra hvora línuna beygir bíllinn sjálfkrafa inn á miðju vegarins. Næstum hægt að láta bílinn stýra sjálfan með því að sleppa stýrinu, en strax og stýrinu er sleppt kvartar mælaborðið með ljósi og hljóði.

Eftir því sem leið á prufuaksturinn var ég alltaf sáttari og sáttari við bílinn og eftir 135 km akstur á bílnum var ég orðinn nokkuð sáttur við bílinn, fyrir utan 19 tommu felgustærðina sem höggva leiðinlega mikið við hverja holu og malbiksskemmd.

Eini mínusinn er að ekkert varadekk er í bílnum, tjakkur eða felgulykill þannig að á dýrustu útgáfunni er maður algjörlega bjargarlaus ef maður heggur í sundur dekk í dæmigerðri malbiksskemmd sem eru svo algengar á þessum tíma árs.

Persónulega hefði dugað mér ódýrasti bíllinn, sex gíra beinskiptur, 130 hestöfl, svo lengi sem að framsætin séu þau sömu og í bílnum sem ég prófaði, og kostar ekki nema 3.890.000 og kemur á felgum og dekkjum sem fjaðra betur og varadekki í skottinu. Ég verð að bíða eitthvað eftir fjórhjóladrifnum Citroën-jeppling, en þó að þessi C5 líkist jeppling er hann fólksbíll í mínum skilningi.




Citroën C5, flott litasamsetning. Myndir / HLJ



Svolítill sóði á sjálfan sig á möl.



Tuttugu og þrír sentímetrar upp í lægsta punkt.



Gerir bíltúrinn enn unaðslegri að vera með baknudd í framsætunum.



Sætið góða með öllum sínum unaðslegu tökkum.

Helstu mál og upplýsingar	
Lengd	4.500 mm
Hæð	1.689 mm
Breidd	2.090 mm
Hæ undir lægsta punkt	230 mm



Tvískipt bakkmyndavélin, sniðugt fyrirkomulag.



Hægt að hlaða vissa síma án snúru á þar til gerðum stað.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Af hverju fjölgar fallslysum þegar allir vita hvernig á að forðast þau slys?

–Vinnueftirlitið gerir sitt besta í forvörnum, en það þarf að meðtaka skilaboðin



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Ef skoðaðar eru tölur um slys í útgefnum skýrslum frá Vinnueftirlitinu síðustu tvö ár hefur fallslysum verið að fjölga í takt við miklar framkvæmdir við nýbyggingar og framkvæmdir.

Alls staðar er verið að byggja og breyta og oftast þegar verið er að byggja er reynt að nýta sem best lóðina sem verið er að byggja á með því að byggja margar hæðir.

Byggingarstaðirnir eru margir og eftirlit með að öryggi sé nægilegt getur reynst erfitt þar sem að eftirlitsmenn eru ekki nægilega margir. Þó hefur það komið fyrir að Vinnueftirlitið hefur stöðvað framkvæmdir við eftirlit á vinnustöðum þar sem ekki var farið eftir reglum um öryggi starfsmanna.

Það virðist vera of algengt að starfsmenn sem vinna við störf í hæð séu of kærulausir og hunsi þá vitneskju sem þeir hafa að nota þann búnað og þær forvarnir sem allir vita að getur og mun koma í veg fyrir slys.

Öryggisfulltrúar á vinnustöðum hunsaðir, eru með óþarfa nöldur yfir vinnufélögunum

Á mörgum vinnustöðum eru öryggisfulltrúar sem reyna að hafa öryggið í lagi á vinnustaðnum með því að benda vinnufélögunum á að nota rétt verkfæri og tæki ef verið er að vinna í hæð, öryggisgleraugu sé hætta á augnmeiðslum og hlífa eyrum sé mikill hávaði á vinnustað með því að nota eyrnatappa eða heyrnarhlífar. Það grátlega við þetta er að fæstir fara neitt eftir þessum varnarorðum öryggisfulltrúans og jafnvel hlæja að honum þegar hann er að benda þeim á að þetta er þeirra öryggi en ekki hans. Þessir sömu menn sem hunsuðu að nota rétt tæki til að fara upp í hæð slasast svo í vinnunni og sá sem þarf að fylla út slysaskýrsluna er öryggisfulltrúinn sem benti þeim á að nota það sem ekki var notað og fyrir vikið varð slys.

Ef vinnustaðir vinna þannig að allir eru öryggisfulltrúar fækkar slysum

Með tilkomu skráningar á slysum og mögulegum slysum eins og kennt er í Slysavarnaskóla sjómanna eru hægt og rólega allir á vinnustaðnum orðnir öryggisfulltrúar og þá eru allir að passa upp á hver annan. Með þessu hugarfari vinnst smám saman meira öryggi á vinnustað og allir sem vinna á vinnustaðnum verða meira meðvitaðir um öryggi og öryggishlífar.

Ekki príla upp í hæð heldur passa upp á að hver og einn noti rétta lyftu eða stiga sem veldur hæðinni sem þarf að vinna í. Fyrir nokkru sá ég málara sem var að vinna í stiga í nokkurri hæð, en hann vann hjá stóru málningarfyrirtæki. Ég tók eftir að á stiganum stóð að hann hafði nýlega farið í öryggisskoðun og aðspurður sagði málarinn mér að allir stigar í fyrirtækinu séu skoðaðir reglulega.

Taki allir sig saman og passi upp á næsta mann verður árangurinn fljótt sjáanlegur

Þegar maður bendir á það sem betur mætti fara og öruggara til vinnu fær maður almennt þakkir fyrir og sé mér bent á að ég fari óvarlega og að ég væri ekki með öryggisgleraugu eða annan búnað sem ég ætti að vera með við þá vinnu sem ég er að vinna þá stundina þakka ég fyrir og reyni að bæta mig. Sjálfur vinn ég mikið einn við ýmsa vinnu sem nefnist vegaaðstoð (skipta um dekk og dæla af röngu eldsneyti úr bílum) og því miður er ekki neinn til að passa upp á vitleysuna í mér. Oft hef ég sloppið við meiðsl þar sem að ég reyni eftir bestu getu að passa upp á að vera með þann öryggisbúnað sem í boði er mér til öryggis. Að vinna í vegkanti við hröðustu vegi og þrátt fyrir vel merktan bíl og gul blikkandi ljós hefur mér oft blöskrað umferðarhraðinn það mikið að ég hef þurft að fá lögreglu með blá blikkandi ljós til að hægja á umferðinni og verja mig með lögreglubílnum.



Fyrirmyndareftirlit á stiga málarans.

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI


Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

DANUBE
ZanuMac
Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.
Þurrkarar
Þvottavélar


Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: JOHN WINFIELD (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

				103	EITURLYF	FÝLA	BAREFLI	KÚGUN	MÁLMUR		FISKA	HÁLFAPI	BELTIS-STAÐUR	DUGNAÐUR
				TRÉ										
				FNYKUR						STEFNA / MUNNVATN				
				ELDSNEYTI				MEÐ / HRESSIR						
				RÝRNUN / JURT							UTANHÚSS / LIPURÐ			
		FUGL	HLJÓÐFÆRI / FRÁ						TRJÁ-TEGUND / GAT					SKJÓL
HNETA						ÓVILD	DRAUGUR / DURGUR					KK NAFN	KLISJA	
BLÓM					SLABB / PILLU					STRÆTI / ÞANGAÐ TIL				
ÁTT			STÓLPI / BÓLGNA						NÝR / TUNNUR					
STÓRT ÍLÁT				TÍMABIL / GLEÐJAST				VIÐDVÖL / UNDIR-EINS						DUGLEGUR
		UPP-HRÓPUN / ÁLITS				MATS					REGLA / LEIKUR			
AFSPURN						SVELG / UPPTÖK				FLÝTIR / SKRAF				
LABB							AUMA / TÍMA-EINING					TVEIR	ÓNEFNDUR	
ÁN					ILLÆRI				STÓ					
Í RÖÐ			HINDRA						FELDUR					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði




HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

	102	FÓTLAMA	BLÆR	STARTARI	BERIST TIL	SITJANDI		SKJÓN	HRÓPA	NEÐAN VIÐ	GRIND
	BURST	H	Á	R	B	R	Ú	S	K	U	R
	SNÍKILL	A	F	Æ	T	A	SPIL / HVIÐA	K	A	N	I
	PRJÓNA-VARNINGUR	L	E	S	BRAGÐ-SMIÐS / SÁLDRA	S	K	Á	L	D	S
	TALÍA / RÝJA	T	R	I	S	S	A	FARFA / ATHAFNA-SAMUR	L	I	T
N	BLUND	SKJÓÐA / TVEIR EINS	T	U	Ð	R	A	ÁLIT / VAFI	S	V	A	R	OF LÍTIÐ
I	L	L	U	R	GRÆTUR	FJÖRLEYSI / ÁMÆLA	L	E	T	I	KJÁNI	KLÓR	V
P	Ú	L	S	HELMINGUR / HEILDAR-EIGN	H	Á	L	F	VÆTU / ÁTT	R	A	K	A
P	R	MANNA / FAT	K	A	R	L	A	SKEL / SKORDÝR	S	K	U	R	N
I	BLÓM / ILLÆRI	D	A	L	Í	A	JAPLA / KRAFS	M	A	U	L	A	SJÚKDÓM
L	Ó	A	TUNGUMÁL / EGGJA	E	N	S	K	A	GLUFA / SVAKA	R	I	F	A
T	Á	L	M	I	SÍLL / SÆLINDÝR	A	L	U	R	TÁLKN-BLAÐ	VÖRU-MERKI / MJAKA	S	S
Ö	R	L	A	G	A	ÓSLITINN / TVEIR EINS	Ó	R	O	F	A	KRINGUM	T
N	VELLÍÐAN	U	N	A	Ð	U	R	VEGNA	S	Ö	K	U	M
G	Á	R	A	TVÍHLJÓÐI	A	U	RÍKI Í MIÐ-AMERÍKU	P	A	N	A	M	A

Bændablaðið
kemur næst út 11. apríl
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Brekkukot





Magdalena M. Einarsdóttir og Pétur S. Sæmundsson búa í Brekkukoti, Húnavatnshreppi ásamt börnunum sínum, Guðbjörgu Önnu og Einari. Þau fluttu í Brekkukot árið 2000 en Pétur kemur frá Hvolsvelli en Magdalena er frá Hjallalandi í Vatnsdal.

Bjuggu þau með hross fyrstu árin en árið 2013 keyptu þau 200 gimbrar og nokkra hrúta og hófu sauðfjárbúskap í félagi við foreldra Magdalenu, Sigríði og Einar á Hjallalandi í Vatnsdal.

Býli: Brekkukot.

Staðsett í sveit: Húnavatnshreppur, Austur-Húnavatnssýslu.

Ábúendur: Pétur Snær Sæmundsson, Magdalena Margrét Einarsdóttir og börn þeirra Guðbjörg Anna Pétursdóttir og Einar Pétursson.

Stærð jarðar? Um 300 hektarar.

Gerð bús? Hrossa- og sauðfjárbú. Reyndar er sauðfjárbúið staðsett á annarri jörð, Hjallalandi, þar sem við leigjum aðstöðu hjá foreldrum Magdalenu. Þar rekum við, ásamt þeim, um 1.250 kinda fjárbú, sem kallast Landakot. Einnig erum við með ferðaþjónustu yfir sumartímann.

Fjöldi búfjár og tegundir? Hrossin eru fjölmörg og ærnar rúmlega 600, okkar hluti. Einnig eigum við nokkra fjárhunda.



Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Magdalena fer í vinnuna, utan bús, en hún starfar sem kennari við Húnavallaskóla en Pétur fer fram á Hjallaland og gefur ánum ásamt því að sinna öðrum almennum bústörfum í félagi við tengdaforeldra sína.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegastur er sauðburðurinn og heyskapur ásamt réttarstörfum á haustin. Það er ekkert leiðinlegt, bara mis skemmtilegt.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði og nú er. Hvort við verðum komin á fullt í ferðaþjónustu eða hætt í sauðfjárbúskap veit enginn.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Okkur finnst að forysta bænda þurfi að standa þétt saman og vörð um íslenskan landbúnað nú þegar verið er að leyfa innflutning á kjöti til landsins.



Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel, ef rétt er haldið á spilunum og ekki heldur áfram offramleiðsla á kjöti sem lækkar verð til bænda.

Einnig mun íslenskum landbúnaði vegna vel ef ekki verða neikvæðar afleiðingar af innflutningi á landbúnaðarafurðum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Er ekki bara réttast að einbeita sér að innanlandsmarkaði og tryggja Íslendingum hreinar og góðar matvörur svo ekki þurfi að flytja inn kjöt frá öðrum löndum?

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, mjólk og eitthvað sem er runnið út.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Folalda- og lambakjöt með því meðlæti sem til er hverju sinni.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar fæddust um 1.000 lömb á fimm dögum í sauðburðinum, það er að segja um helmingur allra lambanna það vorið. Við vorum hissa á að vera uppistandandi eftir þessa törn. Aðgerðarleysið var hvílíkt næstu daga á eftir, þar sem rólegt tímabil tók við, að borið var á öll tún í maí það vorið til að hafa eitthvað fyrir stafni.

MATARKRÓKURINN

Gómsætar grænmetishugmyndir

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari



Það er auðvelt að auka við grænmetisneysluna. Grænmeti er mikilvæg fæðutegund vegna þess að þar eru mikilvæg vítamín og steinefni og hitaeiningar yfirleitt ekki of miklar.

Það er hægt að búa til bragðgott snakk úr grænmeti og setja í aðalhlutverk í máltíðum.

Hugmyndir að leiðum til að auka grænmetisneysluna

Uppgötvaðu nýja og fljótlega rétti til að elda

› Eldið ferskt eða frosið grænmeti, til dæmis steikt í potti eða á pönnu eða jafnvel skerið það bara þunnt og borðið hrátt eða kryddlagt, í salat eða sem skraut.

Grænmeti sem snakk

› Skerið fullt af papriku, blómkáli eða spergilkáli niður og framreiðið með hummus eða annarri hollri ídýfu.

Veldu grænmeti í lit

› Veljið grænmeti sem er rautt, appelsínugult eða dökkgrænt. Það er fullt af vítamínum og steinefnum. Prófaðu, kirsuberjatómata sem eru margar tegundir til af, sætar kartöflur eða gróft grænmeti. Það bragðast ekki bara vel, er líka hollur kostur fyrir þig og þína.

Frosið grænmeti

› Frosið grænmeti er fljótlegt og auðvelt í notkun og er jafn næringarríkt og það ferska. Reyndu að bæta við frosnu grænmeti við uppáhaldsréttinn þinn; til dæmis maís, baunum, edamame sojabaunum eða spínati.

Grænmeti eða baunir í dós

› Fljótlegt er að nota soðnar baunir og tómata í dós, nýrnabaunir, garbanzo-baunir (kjúklingabaunir), sveppi og rauðrófur.

Gerðu salatið litríkt

› Gefið salatinu þínu lit með því að nota litríkt grænmeti eins og svartar baunir eða avókadó, sneidda rauða papriku eða lauk, rifið radísur eða gulrætur eða fínt hakkað rauðkál. Salatið lítur vel út en bragðast líka vel.

Gerið grænmetissúpu

› Takið til í grænmetisskúffunni, notið grænmeti á tilboði – til dæmis tómata. Úrvals hráefni í súpugerð má víða finna sem ekki kostar mikið. Ekki er verra ef grænmetið kemur úr eigin ræktun og það leiðir hugann að því að nú fer að nálgast sá tími þar sem huga þarf að sáningu fyrir uppáhalds grænmetinu sínu.

Borðið úti

› Ef kvöldmaturinn er að heiman, þá mætti panta grænmetisrétti til að hafa aukalega og deila þá steikinni eða fisknum. Biðjið um fleiri forrétti eða meðlæti í stað próteinbombunnar, sem er þung í maga.

Árstíðabundin grænmeti

› Smakkið á árstíðabundnu grænmeti, best er að kaupa grænmeti á uppskerutíma, fyrir meira bragð á lægra verði – frekar en grænmeti sem er geymt og flutt heimshorna á milli. Skoðið staðbundna matvöru fyrir bestu kaupin – eða heimsækið bændamarkaði.

Nýtt grænmeti / nýtt bragð

› Veljið nýja grænmetið sem þið hafið aldrei reynt áður.

Rauðrófusalat með jarðarberjum og valhnetum

› 1 pakki soðnar rauðrófur
› 3-4 stk. jarðarber
› 10 stk. valhnetur
› ½ bolli fersk basilblöð

Sítrónu- og basilikudressing:

› ¼ bolli ólífuolía
› 3 matskeiðar ferskur sítrónusafi
› ¼ búnt fersk basilikublöð
› 1 hvítlauksrif, söxuð
› salt

Aðferð

Undirbúið dressinguna með því að blanda öllum innihaldsefnunum í blandara og vinna þar til dressing er slétt og fín. Smakkið til með salti. Þá er hún tilbúin til notkunar.

Skerið soðna rauðrófu (hægt að kaupa tilbúna í mörgum búðum), skreytið með jarðarberjum og sítrónu-basilikudressingu. Ásamt salti og pipar.



Rauðrófu- og valhnetuídýfa

› 1 stk. rauðrófa (soðin)
› 1 bolli valhnetur
› 1/3 bolli ólífuolía
› 1 bolli rifinn parmesanostur
› 2 msk. eplaedik
› 1 rif hvítlaukur, saxaður
› 1/4 tsk. salt, eða eftir smekk

Bætið öllum innihaldsefnum nema ólífuolíu í matvinnsluvél. Vinnið saman þar til blandan er þykk og mjúk.

Leyfið matvinnsluvélinni að vinna áfram, hellið ólífuolíu rólega saman við.

Smakkið til og bætið við eplaediki eða salti í eftir smekk.

Blómkálsgratin

› 1 blómkálshöfuð
› salt
› 7 msk. ósaltað smjör
› 2 bollar heit mjólk
› 1/2 tsk. ferskmalaður svartur pipar
› 1/4 tsk. múskatduft
› 3/4 bolli rifinn gratínostur
› 1/2 bolli rifinn parmesanostur
› 1/4 bolli brauðraspur

Aðferð

Hitið ofninn í 180 gráður. Eldið blómkálið í stórum potti af sjóðandi söltuðu vatni í 5 til 6 mínútur, þar til það er aðeins mjúkt en samt ekki of eldað. Sigtið.

Bræðið tvær matskeiðar af smjöri í miðlungsstórum potti yfir lágum hita. Bætið hveiti við, hrærið stöðugt með trésleif í tvær mínútur. Hellið heitu mjólkinni í blönduna og hrærið þar til það kemur upp suða. Sjóðið í eina mínútu, á meðan hrært er stöðugt, eða þangað til sósan hefur þykknað. Takið af hitanum og bætið við einni teskeið af salti, pipar, múskat, 1/2 bolla af gratín- og parmesanosti.

Hellið einum þriðjungi af sósunni í botninn á eldföstu formi. Setjið sigtað blómkálið ofan á og dreifið síðan afganginum af sósunni jafnt ofan á. Sameinið brauðrasp með ost sem er eftir 1/4 bolli af gratínosti og stráið yfir. Bræðið ögn af smjöri og hellið yfir blómkálsgratínið. Kryddið með salti og pipar.

Bakið í 25 til 30 mínútur, þar til efsta lagið er gullið og brúnt. Berið fram heitt eða við stofuhita – ef vill með stökku beikoni.

HANNYRÐAHORNIÐ

Litagleði

Prjónuð peysa með laskaúrtöku, skemmtileg hreyfing kemur út með því að prjóna með 1 þræði af Drops Fabel og 1 þræði af Drops Delight.

Veldu þína litasamsetningu en garn í peysuna er á 30% afslætti í mars og kostar því garn í þessa peysu frá 2.583 til 4.305 kr hjá Handverkskúnst – www.garn.is.



Stærðir:

3/4 (5/6) 7/8 (9/10) ára

Yfirvídd: 64 (68) 72 (76) cm

Garn: Drops Fabel:

Litur nr 522p túrkis/blár: 150 (200) 200 (250) g og

Drops Delight:

Litur nr 04, ljósblár: 150 (200) 200 (250) g

Prjónar: Sokkar- og hringprjónn 60 cm nr 3,5 og 4,5 – eða sú stærð sem þarf til að 18L geri 10 cm með einum þræði af hvoru garni á prjóna nr 4,5.

Úrtaka:

Takið úr á réttu þannig: prjónið þar til það eru 5L að prjónamerki, prjónið 2 slétt saman, 2 br, 2 sl (prjónamerki er á milli þessar tveggja lykkja), 2 br, takið 1 lykkju óprjónaða eins og prjóna eigi hana slétt, 1 sl, lyftið óprjónuðu lykkjunni yfir.

Bak- og framstykki

Fitjið upp með einum þræði af hvorri tegund 128 (136) 144 (152) lykkjur á hringprjón nr 3,5. Tengið í hring, setjið prjónamerki og prjónið stroff, 2 sl, 2 br alls 5 cm. Skiftið yfir á prjón nr 4,5. Næsta umferð er prjónuð þannig: Prjónið 50 (54) 58 (62) lykkjur slétt en fækkið lykkjum um 6 (6) 8 (8) lykkjur jafnt yfir um leið (= 44 (48) 50 (54) L slétt), prjónið næstu 14L stroff eins og áður, síðan 50 (54) 58 (62) lykkjur slétt en fækkið lykkjum um 6 (6) 8 (8) lykkjur jafnt yfir um leið (= 44 (48) 50 (54) L slétt), að lokum 14L stroff eins og áður. Það eru nú 116 (124) 128 (136) lykkjur á prjóninum. Haldið áfram að prjóna slétt prjón og stroff þar til stykkið mælist 10 (11) 12 (13) cm. Aukið nú út um 1L sitt hvoru megin við strofflykkjurnar 14 í hvorri hlið = aukið út um 4L, þessar nýju lykkjur eru prjónaðar slétt, endurtakið útaukninguna þegar stykkið mælist 18 (20) 22 (24) cm. Prjónið áfram þar til stykkið mælist 26 (29) 32 (35) cm, fellið nú af 8L í miðju á strofflykkjunum í hvorri hlið fyrir handvegi (þ.e. 1 sl, 2 br, 2 sl, 2 br, 1 sl) = 108 (116) 120 (128) lykkjur á prjóninum. Geymið stykkið og prjónið ermar.

Ermar:

Fitjið upp 32 (36) 36 (40) lykkjur á sokkaprjóna nr 3,5 með 1 þræði af hvorri tegund. Tengið í hring og prjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 5 cm. Skiftið yfir á sokkaprjóna nr 4,5 og prjónið þannig: 18 (22) 22 (26) lykkjur slétt, og stroff eins og áður yfir næstu 14 lykkjur. Þegar ermin mælist 10 cm, er aukið út um 1L sitt hvoru megin við strofflykkjurnar, þessar nýju lykkjur eru prjónaðar slétt. Endurtakið útaukninguna með 3 (3½) 3 (3½) cm millibili alls 7 (7) 9 (9) sinnum = 46 (50) 54 (58) lykkjur. Þegar ermin mælist 30 (34) 37 (41) cm er felldar af 8L mitt undir ermi, í miðju á strofflykkjunum (þ.e.1 sl, 2 br, 2 sl, 2 br, 1 sl) = 38 (42) 46 (50) lykkjur á prjóninum. Leggið ermina til hliðar og prjónið aðra eins.

Berustykki: Setjið ermarnar inn á sama hringprjón og fram- og bakstykki þar sem fellt var af fyrir handvegi = 184 (200) 212 (228) lykkjur. Setjið prjónamerki við öll samskeyti erma og bols = 4 merki. Haldið áfram að prjóna 2 br, 2 sl, 2 br á milli erma og bak- og framstykkis en slétt þar á milli. Prjónið 3 (1) 1 (1) umf og hefjið þá úrtöku fyrir laskalínu – sjá úrtaka. Endurtakið úrtöku í annarri hverri umferð alls 13 (15) 16 (18) sinnum.

Jafnframt þegar stykkið mælist 36 (39) 42 (45) cm mælt frá miðju að framan, eru miðlykkjurnar 14 (14) 14 (14) settár á þráð/nælu. Prjónið áfram fram og til baka – samtímis er fellt af í byrjun hverrar umferðar: 1L tvisvar sinnum. Þegar öllum úrtökum er lokið eru 62 (62) 66 (66) lykkjur á prjóninum. Skiptið yfir á prjóna nr 3,5 og takið upp um 20-22 lykkjur meðfram hálsmáli að framan (lykkjur á nælu meðtaldar) = 82 til 92 lykkjur. Prjónið 1 umf slétt yfir sléttar lykkjur og stroff yfir strofflykkjur – og jafnið lykkjufjölda þannig að það verði 6L slétt á hvorri ermi, 26 (26) 30 (30) lykkjur á framstykki og 18 (18) 22 (22) lykkjur á bakstykki sem og 6 lykkjur í laskaúrtöku eins og áður. Það eru nú 80 (80) 88 (88) lykkjur á prjóninum. Prjónið stroff 2 sl, 2 br yfir allar lykkjur – lykkjur á laska eru áfram 2 br, 2 sl, 2 br, teljið út frá þeim hvernig prjóna á yfir sléttu lykkjurnar svo þær falli inn í stroffið. Prjónið um 5 (6) 7 (8) cm, fellið af í sléttum og brugðnum lykkjum.

Saumið saman undir ermum, gangið frá endum. Þvoið flíkina og leggið til þerris.

Prjónakveðja,

mæðgurnar í Handverkskúnst





Létt

	5		3		2			9
6	4		9	5				
3			4				1	8
		9		3	1	6		
5		6				7		1
		8	5	6		3		
1	8				5			2
				8	3		5	6
2			1		7		4	

Miðlungs

4								5
5		7		6		8		2
		2	5		7	3		
			7		6			
9								7
			2		4			
		3	8		9	6		
7		1		2		4		3
8								9

Þung

9							4	
			5	3	8			
					7			
	7	8						
	2			6			3	
						1	9	
			1					
			4	9	2			
	5							7

Þyngst

				4			2	
			3				4	9
					6	1	3	
3		7	9	1				
		8				9		
				2	5	3		6
	4	6	8					
5	1				4			
	2			7				

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Góð pitsa í mestu uppáhaldi

Símon Snorri er 13 ára skagfirskur Skaftfellingur. Hann heldur mest upp á góða pitsu og hefur gaman af að spila tölvuleiki með vinum sínum.



Nafn: Símon Snorri.

Aldur: 13 ára.

Stjörnumerki: Steingeit.

Búseta: Kálfafelli 1b í Fljótshverfi.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Pitsa.

Uppáhaldshljómsveit: Ég á enga uppáhaldshljómsveit en uppáhaldssöngvarinn minn er Eminem.

Uppáhaldskvikmynd: 22 Jump Street.

Fyrsta minning þín? Ég er ekki alveg viss en ætli það sé ekki þegar ég var að hjálpa Daníel Smára, bróður mínum, að hjóla á þríhjóli.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Nei, er ekki að æfa neinar íþróttir núna í vetur. Kann pínulítið á gítar.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Ég er ekki alveg ákveðinn í því. Ætli ég verði ekki bara stærri áður en ég ákveð það.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar við bræðurnir máluðum skottið á bílnum hennar mömmu með afgangsmálningunni frá grindverkinu.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt um páskana? Sofa út, borða páskaegg og hafa það kósí með fjölskyldunni.

Næst » Símon Snorri skorar á Hrafntinnu Jónsdóttur, bekkjasystur sína, að svara næst.

LESENDABÁS

Lífræn ræktun – vörn gegn hættum ónáttúrulegs fæðis

Það er Íslandi í hag og til álitsauka að framleiðendur lífrænna afurða í landinu vinni í samræmi við reglur sem Evrópusambandið setur í stað þeirra sem Bandaríkin nota. Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna lætur undan þrýstingi stórfyrirtækja á borð við Walmart, sem sækjast eftir því að auðvelda aðgang að lífræna vörumerkinu (vottun), um að draga úr kröfum til lífrænnar vottunar og framleiðslu.

Stórir og valdamiklir aðilar grafa undan þeim náttúrulegu ferlum sem eru grundvöllur lífrænna aðferða um allan heim með því að þrýsta á um að notkun tilbúinna ónáttúrulegra aðfanga verði leyfð. Til dæmis vinna þeir að því að við framleiðslu á lífrænu kjöti, eggjum og mjólk sé leyft að ala búfé alfarið innandyra, eða á gróðurleysu í stað beitilands, sem hefur í för með sér bæta þarf fóðrið með amínósýrum (metíónín). Þeir vilja að staðlar leyfi vatnsræktun ávaxta og grænmetis, þ.e. í vökvakerfi tilbúinna áburðarefna, í stað ræktunar í næringarríku vistkerfi jarðvegs. Þeir vilja að hægt sé að merkja matvæli, þar með talið barnamat, sem lífræn, þótt þau séu hlaðin ónáttúrulegum vítamínum, steinefnum eða öðrum tilbúnum efnum.

Erfðatækni er bönnuð í lífrænni ræktun

Reglugerðir Evrópusambandsins eru byggðar á varúðarreglunni, ólíkt reglugerðum Bandaríkjanna.



Sandra B. Jónsdóttir.

Þar sem vísindaheimurinn er ekki einhuga um hvort erfðabreyttar plöntur séu öruggar fyrir umhverfið eða heilsu manna og dýra, þá leyfa reglugerðir Evrópusambandsins ekki notkun erfðabreyttra lífvera í lífrænni framleiðslu. Árið 2013 gáfu Evrópusamtök vísindamanna um félagslega og umhverfislega ábyrgð (ENSSER) út yfirlýsingu sem 300 vísindamenn undirrituðu, þar sem staðfest er að vísindasamfélagið er klofið um öryggi erfðabreyttra lífvera. Jafnframt kemur þar fram að flestar heilsufarsrannsóknir sem „sanna“ öryggi erfðabreyttra plantna voru gerðar af sömu líftæknifyrirtækjum og selja erfðabreytt fræ. Rannsóknir gerðar af sjálfstæðum vísindamönnum sýndu aftur á móti að dýr fóðruð á erfðabreyttum afurðum sýndu eitrunaráhrif í mörgum helstu líffærum, einkum í nýrum og lifur.

Erfðabreytt matvæli og heilsufarsáhætta

Ræktun erfðabreyttra plantna hefur leitt til gríðarlegrar aukningar í notkun eiturefna í Bandaríkjunum, einkum illgresiseitursins glýfosats, sem bændum er selt í sama pakka og erfðabreytt fræ. Árið 2012 birti Charles Benbrook niðurstöður, byggðar á opinberum gögnum bandaríska landbúnaðarráðuneytisins, sem sýndu 15-falda aukningu illgresiseiturs frá því að ræktun erfðabreyttra plantna hófst árið 1996, sem orsakað hefur lífshættuleg heilsuvandamál þeirra sem starfa í landbúnaði. Fyrir skömmu vann bóndi í Kaliforníu, DeWayne Lee Johnson, mál sitt (og 78 m dollara bætur) fyrir rétti gegn Monsanto þar sem hann gat sýnt fram á að eiturefnið glýfosat, sem fyrirtækið framleiðir, var orsök eitlakrabbameins sem hann greindist með, og að Monsanto hafi reynt að fela niðurstöður eigin rannsókna sem sýndu tengsl milli glýfosats og krabbameins. Nú bíða allt að 9000 önnur fórnarlömb krabbameins þess að leggja viðlíka mál gegn Monsanto fyrir rétt.

Ein tegund erfðabreyttra plantna eru sn. Bt-plöntur sem erfðabreytt var til að þær innihaldi skordýraeitrið Bt. Líftæknifyrirtækin fullyrða að Bt-eitur í plöntum hafi enga áhættu í för með sér fyrir menn eða dýr sem neyta slíkra plantna þar sem meltingarkerfi spendýra sundri próteinum (DNA) í fóðri og matvælum. Kanadísk rannsókn (Aziz Aris et al 2016) sýndi engu að síður að Bt-eitrið fannst í blóði þungaðra kvenna og í blóði ófæddra fóstra þeirra. Tilraunir Monsanto sýndu að Bt-eitur í plöntum veldur eitrun í lifur og nýrum í rottum (Séralini et al 2009). Nýleg tilraun sýndi sömuleiðis að erfðabreytt Bt-eitur skaði ónæmiskerfið, valdi ofnæmi og valdi forstigsfrumubreytingum í þörmum í rottum (Santos-Vigil et al 2018).

Matvæli framleidd í tilraunastofum

Matvæli eru stærsti völuflokkur heimsins og hafa þar af leiðandi orðið tilefni alls kyns róttækra viðskiptatilrauna. Á tíunda áratugnum voru erfðabreyttar plöntur kynntar sem kostur í stað venjulegra nytjajurta. Um þessar mundir gerir Kísildalurinn tilraun til að flytja fæðuframleiðslu af bújörðum yfir í tilraunastofuna. Vísindamenn vinna að því að taka við af bændum. Bandarískt fyrirtæki (Impossible Food Co.) hefur fundið upp gervikjöt, sem það vinnur og selur í formi hamborgara (Impossible Burger), og framleitt er á tilraunastofu úr erfðabreyttu geri.

Annað fyrirtæki (Perfect Day Co.) vinnur að því að fjarlægja kýr úr mjólkurbúskapnum með framleiðslu á mjólk á tilraunastofu úr erfðabreyttu geri og prentuðum mjólkurpróteinum. Þessar róttæku nýju matvörur hafa ekki undirgengist öryggisprófanir, þótt vísindin hafi sýnt fram á að erfðabreytingar valdi óþekktum og óvæntum breytingum á genamengi erðabreyttra plantna og matvæla úr þeim. Þar til sýnt hefur verið fram á öryggi erfðabreyttra lífvera og matvæla sem framleidd eru á tilraunastofum eiga þau sér engan stað í lífrænni framleiðslu. Hvorutveggja ber fremur vott um áhuga á að stjórna matvælaframleiðslunni í stað þess að bæta hana.

Lífræn framleiðsla og heilsa þjóðarinnar

Ný rannsókn sem gerð var í Frakklandi sýndi að þeir sem neyta reglulega lífrænna matvæla eru mun ólíklegri til að fá krabbamein en þeir sem neyta lítillar eða engrar lífrænnar fæðu. Önnur ritrýnd rannsókn mældi eiturefnaleifar í þvagi bandarískra neytenda og sýndi að þær lækkuðu um 95% eftir að viðkomandi höfðu eingöngu neytt lífrænna matvæla í eina viku. Íslenskur landbúnaður er, ólíkt þeim bandaríska, tiltölulega laus við eiturefnanotkun. Við getum varið og styrkt lýðheilsu þjóðarinnar með því að standa gegn innflutningi gervifæðu og afurða efnavædds búskapar, og með því að framleiða meira sjálf með lífrænum aðferðum.

Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi

Eru bændur ekki atvinnurekendur?

Ég las grein eftir framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, sem svaraði forystugrein Morgunblaðsins um innflutning á ófrosnu hráu kjöti. Eftir lesturinn situr helst eftir að Ísland er ekki lengur fullvalda ríki.

Framkvæmdastjórinn segir skylt að standa við það, sem stjórnmálamenn samþykktu án þess að snúið væri upp á höndina á þeim. Þarf nokkuð að snúa upp á höndina á þeim? Fá þeir ekki að finna fyrir því séu þeir með einhvern kjaft?

Steingrímur flæmdi úr VG og ríkisstjórn þá, sem Jóhanna kallaði villiketti. Jón Bjarnason stóð á sannfæringu sinni og lét ekki einbeittan ESB vilja Jóhönnu og Steingrím beygja sig. Annars værum við kannski komin í ESB og ekki spurð um eitt eða neitt, ef hagsmunir þjóðar tækjust á hagsmuni ESB.

Í dag eru á þingi ráðherrar, sem þekkja vána af fjölónæmum bakteríum. Vonandi stuðla þeir að því að þingið skoði málið faglega ofan í kjölinn og vandi sig betur, en með t.d. verðtrygginguna, gjafakvótann og Schengen.

Póstlúgan ekki í réttri hæð samkvæmt ESB tilskipun

Það að Íslandi beri skylda til að beygja sig undir lög EFTA, ESB og EES minnir mig á, að fyrir nokkrum árum fékk ég bréf frá póstinum um að hækka póstlúgu á útidyrahurð minni skv. ES eða ESB tilskipun. Ég ansaði því ekki og fékk þá hótunarbréf um að hætt yrði að bera út póst til mín. Því svaraði ég með grein í Mbl. Síðan hefi ég ekki heyrt frá póstinum. Ætli það sem nú er sagt, að okkur beri að standa við hafi fengið álíka skoðun hjá þinginu og hæð á póstlúgum. Það þyrfti að endurskoða allt það, sem ríkisstjórnin með einbeittan vilja að koma þjóðinni undir verndarvæng ESB samþykkti.

Íslendingar gætu margt lært af Sviss sem er ekki í ESB

Sviss er ekki í ESB og mun aldrei ganga í það. Svissneska ríkið var stofnað þannig að kantónurnar sameinuðust í fullvalda ríki með eigin stjórnarskrá. Grunnlögmálið er, að ríkisréttur sé æðri fylkis- eða kantónurétti (Bundes Gericht bricht Kantonal Recht). Þetta þekkja Svisslendingar og vita að ESB lög yrðu æðri þeirra eign lögum gangi þeir í bandalagið.

Íslendingar gætu margt af



Sigurður Oddsson.

Svisslendingum lært. Ekki bara í þessu sambandi, heldur líka í ótal mörgu öðru t.d., að hleypa ekki útlendingum eftirlitslaust inn í landið. Það er að segja sé einhver vilji til að halda í tunguna og menninguna, sem veitti okkur fyrst fullveldið fyrir 100 árum og svo lýðveldið.

Er einhver ástæða til að treysta betur niðurstöðum vísindamanna ESB en íslenskum?

Í viðbót við skuldbindingar ríkisins er rökstuðningurinn fyrir innflutningi á hráu ófrosnu kjöti:

- Að lítil vörn sé í frystiskyldunni. Meiri hætta sé á smitunum frá ferðamönnum og þeim, sem farið hafa til útlanda. Réttlætir það, að opna fyrir allt hitt?

- Að útlendar vísindaniðurstöður standi óhraktar. Hefur einhver lagt sig fram við að hrekja þær? Þær stangast á við rökstuddar niðurstöður innlendra vísindamanna með víðtæka þekkingu og heimsfrægð. Er einhver ástæða til að treysta betur (pöntuðum) niðurstöðum vísindamanna ESB?

- Að „viðbótartryggingar séu minna íþyngjandi leið“ og að hin norrænu ríkin hafi náð í gegn, að sýni séu tekin af vörusendingum og vottað að varan sé ekki með salmonellu. EFTA hafi samþykkt þetta með salmonelluna.

Hvað með kamfýlóbakter og fjölónæmar bakteríur?

Er hægt að treysta svona eftirliti með tilliti til þess að nýlega var hrossakjötsblönduðu nautakjöti frá Póllandi dreift um ES svæðið. Búið var að éta nokkur hundruð kíló í Svíþjóð, þegar málið komst upp. Blaðamaður með falda myndavél kom upp um málið. Ekki eftirlitið.

Að sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa fundist í innlendu kjöti þannig að takmarkanir innflutnings útiloki ekki áhættu á að þær berist hingað.

Eru rökin hér að ofan nægileg til að taka sénsinn á og leyfa óheftan innflutning á hráu ófrosnu kjöti?

Ef allt er reiknað til enda

Þeir sem styðja frjálsan innflutning landbúnaðarafurða hafa reiknað út að kostnaður heimila muni lækka verulega með innflutningnum. Ég efast um að svo verði, þegar dæmið er reiknað til enda. Kaupmennska byggist á mismun söluverðs og innkaupsverðs. Íslenskir kaupmenn eru snillingar í að halda birgjum á tánum og munu lækka innkaupsverð meir og meir. Það mun koma fram í lakari gæðum og óvíst að söluverðið lækki.

Það er staðreynd að við eigum heilbrigðustu búfjárstofna í heimi

Því hefur lengi verið haldið fram að hærra verð fáist fyrir íslenskan fisk vegna meiri gæða. Er hægt að standa á því að fiskurinn sem syndir í sjónum við Ísland sé eitthvað betri en sá við Noreg og í Barentshafi?

Það er hins vegar staðreynd að við eigum auðlind, sem eru heilbrigðustu búfjárstofnar í heimi. Íbúar jarðar verða stöðugt meðvitaðri um, hvað þeir borða. Heilnæm matvara fær meira og meira pláss í verslunum. Þannig eru búfjárstofnarnir framtíðarlausn fyrir sjálfbæran landbúnað og útflutning landbúnaðarafurða með hagnaði. Samtök atvinnurekanda mega ekki og ótrúlegt er, að þeir skuli reyna að fórna þessu fyrir skammtímagróða nokkurra kaupmanna.

Hefur framkvæmdastjórinn umboð atvinnurekenda til að höndla með lýðheilsu þjóðarinnar í þeirra nafni, sem hverja aðra verslunarvöru? Líklega hafa þeir ekkert verið spurðir.

Sigurður Oddsson











Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Til sölu Shamal loftpressa 3 fasa, 850L pressa og 500L kútur. Ný olía og hjól undir kút til að auðvelda færslu. Verð 200.000 kr. +vsk. Allar uppl. í síma 893-7616.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Ford Transit árg '11 – Jumbo til sölu. Langur, háþekja, dísel, ek. aðeins 99.000 km. Stór og glæsilegur með mikla möguleika. Verð aðeins 2.650.000 kr. Vel með farinn dekurbíll. Uppl. í síma 868-3144.



Þessi er með tennur til að rífa upp og skrapa og stálblöðum til að jafna út og slétta Cat1. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is - sími 896-5486.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna vinnuvélar. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is.



Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafm. læsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dbA @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. kr. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk. kr. 22.900 auk vsk. 5 stk. eða fleiri kr. 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Búnaður á stórvirkar vinnuvélar. Skóflur með vængjum, allt að 6 m3. Skóflur í mörgum útfærslum fyrir allt að 16 m3. Snjóplógar í mörgum útfærslum. Allur annar frambúnaður fyrir verktaka. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu Benz 1320 1997 kassabíll 250.000 km með 48 kW perkins rafstöð 2003, keyrður 350 tíma. Einnig öflug loftpressa verð 2 milljónir kr. +vsk. Uppl. í síma 899-2195/789-2888.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com



Til sölu iðnaðarsaumavél, beinn saumur og overlook. Margir litir af tvinna fylgja. Tilboð. Uppl. í síma 862-6775.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að kræka saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

KRAFTVÉLAR

Til sölu


CaseIH

Maxxum 150MC









- Árgerð: 2017
- Hestöfl: 150/175
- Vinnustundir: 190
- Gírkassi 17×16 með sjálfskiptimöguleika
- Vökvaúttök: 8 + LS
- Aflúttakshraðar: 540/540E/1000
- Loftpúða sæti með armpúða
- 6 cyl vél
- Vökvayfirtengi
- LS úttök
- Skotkrókur
- 50km/h ökuhraði
- Fjaðrandi framhásing
- Fjöðrun á húsi
- 2 stk. gul blikkljós
- AFS700 snertiskjár
- IsoBus tengi
- ALÖ Q56 ámoksturstæki
- Farþegasæti
- 12 LED vinnuljós
- Dekk 540/65R29 og 650/65R38

Verð:

12.390.000.- kr. án vsk.

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Bobcat E16
Árg. 2013, 1.908 vst. 1.600 kg, 3 skóflur og ný Ifor Williams tækjakerra með sliskjum. 2,7 tonn - 2,18 tonna burðargeta.
Verð: 2.900.000 kr. + vsk.



Yanmar SV18 smágröfur
1,95 tonn. Til á lager



JCB 3CX traktorsgrafa
Árg. 2016. 2.560 vst.
Þrjár skóflur.
Verð: 11.500.000 kr. + vsk.



Komatsu PC16
Árg. 2008, 3.300 vst.
Tvær skóflur. Kerra fylgir með.
Verð: 1.800.000 + vsk.



Liebherr 13HM, byggingakrani
Árg. 2014. 22 m bóma.
500 kg í 22 m. 1,5 tonn max.
Verð: 7.900.000 + vsk.



Liebherr L538 hjólaskófla
Árg. 2007. Vökvahraðtengi, skófla og gafflar.
Verð: 6.000.000 + vsk.



Eichinger steypusíló og brettagaflar í miklu úrvali.



Tsurumi dælur í miklu úrvali.



Weber jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.



PMC snjóplógar og skóflur. Til á lager.

Uppl. í síma 660-6051

MERKÚR
www.merkur.is

BÍLJÖFUR VARAHLUTIR

Eigum á lager varahluti í Jeep, Chrysler og Dodge. Sérpöntum í allar tegundir frá USA. Hagstætt verð. Bíljöfur - varahlutir ehf. Smiðjuvegi 72, Kóp. Sími 555-4151 – varahlutir@biljofur.is

---



Til sölu nýtt klósetthús 19,2 fm + 6,5 fm verönd. 4 wc básar og 3 vaskar m/hitaelimenti. Tilvalið fyrir ferðaþjónustuna. Ásett 3,9 milljón kr. Uppl. í síma 698-3730 og 483-1818.



Aðeins kr. 45.000. Þessi göngubraut er algjör draumur, því hægt er að fella hana næstum alveg saman eftir notkun. Frí heimsending. Hámarks þyngd notanda 90 kg. Uppl. í síma 661-1902.



Göngubraut / hlaupabretti aðeins 69.500 kr. Hámarks þyngd notanda: 110 kg. 8 prógrömm. Hámarks hraði 14 km/klst. Þrektæki, sími 661-1902. Frí heimsending.



Áburðardreifarar fyrir dráttarvélar. Pólskir dreifarar á mjög hagstæðu verði. Galvaniseraður belgur, hnífar og vængir SS stál. Kastlengd: 12 - 28 metrar. Glussadrifin opnun / lokun. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is

---



Varmakubbar fyrir sökkla og veggi. Þeir stærstu og hraðvirkustu á markaðnum í dag. Spara allt að rúm 40% vinnu. Uppl. í síma 660-1100 og nudura@aske.is

---



Vegna sérstakra aðstæðna er lítið sem ekkert notaður TORO snjóblásari til sölu. Power Max Heavy Duty 1128 OXE. Ath. snjóblásarinn er á negldum dekkjum og var notaður fjórum sinnum veturinn 2015/2016 og einu sinni veturinn 2016/2017 og ekkert veturinn 2018/2019. Notaður í 5 skipti. Verð 270.000 kr. Þórir, s.868 4200 – thorir@580.is

---



Musso Sport 2004. Í góðu standi og mikið endurnýjaður. Fjögur ónegld heilsársdekk á felgum og fjögur negld vetrardekk á felgum fylgja. Öll lítið slitin. Verðhugmynd 650.000 kr. eða tilboð. Er í Kópavogi. Guðjón s. 699- 5407.



Dekkaður Viking 700, vel með farinn, endurnýjað rafmagn, nýir 12 og 24w geymar, sjálfstýring og 1 dng(5000). Ganghraði 7 sml, eyðslugrannur og góður bátur, siglingatölva Max-c og sjálfstýring. Vegna ónýtrar túrbínu er hann á tilboðsverði: 1,9 millj. kr. Uppl. í síma 692-6825 og 863-1033.



Falleg skekta/bátur til sölu. Báturinn er 5,0 m á lengd, 1,5 m breiður og 0,5 m djúpur. Hann er smíðaður af Hafliða Aðalsteinssyni skipasmíðameistara. Er úr furu og með eikar svigaböndum. Hentar bæði á sjó og vötn. Kjaljárn úr ryðfríu efni. Fjórar árar og kifar. Galvaníseruð kerra á flexitorum sem bera 750 kg. Yfirbreiðsla. Einstakt tækifæri að eignast nýjan súðbyrðing. Tilboðsverð kr. 1.400.000. Uppl. í síma 893-9787.



Ford Escape 2004 4-cilendra, 4wd. Ekinn 228.000 km. Nýjar bremsur að framan, nýlegar að aftan, nýleg dekk. Fínn bíll. Uppl. í síma 898-9494.



Til sölu 200L gufupottur ásamt öflugum gufurafal. Rafall er nýlega yfirfarinn og virkar vel. 15 kW. Verð 300.000 kr. eða tilboð. Einnig til sölu stór iðnaðareldavél með ofni. Uppl. í s. 625-9709.



MMC Pajero árg. 2003, bensín, ekinn aðeins 141.000 km. Er á góðum Nokian 33" dekkjum, nýjar legur framan og aftan, nýir spindlar, bremsur o.fl. Vel með farinn og góður bíll. Verðhugmynd kr. 690.000. Uppl. í s. 899-3713.



Bens 519 árg. 2016. 22 manna. Pólska breytingin. Frábær bíll. Uppl. í síma 896-4002.



Moser sturtupallur af Scania. Lengd 6,85 m. Mögulegt að stytta pall framan við lamir um 1,80 m. Verðhugmynd kr. 1.000.000. kr. Nánari upplýsingar gefur Björn Sigurðsson s. 892-0034.



Man 19 361, árgerð 1985 til sölu með vorinu. Tek við tilboðum á netfangið hollehf@hollehf.is - upplýsingar gefur Björn í síma 892-0034.



Patrol árg. 1999, 2,8l 6 cyl leður og lúga, þokkalegur bíll á 35" dekkjum, óska eftir tilboði. Uppl. í síma 840-3064.



Nýkomnir á lager. VERDO gæða spónakögglar í 15 kg pokum. Frábær sérstaklega meðhöndlaður undirburður fyrir hross. Brettaafsláttur og brettið keyrt frítt heim á höfuðborgarsvæðinu. Brimco ehf. S. 894-5111 - www.brimco.is. Opið frá kl. 13-16.30.



Til sölu 2ja hesta kerra í mjög góðu ástandi. Kerran er nýskoðuð á góðum dekkjum og nýtekin í gegn. Uppl. í síma 856-2704.



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 21.500 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

---



Vara- og aukahlutir í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

---



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

---



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is

---




Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

---



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

---



Til sölu JCB Robot árg. 2003. Notkun 1485 vst. Skófla, gafflar, bakkmyndavél. Uppl. í síma 696-4345.



Til sölu Caterpillar D4H LGP jarðýta með Ripper. Árg. ´92, vinnustundir 12.000. Verð 5 m. kr. + vsk. Uppl. í síma 867-3769.



Ford Transit árg. 2012, ek.70.000 km, 4x4, háþekja, krókur, olíumiðstöð o.fl. Verð 1.890.000 kr. +vsk. VW Caddy árg. 2012, ek. 110.000 km, verð 1.290.000 kr. Uppl. í síma 865-0124.



Til sölu 2 stk. af Kingsmann KBA 91088 loftfjaðrandi vinstri sætum. Sætin eru svo gott sem ónotuð. Eru í Kópavogi. Uppl. í síma 897-6240.



Toyota Land Crusier til sölu. Árgerð 2017, ekinn 45.000 km. 35 tommu, breyttur. Verð 8 millj. kr. Uppl. í síma 843-8110.



Toyota Hiace árg. 2003, ekinn 220.000 km. 4x4. Nýskoðaður í góðu lagi. Einn eigandi síðan 2006. Nýir rafgeymar demparar o.fl. Uppl. í síma 862-1063.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Skotbómur á vinnuvélar. Sérsmíðaður vandaður búnaður frá Póllandi. Allar festingar fáanlegar. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar brunndælur með mikla hrærigetu. Margar stærðir og útfærslur fyrir bændur og verktaka. Dælugeta allt að 27.300 L / mín. Stuttur afgreiðslutími. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



L200, ekinn 150.000 km. Ný tímareim og vatnsdæla, nýtt í bremsum að framan og er á góðum grófum nagladekkjum. Verðhugmynd 1,2 m. kr. eða tilboð - skoða öll skipti. Sími 862-4526.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Til sölu Toyota Auris Active-Hybrid. Árgerð 2018. Ekinn aðeins 8.000 km. EKKI bílaleigubíll. Sjálfskiptur, vel útbúinn og sparneytinn tvinnbíll sem sér ekki á. Markaðsvirði 3.200.000 kr. TILBOÐ 2.700.000 kr. staðgreitt. Uppl. í símí 867-8797.



Taðgreip. Breiddir: 1,2 - 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Allar festingar í boði, festingar og slöngur fylgja. Eigum greipar á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Næsta Bændablað kemur út 11. apríl

Bændablaðið

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. Netfang: jh@johannhelgi.is – s. 820-8096.

Rauðblesótt folald til sölu. Vel ættað, út af Goða frá Sauðárkróki og Orra frá Þúfu. Uppl. í síma 663-8869 milli kl. 19 og 22 á kvöldin.

Góð 2 herb. íbúð í Hrísey til sölu. Uppl. í síma 866-3114.

Til sölu DÁSAMLEGT kartöfluútsæði! Premia, Gullauga, Rauðar íslenskar og Helga. Einnig fást matarkartöflur á sama stað. Upplýsingar veitir Pálmi Reyr i síma 861-8800 eða palmireyr@gmail.com

Til sölu 5 vetra hryssa. Vel kynjuð eins og afi hennar Sær frá Bakkakoti ásamt fleiru. Uppl. í síma 893-2179.

TS bakkmyndavélar m/ 7" skjá-bæði þráðlaus & m/kapal. Tengist bara í plús og mínus. Verð 25.000 kr. m/vsk. Þórarinn sími 864-0984 – netfang: btc@simnet.is.

Til sölu sjálfvirk kartöfluniður-setningsvél JUKO 242 s. Einnig kartöfluspírunarkassar. Verð eftir samkomulagi. Uppl. í síma 862-3674.

Til sölu Hellusteypa. Tækjabúnaður til framleiðslu á hvers kyns hellum í gangstéttir, bílastæði, plön og fleira. Atvinnumöguleikar fyrir laghenta hvar sem er á landinu. Unnar, símí 893-3443.

Case 580G. Óska eftir stærri afturskóflunni á vélina. Uppl. í síma 692-3457.

Til sölu 2 stk. kælivélar fyrir m.a. rófur og kartöflur. Uppl. í síma 898-8711.

Óska eftir

Kaupi gamlar hljómplötur, kassettur og tónlistartengt efni. Staðgreiði stór plötusöfn. Uppl. í síma 822-3710 og netfangið olisigur@gmail.com

Óska eftir Toyota 4runner dísel 89-95, eða Land Cruiser 90, 97-99 árgerð. Má vera ryðgaður og þurfa viðhald. En gott ef vél væri í lagi. Uppl. í síma 847-5002.

Óska eftir járnrennibekk. Ýmislegt kemur til greina. Hafið samband í síma 851-1221 eða 846-0449.

Óskað er eftir upplýsingum um ráðskonur í sveit (s.s. sögum, ljóðum, ljósmyndum) vegna doktorsrannsóknar undirritaðrar, um ráðskonur. Upplýsingar má senda í pósti eða miðla símleiðis. Engu skiptir frá hvaða tímabili upplýsingarnar eru. Dalrún J. Eygerðardóttir. Netfang: dalrunsaga@gmail.com - s. 664-7083. Hraðastaðir 1 / 271 Mos.

Óska eftir nautkálfum. Sæki í Þingeyjarsýslur og Eyjafjörð. Uppl. í síma 845-5243.

Atvinna

Starfsmaður óskast í sauðburð í Húnaþingi vestra. Ekki verra að hann hafi einhverja reynslu. Uppl. í s. 893-2940.

Vantar aðstoð í sauðburð (karlinn er eitthvað farinn að láta sig). Djöflagangurinn stendur yfir í maí. Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus og hafi hjólbrúpróf, almennt bílpróf, geti sungið sjálfan sig í svefn ef á þarf að halda og sé jákvæð/ur. Heimilisbragur; partí þegar því verður viðkomið :) Uppl. í síma 894-0951.

Teodor frá Rúmeníu óskar eftir fullu starfi í landbúnaði. Nánari upplýsingar gegnum netfangið teodorsarageaua@gmail.com eða í s. 784-4010.

Rebekka Lukas, búvísindanemi frá Þýskalandi, óskar eftir að komast í starfsnám á íslenskt býli í haust. Tveggja mánaða vera frá ágúst – október 2019 henta henni best. Rebekka er uppalin á vistvænu býli með kúm, hestum og hænum svo hún er enginn nýgræðingur við bústörf en nú langar hana að fá innsýn inn í íslensk bústörf. Hægt er að hafa samband við Rebekku gegnum netfangið rebekka_lukas@live.de

Nýsjálendingur sem er vélaverktaki í landbúnaði óskar eftir sambærilegri vinnu á Íslandi í 5–6 mánuði. Hefur áður starfað á Íslandi, en hann vann við almenna búvélavinnu síðastliðið sumar. Hafið samband við Valdimar Einarsson, Agrimargin Ltd, New Plymouth, Nýja-Sjálandi. Netfang: valdi@agrimargin.co.nz

Átján ára stúlka óskar eftir því að komast í sveit í sumar að vinna. Hægt er að hafa samband á yrgunnars@gmail.com

Óska eftir undirskrift húsasmíðameistara vegna byggingar stálgrindarhúss. Teikningar liggja fyrir. Laun í samræmi við verkið, fullum trúnaði heitið. Uppl. í síma 781-5811.

Er með lítið blandað bú, vantar aðstoð við sauðburð og almenn sveitastörf. Æskilegt að viðkomandi geti verið lengur ef um semst. Er á Austurlandi. Uppl. í síma 865-6411.

Skálavörður. Vantar skálavörð tímabilin: 24. júní–7. júlí, 14. júlí–28. júlí, 4. ágúst–22. ágúst. Uppl. í síma 895-9500 eða netfang gljasteinn@gljasteinn.is

Við óskum eftir starfskrafti í sauðburð í maí, á sauðfjárbú á Vesturlandi. Áhugasamir hafi samband í síma 897-9603 eða 846-6012.

Jarðir

Ung hjón með börn óska eftir spildu, 1-5 ha, til ræktunar og útivistar. Aðgengi að vatni og rafmagni ekki nauðsynlegt. Verðhugmynd að milljón. Uppl. í gegnum netfangið karlthorbergsson@gmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang einar.g9@gmail.com, Einar G.



BÚKOLLA ER HÆTTULEGRI EN ÞÚ HELDUR

Mörg slys í landbúnaði tengjast meðhöndlun með stórgripi.
Það er nauðsynlegt að þekkja viðbrögð skepna við ólíkar aðstæður og taka tilllit til þeirra. Gætum varúðar og förum rétt að dýrunum.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



Hyundai HX160LD
Árg. 2018, 490 vst.
Tönn, hraðtengi og fleyglagnir.
Verð: 15.800.000 + vsk.



Hitazhi ZW75-6
Árg. 2018, 400 vst.
Hraðtengi, aukalögn og gafflar.
Verð: 6.300.000 + vsk.



Hyundai HX220L
Árg. 2018, 200 vst.
Smurkerfi, fleyglagnir
og hraðtengi. Breið belti.
Verð: 16.500.000 + vsk



Dieci Zeus 37,7
Árg. 2018, 200 vst.
Hraðtengi, gafflar og skófla.
Verð: 7.900.000 + vsk.



Caterpillar M313D
Árg. 2014, 5.100 vst.
Smurkerfi, rótortilt og 3 skóflur.
Verð: 11.200.000 + vsk.



Komatsu PW160
Árg. 2008, 9.850 vst.
Smurkerfi, fleyglagnir og
rótortilt.
Verð: 6.500.000 + vsk.



Scania 144G/530
Árg. 2000, 780.000 km.
Upptekinn mótor í 730.000 km.
Nýr vatnskassi, sturtudæla, góð dekk, sandblásin og máluð grind.
Verð: 1.900.000 + vsk.

VÉLAFL

Upplýsingar í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl .is
www.velafl.is



VW Crafter, 4x4, Achleitner

Bíllinn er vel útbúinn með driflæsingu að aftan, hátt og lágt drif. Breyttur fyrir 35“ dekk. Búið að breytingarskoða bílinn. Árgerð 2014, ekinn 109.000 km. Verð 5.500.000 + vsk.

Nánari upplýsingar á www.enta.is og í síma 897-6240

Hækkun gjaldskrár fyrir notendur skýrsluhaldskerfa

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest hækkun gjaldskrár fyrir notendur skýrsluhaldskerfa sem notuð eru til að skila lögbundnum skýrsluhaldsupplýsingum í samræmi við ákvæði búvörusamninga. Hækkunin nemur 3,2% og tekur gildi 1. apríl nk.

Gjaldskrá - árgjald:

Fjárvís, Heiðrún og Huppa: 12.740 kr. m. vsk.

Jörð: 10.298 kr. m. vsk.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta




Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÍSBOR

Kjarnaborun • Steypusögun • Múrbrot

www.isbor.is • S: 611-5550 • 698-5050



LESENDABÁS

Það sem skiptir máli

Nú kemur vorið sunnan að og sólin bræðir ís, orti Sigurður Óskar Pálsson sem lengi var skólastjóri á Borgarfirði eystri. Þeir áttu það sameinlegt, Sigurður og Kjarval, að alast upp á sömu slóðum hvar umhverfið er bæði fagurt og friðsælt. Náttúran getur ekki bara kveikt listrænan neista heldur líka þrá eftir því taó sem allir menn sækjast eftir, þó sumir leiti langt yfir skammt að því sem stendur okkur alltaf næst.



Björn Kristjánsson.

Það sem stendur okkur næst og yfirgefur okkur aldrei hlýtur að vera vitund okkar, öðru nafni Sjálfið þó það taó sem um er talað sé auðvitað ekki taó, eins og sagt er frá í Bókinni um veginn. Hins vegar vill svo óheppilega til að hindurvitni kaldrar efnishyggju hafa að mestu úthýst þeirri „þóetísku“ og hlýju stemningu sem ætti eða mætti svo gjarnan ráða för á okkar litla landi. Þessi stefna óyndis tekur sig mjög hátíðlega en hamlar flestu því sem við teljum mikilvægast í mannlífinu, og ekki síst heilsunni sem dafnar auðvitað best á húmor og himneskri upphafningu.

Vedíska fræðasetrið á Borgarfirði eystri stendur fyrir 5 daga heilsuviku um páskana hvar þátttakendur geta dvalið á notalegu gistiheimili, borðað bragðgóðan og hollan mat, lært að elda slíkan mat, stundað útiveru ef vill og hlustað á sögur úr ævisögu Árna prófasts. Árni var vitur maður og gegn, hafði horn í síðu efnishyggjunnar en áhuga á öllum framfaramálum, þá ekki síst heilsufari sinna sóknarbarna og annarra. Á heilsuvikunni verður heilmikil fræðsla um skynsamlega lífshætti auðvitað ásamt tækifæri til að hvíla sig frá amstri hversdagsins. Þátttakendum stendur einnig til boða að læra vedíska hugleiðslu sem á sér þúsunda ára sögu og er auðlærð aðferð til að heilsa upp á Sjálfið í djúpri kyrrð. Þó ekki sé á vísan að róa hvað varðar íslenskt veðurfar þá má alltaf stóla á logn í dúpum hugans. Ekkert er jafn frískandi og slík reynsla.

Við mannverur þurfum að starfa og starfsemi fylgir þreyta. Starfsemi og hvíld þurfa að fylgjast að í jafnvægi. Of mikill erill, streita, áhyggjur og óheilsusamlegir lífshættir taka sinn toll af heilsunni, hraða ferli öldrunar og skapa grundvöll fyrir ójafnvægi í líkamstarfseminni. Ójafnvægi getur svo þróast yfir í króniska sjúkdóma ef það fær nógu langan „útungunartíma“. Djúp og endurnærandi hvíld er nauðsynleg með reglulegu millibili því hún er tækifæri líkama og huga til að ná jafnvægi og endurnýja orkuna.

Lífsvenjur og viðhorf ráða mestu um heilsufar og vellíðan. Mikilvægt er því að temja sér lífsvenjur og viðhorf fyrir lífstíð sem stuðla að góðri heilsu. Allir geta séð hvert stefnir með daglegar venjur sem endurteknar eru í áratugi ef þær venjur stuðla ekki að góðri heilsu fyrir viðkomandi einstakling.

En hvar erum við flest stödd varðandi heilsuvernd? Jú, flest allir vilja skyndi- eða töfralausnir og sópa vandanum undir næsta teppi. Vanalega kemur hann svo þaðan aftur vegna þess að orsakavaldurinn, lífshættirnir og viðhorfin eru enn hin sömu. Rekja má nær alla sjúkdóma og nær allan heilsuvanda til óheilsusamlegra lífshátta.

Elstu fræði mannkyns á sviði heilsuverndar eru jafnframt þau fræði sem breiðast nú hraðast út um heiminn á þessu sviði. Þau heita Ayurveda. Ayurveda er ein af 40 greinum vedískra fræða sem eru önnur af tveimur fræðahefðum mannkyns. Til að skilja fræðigrein þarf maður að nálgast hana á hennar eigin forsendum og spyrja kurteislega að nafni eins og alsiða er þegar við hittum fólk sem er okkur ókunnugt. Við getum ekki kallað Ayurveda óhefðbundnar lækningar því það heita fræðin ekki. Ayur kemur af orðstofninum Ajus sem þýðir líf og veda kemur af orðstofninum vid sem þýðir vit eða þekking. Ayurveda er því þekkingin um lífið. Ef einhverjum þykir það ekki nógu yfirgripsmikið má kalla Ayurveda þekkinguna um lífið og allífið.

Og hvað er mikilvægt við þessi fræði? Jú, út frá sjónarhóli forvarna þá er það greining á ójafnvægi löngu áður en það fær að birtast sem krónískur sjúkdómur. Greining og einföld ráð um breyttan lífstíl til að afstýra sjúkdómi. Hversu mikilvægt er það?

Ayurveda er ekki indversk fræði frekar en þyngdarlögmálið er breskt. Ayurveda fjallar um algild lögmál m.a. þau er varða heilsu, og er því ekki háð tíma eða staðsetningu á jarðkúlunni, Það breytir þó ekki því að fræðin voru rituð af þremur læknum sem uppi voru á Indlandi fyrir þúsundum ára og hétu þeir Vagbhatt, Charak og Sushrut.

Iðkun Ayurveda skapar skilning og næmni fyrir því sem er fyrir bestu á hverjum tíma. Bent er á í fræðum Ayurveda að einstaklingar eru mismunandi og hafa því mismunandi þarfir. Þar að auki er loftslag, árstíðir, tími dags, aldur, og atvinna ásamt fjöldamörgu öðru breytileg atriði sem taka þarf með í reikninginn varðandi lífshætti. Fræðilegur bakgrunnur Ayurveda verður því fljótt að sjálfvirku vali í samræmi við það sem hentar á hverjum tíma.

Það er bæði auðvelt og ánægjulegt að iðka Ayurveda vegna þess að árangur kemur fljótt í ljós og iðkunin verður sjálfsagður hlutur þegar við finnum vellíðan og ánægju sem afrakstur skynsamlegra lífshátta. Fræðin hafa ekki breytt um skoðun allt frá upphafi hver eru lögmál heilsuverndar. Óþarfi er að aðhyllast einhverja sérstaka stefnu varðandi fæðu eða lífstíl til að njóta góðs af námi eða námskeiði í Ayur veda. Fræðin eru fyrir alla jafnt.

Málsháttur inn, veldur hver á heldur gildir í Ayurveda sem og annars staðar hvað varðar árangur. Vedíska Fræðasetrið er að kenna Ayurveda í samstarfi við nokkra færustu Ayurveda lækna heims sem við eigum samtal við í gegnum fjarfundabúnað. Við sem kennum höfum jafnframt formlega menntun og langa reynslu af iðkun fræðanna. Okkar sérsvið er að leiðbeina um lífstíl og meðferðir sem hver og einn getur iðkað heima hjá sér eins og Árni prófastur og Ayurveda fræðin hafa kennt okkur.

Myndu ekki allir samsinna því að þekking sé grundvöllur athafna? Athafnir okkar, atferli eða lífsstíll, til dæmis sem þjóðar skila af sér tölfræði sem á sviði heilsufars ratar í lýðheilsuvísa. Þessir vísar segja frekar óskemmtilega sögu og gefa til kynna að við þurfum að bæta við þekkingu okkar varðandi heilsu og endurhæfingu. Á meðan eitthvað ósýnilegt fyrirbæri sem nærist á ótta við breytingar og þar með framfarir, stendur heiðursvörð um stöðnun íslensks samfélags á öllum sviðum þá vinna lausnirnar sig,sem oftar en ekki búa í jaðarþekkingu, hægt og rólega inn í meginstraum fræðasamfélags eða þjóðfélags. Ayurveda, sem og aðrar greinar vedískra fræða, er sannarlega jaðarþekking í okkar samfélagi enn sem komið er, en ætti að verða ráðandi þekking í forvörnum. Viljum við bæta heilsufar eru merkimiðar eins og austrænt og vestrænt, hefðbundið og óhefðbundið, huglægt eða hlutlægt harla gagnslausir og eiga lítið skylt við vísindalega eða skynsama hugsun. Spurningin um hversu gagnleg tiltekin fræði eru til að bæta heilsu er hins vegar góð byrjun og svarið fæst auðvitað ekki nema með því að prófa.

Björn Kristjánsson

BÚNAÐARSAMBAND KJALARNESÞINGS

Aðalfundur Búnaðarsambands Kjalarnesþings 2019

Aðalfundur BSK verður haldinn í gróðrastöðinni Lambhaga „Mýrarkoti“ miðvikudaginn 10. apríl kl. 20:00

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár
Reikningar félagsins
Gestir fundarins frá BÍ og Bú- Vest
Kosningar
Önnur mál

Stjórn BSK

Kópavogsbær:

Sigrún María sér um íbúatengslin



Sigrún María Kristinsdóttir, sem hefur tekið við starfi verkefnisstjóra íbúatengsla hjá Kópavogsbæ.

Sigrún María Kristinsdóttir hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra íbúatengsla hjá Kópavogsbæ.

Um er að ræða nýtt starf á stjórnsýslusviði en með starfinu er ætlunin að efla þátttökulýðræði hjá Kópavogsbæ og horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í því sambandi. Sigrún María mun bera ábyrgð á stefnumörkun á sviði þátttökulýðræðis, skipuleggja íbúafundi, stýra verkefninu „Okkar Kópavogur“, sem snýr að þátttöku íbúa við ráðstöfun fjármagns til framkvæmda, og framkvæmd íbúakosninga. Sigrún María hefur undanfarin ár starfað hjá verkfræðistofunni Eflu við gerð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og hefur m.a. í þeim verkefnum séð um framkvæmd og úrvinnslu samfélagsrannsókna. Þá hefur hún starfað sem fjölmiðla- og upplýsingafulltrúi og um nokkurra ára skeið við blaða- og fréttamennsku. */MHH*



Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.
Mynd / Smári Geirsson

Síldarvinnslan:

Tók við yfir 225.000 tonnum í fyrra

Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar tóku á móti allmiklu magni af hráefni á árinu sem var að líða og verð á afurðum þeirra var þokkalegt. Búast má við samdrætti á þessu ári vegna loðnubrests.

Samtals tóku verksmiðjurnar þrjár, í Neskaupstað, Helguvík og á Seyðisfirði, á móti 225.383 tonnum af hráefni á árinu. Til samanburðar tóku þær á móti 196.697 tonnum árið 2017, 131.460 tonnum á árinu 2016 og 259.394 tonnum árið 2015.

Aukningin á mótteknu hráefni á milli áranna 2017 og 2018 stafar fyrst og fremst af auknum kolmunnaveiðum en eins ræðst móttekið hráefni verksmiðjanna á hverju ári mjög af því hve mikil loðna er veidd að því er fram kemur á heimasíðu Síldarvinnslunnar.

Umsvifamesta verksmiðjan er í Neskaupstað, þar var tekið á móti tæplega 167 þúsund tonnum á liðnu ári, ríflega 46 þúsund tonnum á Seyðisfirði og rúmlega 12 þúsund tonnum í Helguvík.

/MÞÞ

www.bbl.is

Þú gafst mér hjálp þína að skildi og hægri hönd þín studdi mig; þú beygðir þig og lyftir mér upp. Þú rýmdir til fyrir skrefum mínum.
Sálm.18.36-37
biblian.is





MAGNINNKAUP
Erum að taka niður pantanir. Landbúnaðartæki frá JANSEN í Þýskalandi. Góð vara á góðu verði.
Sendið fyrirspurnir á siggi@svansson.is
Svansson ehf - Vefverslun í 12 ár
Sími: 697-4900



Verzlunarfjelag Árneshrepps óskar eftir áhugasömum og drífandi starfsmanni til að annast daglegan rekstur nýstofnaðrar verslunar í Norðurfirði.

Starfið getur verið fjölbreytt og skemmtilegt og er hugsað sem heilsársstarf til framtíðar.
Áhugasamir hafi samband í gegnum netfangið info@verzlunarfjelag.is eða í síma 8438110 eftir kl. 17.

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
Allar gerðir startara og alternatora



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Dióðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur *í alternatora. Kol í alternatora.* Viðnám 0,25W upp 20W. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

Daggi ehf
Renni og vélaverkstæði Hveragerði

Heddviðgerðir
- *Heddplönun*
- *Heddþrýstiprufun*
- *Slípa ventla og ventlasæti*
- *Bora og hóna blokkir*
- *Vélasamsetningar*



S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði
daggi@vortex.is facebook.com/daggiehf

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is



Vantar allar gerðir fasteigna á söluskrá
bújarðir og bústaði, íbúðarhús og útihús, landspildur og lóðir.
-Traust og fagleg vinnubrögð-



Loftur Erlingsson
sölufulltrúi / nemi í löggildingarnámi fasteignasala
s.896 9565 - loftur@fasteignasalan.is

Snorri Sigurfinnsson
lögg.fasteignasali
snorri@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur • Austurvegur 26, 800 Selfoss • Sími: 512 3400

FALLEG HÚS OG FRÆGIR GARÐAR
HÖNNUN
BYGGINGA
VERKTAKA
SÉRSMÍÐI
bjornas@internet.is
8692159
facebook.com/falleghus



Til sölu DFSK C31 pallbíll
Árgerð 2017. Burðargeta 1.200 kg.
Lipur og duglegur vinnubíll, sem nýr. Verð 2.100.000 kr. +vsk.
Upplýsingar í síma 863-2548.

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Nú eru Sunward gröfurnar aftur fáanlegar, 800 kg til 35 tonn á Íslandi og eru nú fáanlegar hjá nýjum umboðsaðila.

Sunward vinnuvélar, 3ja ára ábyrgð, 10 ára reynsla á Íslandi.

Góðar vélar á góðu verði.

Vélavit
Sala - Þjónusta
s: 527 2600 - www.velavit.is

VALTRA

1994 2019

Í tilefni 25 ára afmælis Valtra á Íslandi ætlum við að vera með sérstakt afmælistilboð á Valtra dráttarvélum í apríl. Auk afsláttar gefum við ferð fyrir tvo til höfuðstöðva Valtra í Finnlandi með hverri seldri vél.



Gildir út apríl 2019

Veglegt afmælistilboð á öllum nýjum Valtra dráttarvélum!

Vélar til afgreiðslu strax með allt að

600.000 króna afslætti!

+



FERÐ FYRIR 2 TIL FINNLANDS FYLGIR HVERRI SELDRI VÉL!

Vegleg skemmtiferð til Finnlands með viðkomu í höfuðstöðvum Valtra að verðmæti

290.000

fylgir í kaupbæti. Farið verður í ágúst/september 2019.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is